

Kröfulýsingar

gagnaðila íslenska ríkisins

vegna þjóðlendumála á svæði 10B: Ísafjarðarsýslur

Mál nr. 2/2021

Fjallendi milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar

EFNISYFIRLIT

Stapadalur	3
Hrafnabjörg í Lokinhamradal	19
Lokinhamrar	35
Svalvogar	51
Höfn í Hafnardal	65
Hraun í Keldudal	79
Skálará í Keldudal	95
Saurar í Keldudal	109
Arnarnúpur í Keldudal	123
Sveinseyri við Dýrafjörð	139
Haukadalur við Dýrafjörð	153

Fylgiskjöl með kröfulýsingum fást hjá skrifstofu óbyggðanefndar.

Kort með kröfulínum málstaðila:

https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/10B_mal-2021-2_kort_krofulinur.pdf

Kröfulýsing íslenska ríkisins:

https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/10B_riki-krofulysing.pdf

Sjá einnig vefsíðu óbyggðanefndar þar sem kröfulýsingu ríkisins og kröfulýsingar gagnaðila í öllum málum á svæðinu er að finna:

https://obyggdaneftnd.is/til_medferdar/

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Stapadalur við Arnarfjörð

Kröfuna gerir/gera:

- Anika Jóna Ragnarsdóttir, kennitala 141234-4399
- Bergþóra Árný Ragnarsdóttir, kennitala 040537-3929
- Anna Skarphéðinsdóttir, kennitala 050432-7269
- Ragnar Ármannsson, kennitala 090965-3529

Fyrirsva:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild*

Jörðin Stapadalur í Arnarfirði afmarkast í heild með þeim hætti sem lýst er í Landamerkjabréfi jarðarinnar dagsett 20. júní 1884 þar sem merkjum er lýst:

Að utan milli Loðskinnhamra og Stapadals Bjargá, að innan milli Álptamýrar og Stapadals Landamerkjasker, þaðan sjónhenda í Tóuhúsholt, og þaðan sjónhenda í hlið. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum.

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Á Veturlandafjalli markast land Stapadals *að utan* af Bjargá, sem fellur í fossi ofan af Sléttubjörgum utan Skútabjarga. Þaðan á fjall upp og inn eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar að Stapadalslandi að fjallsbrún sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukadals.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins*
 - *Veturlandafjall, Skeggi*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Stapadals á Veturlandafjalli sem markast *að utan* af Bjargá, sem fellur í fossi ofan af Sléttubjörgum utan Skútabjarga. Þaðan á fjall upp og inn eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar að Stapadalslandi að fjallsbrún sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukadals.

Landið er órjúfanlegur hluti Stapadals. Kröfulínan á Veturlandafjalli markast af landi Hrafnabjarga og Haukdals. Landamerki Stapadals og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

- Landamerkjabréf Stapadals, dagsett 20. júní 1884.
- Landmerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals, dagsett 30. maí 1890.¹
- Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. dagsett 1886.
- Jarðamat 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Stapadalur í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðið *Skeggi - Veturlandafjall*. Landsvæði það sem ríkið lýsir þjóðlendukröfu sinni í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðið er því ekki utan eignarlands Stapadals og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir og landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eigenda Stapadals byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Stapadals hafa ávallt litið svo á að Veturlandafjall væri órjúfanlegur hluti jarðarinnar, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Ekkert í landamerkjalýsingu landamerkjabréfa Stapadals, Hrafnabjarga, og Haukadals gefur vísbendingu um að innri hluti Veturlandafjalls tilheyri ekki Stapadal sem eignarland og takmarkist að utan af landi Hrafnabjarga og inn til landsins af fjallsbrúnunum sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukdals.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (vætanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínunum, s.s. frambrún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendukröfulínur sínar á landslagi,

¹ Þar eru landamerki Hrafnabjarga og Stapadals sögð Stapi. Hið rétta er að landamerkin eru Bjargaáin líkt og segir í landamerkjabréfi Stapadals, dagsett 20. júní 1884.

fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðalínum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Landamerki Stapadals að utan - Bjargáin

Aðliggjandi jarðir að kröfuvæði ríkisins „Veturlandafjall - Skeggi“ eru Stapadalur, Hrafnabjörg og Haukadalur.

Landamerkjum Stapadals og Lokinhamra er lýst í landamerkjabréfi dags. 20. júní 1884. Í þeim landamerkjum er ekki minnst á orðið fjallsbrún en þar er talað um að utan séu landamerkin Bjargaá, að innan á milli Álftamýrar og Stapadals Landamerkjasker, þaðan sjónhenda í Tóuholtshús, og þaðan sjónhenda í hlið. *Til fjalla ræður vatnshalli merkjum.* Miðað við kröfur ríkisins mætti draga þá ályktun að ríkið ætti að lýsa kröfum í svæðið fyrir utan Landamerkjaskers. Af kröfum ríkisins má álykta að ríkið gæti lýst kröfum í eignarland jarðarinnar utan fjöruborðs á milli nefndra landamerkja enda netlögum ekki lýst í landamerkjabréfi. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eigenda Stapadals til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er það til fjalla en þar markast landamerkjum aðliggjandi jarða og þar ræður vatnshalli líkt og tekið er fram í landamerkjabréfinu. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Þar sem Bjargáin eru landamerki á milli Hrafnabjarga og Stapadals er ekki minnst á fjallsbrún, sem ríkið byggir kröfur sínar á. Fylgja ber Bjargánni í landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals óháð fjallsbrún. Í nefndri landamerkjaskrá Stapadals segir: „*Til fjalla ræður vatnahalli merkjum.*“ Sýnir það að landamerkin jarðanna náðu inn til fjalla. Samkvæmt þessu ættu landamerki Hrafnabjarga og Stapadals að fylgi Bjargánni en vatnahalli að öðru leyti að ráða merkjum uppi á Veturlandafjalli ofan fjallsbrúnar. Halli vötnum á Veturlandafjalli til Stapadalslands tilheyrir landið Stapadal. Halli vötnum á fjallinu til Hrafnabjargalands tilheyrir landið Hrafnabjörgum. Sjá umfjöllun um að til fjalla ráði vatnshalli merkjum hér að neðan.

Landeigendur jarðanna Hrafnabjarga og Stapadals hafa ávallt litið svo á að landamerki jarðanna sé Bjargáin, sem rennur til sjávar rétt fyrir utan Skútubjörg utan Stapa. Um það er kveðið í landamerkjaskrá Stapadals, sem er upphaflega dagsett 20. júní 1884, þar sem merkjum er lýst:

„*Að utan milli Loðkinhamra og Stapadals Bjargaá, að innan milli Álptamýrar og Stapadals Landamerkjasker, þaðan sjónhenda í Tóuhúsholt, og þaðan sjónhenda í hlið. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum.*“

Lokinhamrar eru gamla óðalsjörð Lokinhamradals og jörðin Hrafnabjörg var tekin út úr þeirri jörð samkvæmt landamerkjabók og markast hún af Lokinhamraánni sem rennur eftir samnefndum dal og Bjargánni. Það hefur verið gert á tímabilinu júní 1884 til maí 1890, sbr. landamerkjabréfi Stapadals, dags. 2 júní 1884, sem talar um Loðkinhamra. Í landamerkjabréfi Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals, dags. 30. maí 1890, er talað um jörðina Hrafnabjörg. Þegar jörðin Hrafnabjörg var tekin út úr Lokinhamrajörðinni færðust landamerkin gagnvart Stapadal ekki til þannig að jörðin Stapadalur skertist sem nemur svæðinu á milli Bjargár og Stapa.

Í Landlegubálki Jónsbókar, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið. Af bæði lýsingum Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar má sjá að Veturlandafjall er hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingum beggja sókna enda um mikilvægt atriði að ræða. Það er ekki gert. Af þessu má sjá að Skeggi-Veturlandafjall getur hvorki talist til afréttarlands né almennings og er því eignarland

með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni. Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að Skeggi-Veturlandafjall séu almenningar og er því ekki grundvöllur fyrir því að þeir séu þjóðlenda. Sjá nánari umfjöllun sóknarlýsingar og almenninga hér að neðan.

Bjargáin er ekki rétt staðsett á korti 6: Fjalllendi milli Önundarfjarðar og Arnarfjarðar, þar sem áin er sýnd fyrir innan Stapa. Bjargáin er merkt á kortið þar sem Stapáin er. Bjargáin er fyrir utan Stapa, við Sléttubjörg utan við Skútubjörg.

Á vefnum Sögur og sagnir segir Kjartan Ólafsson í kaflanum um Stapadal eftirfarandi: „*Utan við Skútubjörg taka við Sléttubjörg og ná út að allstórri gjótu í fjallshlíðinni. Um gjótuna fellur lítill lækur og á fyrri tíð var hún stundum nefnd Áragjóta. Lækjarsprænan Bjarg(a)á er utar og björgin ofan við fjöruna ná út að henni. Við Bjarg(a)á eru landamerki Stapadals og Hrafnabjarga og fyrrum var algengt að öll björgin, alveg út að merkjunum, væru nefnd Skútubjörg.*“

Kaflinn um Hrafnabjörg á sama vef byrjar eftirfarandi: „*Skammt fyrir utan landamerki Stapadals og Hrafnabjarga liggur vegarslóðinn úr fjörunni upp á Hilluháls og svo út hlíðina.*“

Skútubjörg heitir klettabeltið utan klettsins Stapa. Það hefst nokkru utan við Stapa Skútubjörg tekur nafn af þeim hluta bjargsins, þar sem skúti slútir yfir fjöruna og bilar aka undir á fjöru. Innar í bjarginu er Pétursnefið, nef skagar fram í fjöruna og sjór flæðir að á flóði. Sléttubjörg taka við af Skútubjörgum utar og enda utan við fossinn í Bjargánni sem fellur ofan af bjarginu ofan í fjöruna, þar sem akvegurinn upp á Bjarghlíðina hefst. Vegartálminn á leiðinni milli Hrafnabjarg og Stapadals eru við Skútubjörg, þar sem sæta þarf sjávarföllum.

Bjargáin eru glögg og náttúrulegu landamerki á milli jarðanna, sbr. landamerkjalog nr. 5/1882 og 1. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Ríkið byggir kröfulýsingu sína og afmörkun þjóðlendukröfulínu fyrst og fremst á afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum Stapadals, Hrafnabjarga og Haukadals. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 600-900m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Ríkið byggir á landamerkjabréfi Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals, dags. 30. maí 1890, þar sem nafn jarðarinnar Hrafnabjörg fyrst kemur fram, ekki á eldra landabréfi frá 1884, sem fjallar um landamerki jarðanna Loðkinhamra (fékk síðar nafnið Lokinhamra) og Stapadals. Eldra landamerkjabréfið frá 1884 er réttara hvað varðar landmerki Stapadals *að utan* gagnvart Lokinhömrum áður og Hrafnabjögum síðar. Það er einnig í samræmi við skilning landeigenda og rökréttara þegar litið er til Hrafnabjarga og landamerkja gagnvart Stapadal. Land Stapadals minnkaði ekki við það að Hrafnabjarga var getið í landamerkjabók í stað Lokinhamra.

Um kröfulínu ríkisins – fjallsbrún og hæðarlínur

Ríkið byggir kröfulínu sína Veturlandafjall-Skeggi á upphafspunkti sem er í fjallbrún sem er í beinni sjónhendingu í Stapa. (sjá kafla 5.2.3 bls. 159). Landamerkjum Hrafnabjarga er lýst í landamerkjabréfi dags. 30. maí 1890 og ríkið virðist byggja á. Þar er talað um beina sjónhendingu upp fjallið. Þar ekki talað um neina fjallsbrún og ekki hægt að byggja kröfulínu á henni. Sjónhending upp fjallið er ekki það sama og fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu. Fjallsbrún er heldur ekki punktur sem hægt er að byggja landamerki á heldur lína/brún sem ber við himinn séð að neðan. Ekki er hægt að byggja landamerki hér á fjallsbrún. Spurningin er hvar á fjallsbrúninni er upphafspunkturinn í kröfulýsingu ríkisins sem er í beinni sjónhendingu í Stapa? Þeirri spurningu er ósvarað.

Við Stapa er svokallað Stapasund og þaðan sést ekki upp til fjalls eða upp á fjallsbrún. Hættulegt þótti að fara upp á Stapa og var það aldrei gert. Ef miðað hefði verið við að staðið væri upp á Stapa hefði það verið tekið fram með skýrum hætti. Það er ekki gert. Ber að byggja á landamerkjabréfi frá 1884, sem að ofan er lýst, og skilningi landeigenda Hrafnabjarga og Stapadals. Jörðin Stapadalur var ekki skert þegar Hrafnabjörg voru tekin útúr óðalsjörðinni Lokinhamrar, líkt og kemur fram hér að ofan.

Í kafla 5.1 „Almennt“ í kafla 5 „Kröfulínur og röksemdir“ í kröfulýsingu ríkisins kemur fram „að þegar vísað er í fjallsbrún eða fjallsbrúnir í eftirfarandi kröfulýsingunum er átt við frambrún fjalls þar sem skörp skil eru oft í hæðarlínu s.s. frambrún kletta eða önnur skýr skil, nema annað sé tekið fram.“ Síðar segir eftirfarandi: „Þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerðinni að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja. Sé merkjum ekki lýst lengra, séu landamerkjalyningar óskýrar, séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin, í töluverðri hæð er víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði lýst þjóðlenda.“ Einnig segir að í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Segir að hæðarlína sé jafnan valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag.

Kröfugerð ríkisins í Skeggja – Veturlandafjall byggir á einu landamerki aðliggjandi jarðar, Hrafnabjarga og Stapadals, sem er rangt. Í kröfulínu ríkisins er eftir fjallsbrúnum Veturlandafjalls innst í Stapadal og að fjallsbrúnum sem liggja að fremstu daladrögum Haukdals. Hvernig fjallsbrún getur legið að fremstu daladrögum er óljóst, einnig hver eigi þá landið á milli fremstu daladraga og fjallsbrúnar. Það að byggja á einu landamerki sem er þar að auki rangt er ekki nægjanlegt til að byggja kröfugerð á.

Sum fjöll jarðanna á svæðinu eru án fjallsbrúnar líkt og henni er lýst hér að ofan, eða fjallsbrún er mjög ávöll þannig að erfitt er að staðsetja hana. Fjallið í utanverðum Stapadal heitir Veturlandafjall og fjallshlíðin dalnum utanverðum Veturlönd. Veturlandafjall hefur ekki fjallsbrún líkt og hún er skilgreind af ríkinu. Slík fjallsbrún getur ekki talist glöggt merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Hér má einnig nefna Flárnar og Hlíðarfjall í Lokinhamradal, og Dalsdalsfjall. Einnig má nefna Bringjafjall í Hokindal en ofar eru Skarðanúpur og Laugabólsfjall. Ekki er munur á þeim og t.d. Blesfjalli og Krákudal við Álftamýri innar í Arnarfirði, þar sem ríkið gerir enga kröfu.

Ríkið segir að í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Hvorki er minnst á hæðarlínu kröfugerð ríkisins né í afmörkun kröfulínu. Sjá kröfugerð á bls. 185 í kröfulýsingu ríkisins. Sjá um „þjóðlendukröfulínu“ kafla 5.2.3 (Veturlandafjall – Skeggi); kafla 5.2.4 (Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall); og kafla 5.2.5 (Tóarfjall, Hrafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn). Í öllum þessum köflum segir eftirfarandi: „Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega [ákveðin]m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.“ Í tilfelli Veturlandafjalls - Skeggi er hæðin 600-900 metrar.

Þessi hæð kemur ekki fram í kröfugerð ríkisins og er því ekki hluti af henni. Þar sem ríkið dregur kröfulínu eftir fjallsbrún en engin fjallsbrún er jafngildir það í raun skorti á kröfulínu og því vanreifun. Ekki er hægt að byggja úrskurð á kröfulínu, hér fjallsbrún, sem ekki er til staðar. Ekki er hægt að líta til hæðarlína enda ekki í kröfugerð og hinni afmörkuðu þjóðlendukröfulínu. Hæðarlína er ekki glöggt merki af völdum náttúrunnar og stenst engan veginn kröfur laga um landamerki, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Gróður og nytjar

Ríkið segir umrætt land Skeggja-Veturlandafjalls líklega gróðursnautt og lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrrannsókna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins. Veturlandafjall er ekki gróðursnautt eða berir melar. Sauðfé gekk og hefur gengið á Veturlandafjall og Skeggja fram til dagsins í dag.

Stapadalur fór í eyði árið 1955 en land jarðarinnar var nytjað frá Hrafnabjörgum sem sauðfjárbéttland og það keypt í þeim tilgangi af Guðmundi V. Ragnarssyni, bónda á Hrafnabjörgum. Búskap lauk á Hrafnabjörgum árið 1998, við andlát Sigríðar Ragnarsdóttur bónda, systur Guðmundar. Þegar búskapur var á Hrafnabjörgum gekk sauðfé á Veturlandafjall og Skeggja og muna núverandi landeigendur, sem aldir eru upp á Lokinhömrum og Hrafnabjörgum frá 1940, eftir að hafa smalað fjallið í leit að fé bæði að sumri til aftektar og haustsmölun. Sama gerir sá er þetta skrifar. Eftir að búskap lauk á Hrafnabjörgum árið 1998 hefur fé frá Kirkjubóli í Dýrafirði gengið á Stapadal og Veturlandafjall og er fjallið smalað á haustin frá Stapadal.

Veturlandafjall er yfirleitt smalað með því að fara á fjallið frá Stapadal en fyrr var einnig farið var upp Ytra-gilið á Bjargarhlíðinni og þaðan inn á Skeggja og Veturlandafjall. Fé gat komist í sjálfheldu í Skeggja sem það komist í ofan af Veturlandafjalli og í giljum Veturlandafjalls sem snúa að Arnarfirði. Dæmi voru um að sauðfé sem gekk á Veturlandafjall færi yfir í Haukadal og öfugt. Veturlandafjall var því og er enn í dag nytjað enda er fjallið órjúfanlegur hluti Stapadalsjarðarinnar og Hrafnabjarga frá Bjargarhlíð og Lokinhamradal. Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Veturlandafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadal yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfulýsinga aðliggjandi jarða.

Landnáma – Um landnám Sléttaness utan Stapa og Arnarfjarðar innan Stapa

Stapadalur var ekki í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði. Rétt er að fjalla um landnám bæði utan og innan Stapa því Veturlandafjall tilheyrir landnámi Eiríks og Stapadal eftir því sem vötnum hallar og landamerki Stapadals eru utan Stapa í Bjargá utan Skútabjarga.

Í Landnámu segir í 47. kafla um landnám hluta Arnarfjörðar, þar á meðal Langaness, eftirfarandi:²

Örn hét maður ágætur; hann var frændi Geirmundar heljarskinns; hann fór af Rogalandi fyrir ofriki Haralds konungs. Hann nam land í Arnarfirði svo vítt sem hann vildi; hann sat um veturinn á Tjaldanesi, því að þar gekk eigi sól af um skammdegi.

Örn spurði til Hámundar heljarskinns frænda síns norður í Eyjafirði, og fýstist hann þangað; því seldi hann Áni rauðfeld lönd öll milli Langaness og Stapa. Ánn gerði bú á Eyri; þar þótti Grélöðu hunangsilmur úr grasi.

Geirþjófur Valþjófsson nam land í Arnarfirði, Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð, og bjó í Geirþjófsfirði; hann átti Valgerði, dóttur Úlfs hins skjálga.

Tjaldanes, þar sem Örn landsnámsmaður sat um veturinn, er beint á móti Langanesi, hinum megin Arnarfjarðar. Örn seldi Áni rauðfeld lönd öll milli Langaness og Stapa. Inn af suðurströnd Langaness, Suðurfjarðamegin í Arnarfirði, er það landsvæðið sem nær að Geirþjófsfirði og markast af Krosseyri. Tjaldanes skagar út í fjörðinn á norðanverðri Arnarfjarðarströnd til móts við Langanes, sem skiptir

² Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109. Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

firðinum í Suðurfirði til suðurs og að norðan innar í Borgarfjörð og Dynjandisvog. Mjög góð fjarðarsýn er frá Tjaldanesi, inn fjörðinn til Dynjandi og út fjörðinn.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes³ til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadál;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadál.⁴

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁵ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁶ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadál.⁷

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendisskaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróið og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.⁸

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendisskagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttuness til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglendisspildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekki, Svalvogar og áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglendisspildu yst á Snæfellsnesi. Hálendisskaginn, fjalllend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendisskaginn og fjalllendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu

³ Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

⁴ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁵ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁶ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

⁷ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁸ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálandi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendissskaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjallendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alparnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist af Stapadal og Haukadall og af fjallendinu frá utanverðum dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendissskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendissskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.⁹ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði¹⁰ og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹¹ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyrðu Álftamýrarsókn.

Haukadalur er ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfussvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingum Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingu sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum

⁹ Sjá einnig grein eftir fyrirvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

¹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfusvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall* og *Þverfjall*; 3. *Tóarfjall*, *Hafnarhyrna*, *Helgafell*, *Skálarfjall* og *Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall* og *Seljaafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfusvæðin séu þjóðlenda.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjórsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹² og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹³

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad ríkisdala tali.“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: *“kom þá matsmönnum, eptir umráð vid sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jarðar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve móg og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvad mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og vard ending sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;“*

Síðar segir: „Matsmönnum þókti hæfa ad medalhundrad í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur ad hafa hrörnad frá því, er ad fornu hefur verid, mætti ad sannsýni metast á 12 Speciur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjóll nærfelt gjórsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og þad eru þessar jarðir:“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „Enn midur eru þessar metnar;“ Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali.“

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer ad óllu leiti saman um þær grundvallar ástædur er vid hófdu varid hafdar á nærstundanfórnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar ad því er hin lógildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri“

¹² Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹³ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfufvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúluhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadals í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúluhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹⁴ „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhrundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjálýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjálýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁵, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

¹⁴ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁵ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindals árið 1886. Við gerð landamerkjálýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfuvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistíð landamerkjálaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjälög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

*„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu.
Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending
í Örnólfsgil í fjallsbrún.
Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending
í þverlæk í fjallsbrún.“*

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands að þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgils og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera *eftir því sem vötnum hallar* til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrá jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjalög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjalaga 1917.

Landamerkjalög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjalaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fólgin, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁶ Meirhluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögnum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitrar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“

Á meðal helstu breytinga á lögnum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.¹⁷

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“ Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stápadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjálýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

¹⁶ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

¹⁷ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stápadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfufsvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrár hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögnum. Einnig er þar tekið fram í lögnum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sérstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubólss í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalandis/Kirkjubólss* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfufsvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalyking í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalysingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá

getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykka. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalyking á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjallent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalinur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einngrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- 0000000000-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Stapadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/stapadalur/>
- Sögur og sagnir – Hrafnabjörg. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hrafnabjorg/>
- Sögur og sagnir – Haukadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/haukadalur/>
- Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/lokinhamrar/>
- Sögur og sagnir – Svalvogar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32. Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>
- Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16664>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Hrafnabjörg í Lokinhamradal við Arnarfjörð.

Kröfuna gerir/gera:

- Anika Jóna Ragnarsdóttir, kennitala 141234-4399
- Bergþóra Árný Ragnarsdóttir, kennitala 040537-3929
- Höskuldur Ragnarsdóttir, kennitala 260442-4229
- Anna Skarphéðinsdóttir, kennitala 050432-7269

Fyrirsva:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulínu sem skarast
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild.*

Landamerkjabréf Stapadals No. 14 er dags. 20. júní 1884 þar sem merkjum er lýst:

Að utan milli Loðskinnhamra og Stapadals Bjargaá, að innan milli Álptamýrar og Stapadals Landamerkjasker, þaðan sjónhenda í Tóuhúsholt, og þaðan sjónhenda í hlið. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum.

Þorsteinn Benediktsson prestur undirritar landamerkjálýsinguna.

Landamerkjum Hrafnabjarga er lýst í landamerkjabréfi Lokinhamra, Salvoga, Hrafnabjarga og Stapadals No. 141, sem dags er 30. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst

Landamerkjaskrá

Kunnugt gjörst, að landamerki á milli Lokinhamra í Auðkúluhreppi og Svalvoga í Þingeyrarhreppi eru eptir gömlum máldögum úr hliðarstandi strengbergskletti niður úr fjallinu beina sjónhending í klett niður í fjöru, sem kallast „litla barð“, en að sunnan og innanverðu milli Lokinhamra og Hrafnabjarga eru landamerki áin, sem fellur eptir dalnum heilt að upptökum hennar, og þaðan beina sjónhending í fell, sem stendur fyrir miðjum dalbotninum, og kallast Sæólfsfell; milli Hrafnabjarga að innanverðu og Stapadals að utan eru landamerki í stóran standklett í fjörunni milli bæjanna, er kallaður er „Stapi“, og bein sjónhending upp fjallið.

Eignarmaðr: Lokinhamra og Hrafnabjarga: Gísli Oddsson

Eignarmaðr í Lokinhömrum: Kr. Oddsson

Fyrir hönd Guðmundu Samúelsdóttur sem eiganda að Svalvogum: FR. Wendel

Þorsteinn Benediktsson (prestr) sem umráðamaðr Stapadals.

[á spássíu] Þinglýst að Auðkúlu 30. maí 1890

Það er ekki rétt að landamerki Hrafnabjarga og Stapadals séu í Stapa, þar sem það er Bjargáin, líkt og kemur fram í landamerkjabréfinu frá 1884. Hafa ber í huga að sá er skrifar undir landamerkjaskrána

fyrir hönd Stapdals er ekki titlaður sem eigandi heldur umráðamaður Stapdals, Þorsteinn Benediktsson prestur.

Jörðin Hrafnabjörg í Arnarfirði afmarkast því í heild með eftirfarandi hætti. Að utanverðu á milli Lokinhamra og Hrafnabjarga eru landamerki Lokinhamraáin, sem fellur eftir Lokinhamradal heilt að upptökum hennar, og þaðan sjónhending í fell, sem stendur fyrir miðjum dalbotninum, og kallast Sæólfsfell. Að innanverðu milli Hrafnabjarga og Stapdals að utan eru landamerkin Bjargaáin sem fellur í fossi ofan af Sléttubjörgum utan við Skútubjörg utan Stapa.

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Hrafnabjarga á Skeggja og Veturlandafjalli milli Lokinhamradals og Bjargarhlíðar markast frá miðjum árdrögum Bjargár við fjallsbrún. Þaðan inn eftir Veturlandafjalli milli Lokinhamradals og Stapdals eftir því sem vötnum hallar að Hrafnabjargarlandi að fremstu daladrögum Haukadals.

Á Vesturlandafjalli markast Hrafnabjörg af landi Stapdals og ræður vatnahalli merkjum. Einnig af merkjum Haukadals. Landamerki Hrafnabjarga og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði jarðarinnar.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*
 - *Veturlandafjall - Skeggi*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Hrafnabjarga á Skeggja og Veturlandafjalli milli Lokinhamradals og Bjargarhlíðar sem markast frá miðjum árdrögum Bjargár við fjallsbrún. Þaðan inn eftir Veturlandafjalli milli Lokinhamradals og Stapdals eftir því sem vötnum hallar að Hrafnabjargarlandi að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukadals.

Landið er órjúfanlegur hluti Hrafnabjarga. Kröfulínan á Veturlandafjalli markast af landi Stapdals og ræður vatnahalli merkjum. Einnig af merkjum Haukdals ofan Botnhjalla. Landamerki Hrafnabjarga og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

- Landamerkjabréf Stapadals, dagsett 20. júní 1884.
- Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals, dagsett 30. maí 1890.¹
- Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. dagsett 1886.
- Jarðamat 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Hrafnabjarga í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfuvæðið *Skeggi - Veturlandafjall*. Landsvæði það sem ríkið lýsir þjóðlendukröfu sinni í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfuvæðið er því ekki utan eignarlands Hrafnabjarga og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eigenda Hrafnabjarga byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Hrafnabjarga hafa ávallt litið svo á að Skeggi-Veturlandafjall væri órjúfanlegur hluti jarðarinnar, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Ekkert í landamerkjalyýsingu landamerkjabréfa Hrafnabjarga, Stapadals og Haukadals gefur vísbindingu um að Skeggi og stærsti og ytri hluti Veturlandafjalls tilheyri ekki jörðinni Hrafnabjörg sem eignarland og takmarkist að innan af landi Stapadals og inn til landsins af fjallsbrúnunum sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukdals.

Dómur frá árinu 1537 sýnir að þá var litið á Hrafnabjörg sem hjálendu frá Lokinhömrum. Árið 1621 voru Hrafnabjörg hins vegar talin vera sérstök bújörð. Formleg ákvörðun um landamerki Hrafnabjarga og Lokinhamra var þó ekki tekin fyrr en löngu síðar því haglendi jarðanna var enn sameiginlegt árið 1710. Á árunum 1865–1902 voru Hrafnabjörg nytjuð frá Lokinhömrum. Á Hrafnabjörgum hófst búskapur á ný árið 1902.

Búskap lauk á Hrafnabjörgum árið 1998, við andlát Sigríðar Ragnarsdóttur bónda, og fór jörðin í eyði. Þegar búskapur var á Hrafnabjörgum gekk sauðfé á Veturlandafjall og Skeggja og muna núverandi landeigendur, sem aldir eru upp á Lokinhömrum og Hrafnabjörgum frá 1940, eftir að hafa smalað fjallið í leit að fé bæði að sumri til aftektar og haustsmölun. Sama gerir sá er þetta skrifar. Eftir að búskap lauk á Hrafnabjörgum hefur fé frá Kirkjubóli í Dýrafirði gengið á Veturlandafjall frá Stapadal og er fjallið smalað á haustin frá Stapadal. Sjá nánar um gróður og nytjar hér að neðan.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (vætanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og

¹ Þar eru landamerki Hrafnabjarga og Stapadals sögð Stapi. Hið rétta er að landamerkin eru Bjargaáin líkt og segir í landamerkjabréfi Stapadals, dagsett 20. júní 1884.

ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínunum, s.s. fram brún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendukröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðalínunum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Landamerki Hrafnabjarga að innan - Bjargáin

Aðliggjandi jarðir að kröfusvæði ríkisins „Veturlandafjall - Skeggi“ eru Hrafnabjörg, Stapadalur og Haukadalur.

Landamerkjum Stapadals og Lokinhamra er lýst í landamerkjabréfi dags. 20. júní 1884. Í þeim landamerkjum er ekki minnst á orðið fjallsbrún en þar er talað um að utan séu landamerkin Bjargaá, að innan á milli Álftamýrar og Stapadals Landamerkjasker, þaðan sjónhenda í Tóuholtshús, og þaðan sjónhenda í hlið. *Til fjalla ræður vatnshalli merkjum.* Miðað við kröfur ríkisins mætti draga þá ályktun að ríkið ætti að lýsa kröfum í svæðið fyrir utan Landamerkjaskers. Af kröfum ríkisins má álykta að ríkið gæti lýst kröfum í eignarland jarðarinnar utan fjöruborðs á milli nefndra landamerkja enda netlögum ekki lýst í landamerkjabréfi. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eigenda Stapadals til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er það til fjalla en þar markast landamerkjum aðliggjandi jarða og þar ræður vatnshalli líkt og tekið er fram í landamerkjabréfinu. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Þar sem Bjargáin eru landamerki á milli Hrafnabjarga og Stapadals er ekki minnst á fjallsbrún, sem ríkið byggir kröfur sínar á. Fylgja ber Bjargánni í landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals óháð fjallsbrún. Í nefndri landamerkjaskrá Stapadals segir: „*Til fjalla ræður vatnahalli merkjum.*“ Sýnir það að landamerkin jarðanna náðu inn til fjalla. Samkvæmt þessu ættu landamerki Hrafnabjarga og Stapadals að fylgi Bjargánni en vatnahalli að öðru leyti að ráða merkjum uppi á Veturlandafjalli ofan fjallsbrúnar. Halli vötnum á Veturlandafjalli til Stapadalslands tilheyrir landið Stapadal. Halli vötnum á fjallinu til Hrafnabjargalands tilheyrir landið Hrafnabjörgum. Sjá umfjöllun um að til fjalla ráði vatnshalli merkjum hér að neðan.

Landeigendur jarðanna Hrafnabjarga og Stapadals hafa ávallt litið svo á að landamerki jarðanna sé Bjargáin, sem rennur til sjávar rétt fyrir utan Skútubjörg utan Stapa. Um það er kveðið í landamerkjaskrá Stapadals, sem er upphaflega dagsett 20. júní 1884, þar sem merkjum er lýst:

„*Að utan milli Loðkinhamra og Stapadals Bjargaá, að innan milli Álftamýrar og Stapadals Landamerkjasker, þaðan sjónhenda í Tóuhúsholt, og þaðan sjónhenda í hlið. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum.*“

Lokinhamrar eru gamla óðalsjörð Lokinhamradals og jörðin Hrafnabjörg var tekin út úr þeirri jörð samkvæmt landamerkjabók og markast hún af Lokinhamraánni sem rennur eftir samnefndum dal og Bjargánni. Það hefur verið gert á tímabilinu júní 1884 til maí 1890, sbr. landamerkjabréfi Stapadals, dags. 2. júní 1884, sem talar um Loðkinhamra. Í landamerkjabréfi Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals, dags. 30. maí 1890, er talað um jörðina Hrafnabjörg. Þegar jörðin Hrafnabjörg var tekin út úr Lokinhamrajörðinni færðust landamerkin gagnvart Stapadal ekki til þannig að jörðin Stapadalur skertist sem nemur svæðinu á milli Bjargár og Stapa.

Í Landlegubálki Jónsbókar, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið. Af bæði lýsingum Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar má sjá að Veturlandafjall er hvorki

afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingum beggja sókna enda um mikilvægt atriði að ræða. Það er ekki gert. Af þessu má sjá að Skeggi-Veturlandafjall getur hvorki talist til afréttarlands né almennings og er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni. Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að Skeggi-Veturlandafjall séu almenningar og er því ekki grundvöllur fyrir því að þeir séu þjóðlenda. Sjá nánari umfjöllun sóknarlýsingar og almenninga hér að neðan.

Bjargáin er ekki rétt staðsett á korti 6: Fjalllendi milli Önundarfjarðar og Arnarfjarðar, þar sem áin er sýnd fyrir innan Stapa. Bjargáin er merkt á kortið þar sem Stapáin er. Bjargáin er fyrir utan Stapa, við Sléttubjörg utan við Skútabjörg.

Á vefnum Sögur og sagnir segir Kjartan Ólafsson í kaflanum um Stapadal eftirfarandi: „*Utan við Skútabjörg taka við Sléttubjörg og ná út að allstórri gjótu í fjallshlíðinni. Um gjótuna fellur lítill lækur og á fyrri tíð var hún stundum nefnd Áragjóta. Lækjarsprænan Bjarg(a)á er utar og björgin ofan við fjöruna ná út að henni. Við Bjarg(a)á eru landamerki Stapadals og Hrafnabjarga og fyrrum var algengt að öll björgin, alveg út að merkjunum, væru nefnd Skútabjörg.*“

Kaflinn um Hrafnabjörg á sama vef byrjar eftirfarandi: „*Skammt fyrir utan landamerki Stapadals og Hrafnabjarga liggur vegarslóðinn úr fjörunni upp á Hilluháls og svo út hlíðina.*“

Skútabjörg heitir klettabeltið utan klettsins Stapa. Það hefst nokkru utan við Stapa Skútabjörg tekur nafn af þeim hluta bjargsins, þar sem skúti slútir yfir fjöruna og bílar aka undir á fjöru. Innar í bjarginu er Pétursnefið, nef skagar fram í fjöruna og sjór flæðir að á flóði. Sléttubjörg taka við af Skútabjörgum utar og enda utan við fossinn í Bjargánni sem fellur ofan af bjarginu ofan í fjöruna, þar sem akvegurinn upp á Bjarghlíðina hefst. Vegartálminn á leiðinni milli Hrafnabjarg og Stapadals eru við Skútabjörg, þar sem sæta þarf sjávarföllum.

Bjargáin eru glögg og náttúrulegu landamerki á milli jarðanna, sbr. landamerkjalog nr. 5/1882 og 1. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Ríkið byggir kröfulýsingu sína og afmörkun þjóðlendukröfulínu fyrst og fremst á afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum Stapadals, Hrafnabjarga og Haukadals. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 600-900m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Ríkið byggir á landamerkjabréfi Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals, dags. 30. maí 1890, þar sem nafn jarðarinnar Hrafnabjörg fyrst kemur fram, ekki á eldra landabréfi frá 1884, sem fjallar um landamerki jarðanna Loðkinhamra (fékk síðar nafnið Lokinhamra) og Stapadals. Eldra landamerkjabréfið frá 1884 er réttara hvað varðar landmerki Stapadals *að utan* gagnvart Lokinhömrum áður og Hrafnabjögum síðar. Það er einnig í samræmi við skilning landeigenda og rökréttara þegar litið er til Hrafnabjarga og landamerkja gagnvart Stapadal. Land Stapadals minnkaði ekki við það að Hrafnabjarga var getið í landamerkjabók í stað Lokinhamra.

Um kröfulínu ríkisins – fjallsbrún og hæðarlínur

Ríkið byggir kröfulínu sína Veturlandafjall-Skeggi á upphafspunkti sem er í fjallbrún sem er í beinni sjónhendingu í Stapa. (sjá kafla 5.2.3 bls. 159). Landamerkjum Hrafnabjarga er lýst í landamerkjabréfi dags. 30. maí 1890 og ríkið virðist byggja á. Þar er talað um beina sjónhendingu upp fjallið. Þar ekki talað um neina fjallsbrún og ekki hægt að byggja kröfulínu á henni. Sjónhending upp fjallið er ekki það sama og fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu. Fjallsbrún er heldur ekki punktur sem hægt er að byggja landamerki á heldur lína/brún sem ber við himinn séð að neðan. Ekki er hægt að byggja landamerki hér

á fjallsbrún. Spurningin er hvar á fjallsbrúninni er upphafspunkturinn í kröfulýsingu ríkisins sem er í beinni sjónhendingu í Stapa? Þeirri spurningu er ósvarað.

Við Stapa er svokallað Stapasund og þaðan sést ekki upp til fjalls eða upp á fjallsbrún. Hættulegt þótti að fara upp á Stapa og var það aldrei gert. Ef miðað hefði verið við að staðið væri upp á Stapa hefði það verið tekið fram með skýrum hætti. Það er ekki gert. Ber að byggja á landamerkjabréfi frá 1884, sem að ofan er lýst, og skilningi landeigenda Hrafnabjarga og Stapadals. Jörðin Stapadalur var ekki skert þegar Hrafnabjörg voru tekin útúr óðalsjörðinni Lokinhamrar, líkt og kemur fram hér að ofan.

Í kafla 5.1 „Almennt“ í kafla 5 „Kröfulínur og röksemdir“ í kröfulýsingu ríkisins kemur fram „að þegar vísað er í fjallsbrún eða fjallsbrúnir í eftirfarandi kröfulýsingunum er átt við frambrún fjalls þar sem skörp skil eru oft í hæðarlínum s.s. frambrún kletta eða önnur skýr skil, nema annað sé tekið fram.“ Síðar segir eftirfarandi: „Þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerðinni að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja. Sé merkjum ekki lýst lengra, séu landamerkjalysingar óskýrar, séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin, í töluverðri hæð er víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði lýst þjóðlenda.“ Einnig segir að í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Segir að hæðarlína sé jafnan valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag.

Kröfugerð ríkisins í Skeggja – Veturlandafjall byggir á einu landamerki aðliggjandi jarðar, Hrafnabjarga og Stapadals, sem er rangt. Í kröfulínu ríkisins er eftir fjallsbrúnunum Veturlandafjalls innst í Stapadal og að fjallsbrúnunum sem liggja að fremstu daladrögum Haukdals. Hvernig fjallsbrún getur legið að fremstu daladrögum er óljóst, einnig hver eigi þá landið á milli fremstu daladraga og fjallsbrúnar. Það að byggja á einu landamerki sem er þar að auki rangt er ekki nægjanlegt til að byggja kröfugerð á.

Sum fjöll jarðanna á svæðinu eru án fjallsbrúnar líkt og henni er lýst hér að ofan, eða fjallsbrún er mjög ávöll þannig að erfitt er að staðsetja hana. Fjallið í utanverðum Stapadal heitir Veturlandafjall og fjallshlíðin dalnum utanverðum Veturlönd. Veturlandafjall hefur ekki fjallsbrún líkt og hún er skilgreind af ríkinu. Slík fjallsbrún getur ekki talist glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Hér má einnig nefna Flárnar og Hlíðarfjall í Lokinhamradal, og Dalsdalsfjall. Einnig má nefna Bringjafjall í Hokindal en ofar eru Skarðanúpur og Laugabólsfjall. Ekki er munur á þeim og t.d. Blesfjalli og Krákudal við Álftamýri innar í Arnarfirði, þar sem ríkið gerir enga kröfu.

Ríkið segir að í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Hvorki er minnst á hæðarlínu kröfugerð ríkisins né í afmörkun kröfulínu. Sjá kröfugerð á bls. 185 í kröfulýsingu ríkisins. Sjá um „þjóðlendu-kröfulínu“ kafla 5.2.3 (Veturlandafjall – Skeggi); kafla 5.2.4 (Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall); og kafla 5.2.5 (Tóarfjall, Hrafnarhryna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn). Í öllum þessum köflum segir eftirfarandi: „Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega [ákveðin]m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.“ Í tilfelli Veturlandafjalls - Skeggi er hæðin 600-900 metrar.

Þessi hæð kemur ekki fram í kröfugerð ríkisins og er því ekki hluti af henni. Þar sem ríkið dregur kröfulínu eftir fjallsbrún en engin fjallsbrún er jafngildir það í raun skorti á kröfulínu og því vanreifun. Ekki er hægt byggja úrskurð á kröfulínu, hér fjallsbrún, sem ekki er til staðar. Ekki er hægt að líta til hæðarlína enda ekki í kröfugerð og hinni afmörkuðu þjóðlendu-kröfulínu. Hæðarlína er ekki glögg merki af völdum náttúrunnar og stenst engan vegin kröfur laga um landamerki, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Gróður og nytjar

Ríkið segir umrætt land Skeggja-Veturlandafjalls líklega gróðursnautt og lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrrannsókna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins. Veturlandafjall er ekki gróðursnautt eða berir melar. Sauðfé gekk og hefur gengið á Veturlandafjall og Skeggja fram til dagsins í dag.

Stapadalur fór í eyði árið 1955 en land jarðarinnar var nytjað frá Hrafnabjörgum sem sauðfjárbeitiland og það keypt í þeim tilgangi af Guðmundi V. Ragnarssyni, bónda á Hrafnabjörgum. Búskap lauk á Hrafnabjörgum árið 1998, við andlát Sigríðar Ragnarsdóttur bónda, systur Guðmundar. Þegar búskapur var á Hrafnabjörgum gekk sauðfé á Veturlandafjall og Skeggja og muna núverandi landeigendur, sem aldir eru upp á Lokinhömrur og Hrafnabjörgum frá 1940, eftir að hafa smalað fjallið í leit að fé bæði að sumri til aftektar og haustsmölun. Sama gerir sá er þetta skrifar. Eftir að búskap lauk á Hrafnabjörgum árið 1998 hefur fé frá Kirkjubóli í Dýrafirði gengið á Stapadal og Veturlandafjall og er fjallið smalað á haustin frá Stapadal.

Veturlandafjall er yfirleitt smalað með því að fara á fjallið frá Stapadal en fyrr var einnig farið var upp Ytra-gilið á Bjargarhlíðinni og þaðan inn á Skeggja og Veturlandafjall. Fé gat komist í sjálfheldu í Skeggja sem það komist í ofan af Veturlandafjalli og í giljum Veturlandafjalls sem snúa að Arnarfirði. Dæmi voru um að sauðfé sem gekk á Veturlandafjall færi yfir í Haukadal og öfugt. Veturlandafjall var því og er enn í dag nytjað enda er fjallið órjúfanlegur hluti Stapadalsjarðarinnar og Hrafnabjarga frá Bjargarhlíð og Lokinhamradal. Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Veturlandafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadal yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfulýsinga aðliggjandi jarða.

Landnáma – Um landnám Sléttaness

Hrafnabjörg eru í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes² til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadal;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadal.³

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsur í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁴ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁵ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan

² Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

³ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁴ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁵ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadali.⁶

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendisskaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróið og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.⁷

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendisskagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttunes til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglendisspildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekki, Svalvogar og áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglendisspildu yst á Snæfellsnesi. Hálendisskaginn, fjalllend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendisskaginn og fjallendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálendi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendisskaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjallendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alparnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist af Stapadal og Haukadali og af fjallendinu frá utanverðum dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendisskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendisskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

⁶ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁷ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi**- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði**

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.⁸ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði⁹ og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹⁰ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „*svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.*“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „*Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.*“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyrðu Álftamýrarsókn.

Haukadalur er ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfussvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingu Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingu sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfussvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall* og *Þverfjall*; 3. *Tóarfjall*, *Hafnarhyrna*, *Helgafell*, *Skálarfjall* og *Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall* og *Seljafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfussvæðin séu þjóðlenda.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjórsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹¹ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹²

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „*fyrirtekið: ad meta jardir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad rikisdala tali.*“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: „*kom þá matsmönnun, eptir umráð vid sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jardar hvórrar og síðan ætla*

⁸ Sjá einnig grein eftir fyrirvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl15.tbl.2021web.pdf>

⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

¹¹ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹² Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve mór og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvað mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og varð ending sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;

Síðar segir: „Matsmönnum þókti hæfa að medalhundrað í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virðst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur að hafa hrörnad frá því, er að fornu hefur verið, mætti að sannsýni metast á 12 Speciur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjöll nærfelt gjörsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika að dalatali eru þó nokkrar metnar og það eru þessar jarðir:“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „Enn midur eru þessar metnar;“ Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „fyrirtekið: að meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp að dalatali.“

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer að óllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er við hófdu varid hafdar á nærstundanfórnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar að því er hin lógildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi að kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfuvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúluhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadalur í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhliðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúluhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹³ „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjálýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjálýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁴, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokinðals árið 1886. Við gerð landamerkjálýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfufsvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

¹³ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁴ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistíð landamerkjálaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjälög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu. Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending í Örnólfsgil í fjallsbrún. Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending í þverlæk í fjallsbrún.“

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalandis að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgils og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalandis“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera *eftir því sem vötnum hallar* til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrá jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjälög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjálaga 1917.

Landamerkjälög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjálaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fölginn, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁵ Meirhluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

¹⁵ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „*Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögunum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“*

Á meðal helstu breytinga á lögunum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „*I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“*

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.¹⁶

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „*Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“* Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjálýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfufvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrá hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögunum. Einnig er þar tekið fram í lögunum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og

¹⁶ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sjerstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubóls í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalands/Kirkjubólslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfufusvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalýsing í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalýsingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalýsing á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalínur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einangrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- 0000000000-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Hrafnabjörg. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hrafnabjorg/>
- Sögur og sagnir – Stapadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/stapadalur/>
- Sögur og sagnir – Haukadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/haukadalur/>
- Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/lokinhamrar/>
- Sögur og sagnir – Svalvogar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32. Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>
- Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16664>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Lokinhamrar í Lokinhamradal við Arnarfjörð.

Kröfuna gerir/gera:

- Anika Jóna Ragnarsdóttir, kennitala 141234-4399, vegna Lokinhamra I
- Bergþóra Árný Ragnarsdóttir, kennitala 0050537, vegna Lokinhamra I
- Höskuldur Ragnarsdóttir, kennitala 260442-4229, vegna Lokinhamra I
- Anna Skarphéðinsdóttir, kennitala 040537-3929, vegna Lokinhamra I
- Helgi Magnús Gunnarsson, kennitala 041264-5439, vegna Lokinhamra II

Fyrirsva:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulínu sem skarast
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild.*

Landamerkjum Lokinhamra er lýst í landamerkjabréfi sem þinglýst var 30. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst eftirfarandi:

Landamerki milli Lokinhamra og Salvoga eru eptir gömlum máldögum úr Hlíðarstandi stengbergskletti niður úr fjallinu beina sjónhending í klett niður í fjöru, sem kallast Litla barð, en að sunnan og innanverðu milli Lokinhamra og Hrafnabjargs eru landamerki áin, sem fellur eptir dalnum heilt að upptökum hennar, og þaðan beina sjónhending í fell, sem stendur fyrir miðjum dalbotninum, og kallast Sæólfsfell.

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Lokinhamra á fjallinu Skjöldur, Bæjarfjalli, Skútafjalli, Flánum, Hlíðarfjalli og Þverfjalli milli Lokinhamradals og Dalsdals markast *að utan* af mótum Dalsdals og Geldingadals við fjallsbrún. Þaðan í kringum botn Geldingadals eftir því sem vötnum hallar til Lokinhamralands *inn að* brún Hálfánargjár á Þverfjalli. Þaðan markast land Lokinhamra af merkjum Haukadals.

Land Lokinhamra á Tóarfjalli markast *að utan* af landi Svalvoga, sem er í sjónhendingu frá Hlíðarstandi steinbergskletti niður úr fjallinu. Þaðan inn á fjallið að landi Svalvoga og Hrauns í Keldudal, allt eftir því sem vötnum hallar að Lokinhamralandi. *Að innan* af Geldingadalshorni upp af botni Dalsdals.

Land Lokinhamra á Tóarfjalli, Skildi, Bæjarfjalli, Skútafjalli, Flánum, Hlíðarfjalli og Þverfjalli er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi Svalvoga, Hrauns og Haukdals. Landamerki Lokinhamra og aðliggjandi jarða eru einkaréttarleg mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*
 - *Skjöldur, Bæjarfjall og Þverfjall - Tóarfjall, Hrafnarhyrna [hlýtur að vera Hrafnarhyrna, sbr. kort 6]*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins í svæðin „Tóarfjall, Hrafnhyrna“ og „Skjöldur, Bæjarfjall og Þverfjall“ verði vísað frá vegna vanreifunar að því er varðar jörðina Lokinhamra og beint eignarhald Lokinhamra á nefndum svæðum verið viðurkennt.

- *Skjöldur, Bæjarfjall og Þverfjall*

Til vara:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Lokinhamra á fjallinu Skjöldur, Bæjarfjalli, Skútafjalli, Flánum, Hlíðarfjalli og Þverfjalli milli Lokinhamradals og Dalsdals, sem markast *að utan* af mótum Dalsdals og Geldingadals við fjallsbrún. Þaðan í kringum botn Geldingadals eftir því sem vötnum hallar til Lokinhamralands *inn að* brún Hálfðánargjár á Þverfjalli. Þaðan markast land Lokinhamra af merkjum Haukadals.

Landið er órjúfanlegur hluti Lokinhamra. Kröfulínan á fjallinu markast af landi Hrauns og merkjum Haukadals. Landamerki Lokinhamra og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

- *Tóarfjall*

Til vara:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Lokinhamra á Tóarfjalli sem markast *að utan* af landi Svalvoga, sem er í sjónhendingu frá Hlíðarstandi steinbergskletti niður úr fjallinu. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum. Þaðan inn á fjallið að landi Svalvoga og Hrauns í Keldudal, allt eftir því sem vötnum hallar að Lokinhamralandi. *Að innan* af Geldingadalshorni upp af botni Dalsdals.

Landið er órjúfanlegur hluti Lokinhamra. Land Lokinhamra á Tóarfjalli er upp af Dalsdalsfjalli frá utanverðum Dalsdal, sem nær frá dalbotni að Krossgili við mynni dalarins. Þaðan á Tóarfjalli að landi Svalvoga að utan og landi Hrauns í Keldudal inn á fjallinu. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum. Landamerki Lokinhamra og aðliggjandi jarða eru einkaréttarleg mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk

Til þrautarvara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

- Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
- Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
- Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.
- Landamerkjabréf dagsett 1. desember 1891, þar sem landamerkjum Hafnar er lýst.
- Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dagsett 20. maí 1886.
- Landamerkjabréf Skálará, dagsett 5. Desember 1891.
- Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
- Jarðamat 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Lokinhamrar í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðin „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“ og „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“. Landsvæðin sem ríkið lýsir þjóðlendukröfum sínum í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðin eru því ekki utan eignarlands Lokinhamra og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eigenda Lokinhamra byggja á því að eignarhald á landi á svæðunum sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Lokinhamra hafa ávallt litið svo á að „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“ og „*Tóarfjall*“ væru órjúfanlegir hlutar jarðarinnar, sbr. kröfugerð og kröfulíni á korti. Ekkert í landamerkjálýsingu landamerkjabréfa Lokinhamra og aðliggjandi jarða gefa vísbendingu um að „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“ og „*Tóarfjall*“ tilheyri ekki Lokinhömrum sem eignarland. Eignarland Lokinhamra á fyrrnefndu fjöllum takmarkast af landi Hrauns og af fjallsbrúnum sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukdals. Eignarland Lokinhamra á Tóarfjalli takmarkast af landi Svalvoga og Hrauns.

Lokinhamradalur fór í eyði um árið 2000, þegar Sigurjón Jónasson bóndi hætti búskap á Lokinhömrum II en hann bjó á Aðalbóli, sem var annað grasbýla Lokinhamra. Hitt var Garðstaðir. Árið 1998 lauk búskap lauk á Lokinhömrum I og Hrafnabjörgum, við andlát Sigríðar Ragnarsdóttur bónda, og fór jörðin í eyði. Íbúðarhúsið var á Hrafnabjörgum.

Þegar búskapur var í Lokinhamradal gekk sauðfé á *Tóarfjall* og *Skútafjall*, *Flárnar* og *Þverfjall*, sem tilheyra kröfusvæðinu *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*. Muna núverandi landeigendur, sem aldir eru upp á Lokinhömrum og Hrafnabjörgum frá 1940, eftir að hafa smalað fjöllin í leit að fé bæði að sumri til aftektar og haustmölun. Sama gerir sá er þetta skrifar.

Sjá nánar um gróður og nytjar hér að neðan. Þar er fjallað sérstaklega um nytjar Lokinhamra á Tóarfjalli og fjöllum Lokinhamradals.

Í landamerkjum Lokinhamra og Svalvoga er lýst í landamerkjabréfi dags. 30. maí 1890. Í þeim landamerkjum er ekki minnst á orðið fjallsbrún en þar er talað um Hlíðarstand stenbergskletti niður úr fjallinu beina sjónhendingu í kletti niður í fjöru, sem kallast Litla barð. Miðað við kröfur ríkisins mætti álykta að ríkið ætti að lýsa kröfum í svæðið fyrir utan Litla barð í fjörunni. Því svæði er ólýst í landamerkjabréfinu. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eigenda Lokinhamra til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er til fjalla en þar markast land af landi aðliggjandi jarða. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals, er farin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Heiðin, sem er þjóðleið á milli dalanna er hestfær og farið var með sláturfé yfir heiðina áður en vegur kom fyrir annesið árið 1974. Þessum landamerkjum á Lokinhamraheiði er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (væntanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínunum, s.s. frambrún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendukröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðarlínunum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Upphafspunktur ríkisins á kröfusvæðinu Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall

Upphafspunktur í kröfulýsingu ríkisins fyrir kröfusvæðið *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall* er í Tóarfjalli. Af þessum ástæðum er þess krafist að kröfu ríkisins í svæðið verði vísað frá. Hér er um grundvallaratriði í kröfugerð ríkisins að ræða sem ekki verður bætt úr á síðari stigum sem varðar frávísun.

Í umfjöllun um nefnt kröfusvæði í kröfulýsingu ríkisins er aldrei minnst á Lokinhamra. Ekki er fjallað um Lokinhamra sem aðliggjandi jörð kröfusvæðisins. Sjá kafla 4.1.5 í kröfulýsingu ríkisins. Einnig er aldrei minnst á svæðið út með Dalsdal (Dalsdalsfjall) og Tóarfjall, hvorki í umfjöllun um kröfulínur og í kröfugerð. Hér er því sleppt stærstum hluta kröfusvæðisins, Tóarfjalli. Sjá svæðið *Tóarfjall, Hrafnhyrna* á kröfulínukorti 6: Fjalllendi milli Önundarfjarðar og Arnarfjarðar. Þessi mikla vanreifun í kröfulýsingu ríkisins á að leiða til frávísunar.

Kröfulína ríkisins á Tóarfjalli án Lokinhamra

Ríkið gerir ekki ráð fyrir að Lokinhamrar eigi land að Tóarfjalli og endurspeglast það í kröfugerð ríkisins um að þjóðlenda sé innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

*Upphafspunktur er í Hafnarskarði sem ræður merkjum Salvoga og Hafnar (1).
Þaðan ráða fjallsbrúnir í fjallsbrún sem er í sjónhendingu í uppsprettu lækjar*

innan til við Ófærunef sem ræður merkjum Hafnar og Hrauns (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hundhornsgjótu sem ræður merkjum Hrauns og Skálarár (3). Þaðan í fjallsbrún sem er í sjónhendingu í merkisstein í Hvilftarbrekkum, sem ræður merkjum Skálarár og Saura (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum um Geldingshorn og í upphafspunkt.

Ríkið dregur kröfulínu frá óljósum punkti (4) í Keldudal í Dýrafirði eftir fjallsbrún í upphafspunkt í Hafnarskarði í Dýrafirði. Ekkert fjallað um kröfulínuna í Arnarfirði, hvorki í Dalsdal né Tóarfjalli. Ekkert er fjallað um Lokinhamra, landstærstu jörð Tóarfjalls. Ríkið gerir kröfu í Tóarfjall án þess að minnst á Tóarfjall. Tóarfjall er heildarheiti fjallsins milli Dalsdals að Hafnardal.

Þessi mikla vanreifun í kröfugerð á að leiða frávísunar hvað varðar Lokinhamra. Eignarhald á Tóarfjalli yrði þá með sama hætti og verið hefur frá landnámi.

Um kröfulínu ríkisins – fjallsbrún og hæðarlínur

Í kafla 5.1 „Almennt“ í kafla 5 „Kröfulínur og röksemdir“ í kröfulýsingu ríkisins kemur fram „að þegar vísað er í fjallsbrún eða fjallsbrúnir í eftirfarandi kröfulýsingunum er átt við frambrún fjalls þar sem skörp skil eru oft í hæðarlínunum s.s. frambrún kletta eða önnur skýr skil, nema annað sé tekið fram.“ Síðar segir eftirfarandi: „Þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerðinni að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja. Sé merkjum ekki lýst lengra, séu landamerkjalyðingar óskýrar, séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin, í töluverðri hæð er víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði lýst þjóðlenda.“ Einnig segir að í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Segir að hæðarlína sé jafnan valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag.

Sum fjöll Lokinhamra eru án fjallsbrúnar líkt og henni er hér lýst, eða fjallsbrún er mjög ávöll þannig að erfitt er að staðsetja hana. Hér má nefna Flárnar og Hlíðarfjall í Lokinhamradal, og Dalsdalsfjall. Einnig má nefna Bringjafjall í Hokindal en ofar eru Skarðanúpur og Laugabólsfjall. Ekki er munur á þeim og t.d. Blesfjalli og Krákudal við Álftamýri innar í Arnarfirði, þar sem ríkið gerir enga kröfu.

Í kröfugerð sinni í „Tóarfjall, Hafnarhyrnu, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn“ dregur ríkið kröfulínu frá fjallsbrún sem er í sjónhendingu í merkisstein í Hvilftarbrekkum í Keldudal, sem ræður merkjum Skálarár og Saura (4), þaðan eftir fjallsbrúnum um Geldingarhorn innar í Keldudal í upphafspunkt í Hafnarskarði í Dýrafirði, sem ræður merkjum Svalvoga og Hafnar. Hér er hluti leiðarinnar án fjallsbrúnar skv. skilgreiningu ríkisins. Það er í Dalsdalsfjalli í utanverðum Dalsdal. Í Bæjarfjalli er kröfulína dregin frá upphafspunkti, sem er punktur í Tóarfjalli (rangt fjall), eftir fjallsbrúnum fram Lokinhamradal í landamerki Haukadals á fjallsbrúnum Þverfjalls. Flárnar og Hlíðarfjall hafa ekki fjallsbrún líkt og hún er skilgreind af ríkin hér að ofan. Fyrir utan grundvallargalla um upphafspunkt í röngu fjalli þá er kröfulína ríkisins hér ekki eftir fjallsbrún, sbr. skilgreining ríkisins. Nefndar fjallsbrúnir geta ekki talist glöggt merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Ríkið segir að í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Hvorki er minnst á hæðarlínu í kröfugerð ríkisins né í afmörkun kröfulínu. Sjá um „þjóðlendu-kröfulínu“ kafla 5.2.3 (Veturlandafjall – Skeggi); kafla 5.2.4 (Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall); og kafla 5.2.5 (Tóarfjall, Hrafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn). Í öllum þessum köflum segir eftirfarandi:

„Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfussvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega [ákveðin]m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.“

Í tilfelli *Bæjarfjalls* er hæðin rúmlega 600m. Í tilfelli *Tóarfjalls* er hæðin rúmlega 450-810m hæð. Þessar hæðir koma hvorki fram í lýsingu þjóðlendukröfulínu né kröfugerða og því ekki hluti af henni. Þar sem ríkið dregur kröfulínu eftir fjallsbrún en engin fjallsbrún samkvæmt skilgreiningu ríkisins er ekki til staðar jafngildir það skorti á kröfulínu og því vanreifun. Ekki er hægt byggja úrskurð á kröfulínu, hér fjallsbrún, sem ekki er til staðar. Engan vegin er hægt að líta til hæðarlína við afmörkun þjóðlendukröfulínu og þar með þjóðlendu. Hæðarlína er ekki glögg merki af völdum náttúrunnar og stenst engan vegin kröfur laga um landamerki, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfussvæðin „*Bæjarfjall/Skjöldur Þverfjall*“ og „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ séu líklega gróðursnautt og lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrannsókna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Eftir að búskap lauk í Lokinhamradal um 2000 hefur sauðfé frá Hólum í Dýrafirði verið í högum og beitolandi Lokinhamra. Sauðfé hefur gengið á *Tóarfjall* og í *Flárnar, Hlíðarfjall*, sem eru framan *Indriðaskriðugilsins*, sem og inn á *Þverfjall*. Dæmi voru um að fé frá Lokinhömrum hafi farið yfir í *Haukdal* frá Lokinhamradal og yfir í *Keldudal* frá *Dalsdal* og öfugt. *Tóarfjall* er enn smalað. Fyrr á tímum þurfti að setja girðingar að ofan frá *Tóarfjalli* svo sauðfé færi ekki í sjálfheldu klettum og þræðingu fjallsins, t.d. á stöðum líkt og *Tóin* og *Hvammurinn*. *Tóarfjall* er enn smalað í haustsmölun að hluta að minnsta kosti skv. upplýsingum frá smölum og er þá farið upp *Krossgili* yst í *Dalsdal* eða inn á *Dalsdal*.

Sauðfé gekk og hefur gengið á *Tóarfjall*. Í dag gengur fé frá Hólum í Dýrafirði inn í Lokinhamradal á svæðið utan *Haukdals* inn fyrir Lokinhamradal og inn á *Bjargarhlíð*. Sauðfé frá *Kirkjubóli* í *Kirkjubólsdal* í Dýrafirði gengur frá *Fossdal* fram á *Stapadal* og út með *Bjargarhlíð* og í Lokinhamradal. Hluti *Tóarfjalls* er smalaður í haustsmölun og er þá farið upp *Krossgili* yst í *Dalsdal* eða fremst í dalnum. *Veturlandafjall* er smalað að hausti frá *Stapadal*.

Til landkosta Lokinhamra var áður talin hin hið mikla hvannstöð í Lokinhamrató, yst í landareigninni í *Tóarfjalli*. Í Lokinhamrató áttu a.m.k. þrjár kirkjur rétt til hvannskurðar. Bændur á Lokinhömrum voru oft auðugir vegna landkosta jarðarinnar. Ofar Lokinhamrató í *Tóarfjalli* og beint upp af henni er önnur tó sem á síðari tímum hefur verið nefnd *Hraunstó*. Ætla má að hún sé kennd við *Hraun* í *Keldudal* í Dýrafirði og er líklegt að sú jörð eða *Hraunskirkja* hafi átt þarna ítak um lengri eða skemmri tíma.¹ Af þessum má sjá að miklar nytjar voru af *Tóarfjalli* fyrir *Hraunskirkju* í *Keldudal* í Dýrafirði og hefur töluverður samgangur við á milli *Keldudals* og Lokinhamra yfir fjallið. Sauðfé gekk á *Tóarfjall* frá *Keldudal* og Lokinhömrum frá *Dalsdal* og dæmi um að fé færi yfir fjallið líkt og áður er getið. Ekki er útilokað að fé hafi gengið á *Tóarfjall* frá *Hafnardal*, og þá upp af dalnum fyrir botni innanverðum.

Heimildir eru fyrir því að Lokinhamrató hafi verið nýtt „allt fram yfir 1860“ og er sú staðhæfing ekki talin fjarri lagi. Sóttu menn hana frá „nálægum og fjarlægum bæjum“ hvannir í þessa merkilegu Tó og sem var „stærsta og fegursta hvannstöð á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað“. Í Lokinhamrató er fært

¹ Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

úr Tóargili og nærri lætur að hæð klettanna neðan við hana sé 30 faðmar. Í efri tóna, sem nú er nefnd Hraunstó, verður að síga en ofan í hana eru aðeins nokkrir metrar frá fjallsbrúninni. Ætla má að hvannir sem skornar voru í neðri tónni hafi verið látnar síga niður fyrir klettana en þær sem sóttar voru í efri tóna hafi verið hífðar upp á brún.

Af þessu má sjá að tóin var að nýtt að hluta að minnsta kosti frá fjallsbrún eða ofan af fjallstoppi Tóarfjall enda hann órjúfanlegur hluti Lokinhamrajarðarinnar.

Tvímælalaust er að þrjár af kirkjunum fjórum í Arnarfirði áttu hvannskurðarrétt í Lokinhamrató, Álftamýrarkirkja, Rafnseyrarkirkja og Selárdalskirkja en tó þessi var stundum nefnd Neðri-Tó á fyrri tíð. Í máldögum frá 16. öld er tekið fram að kirkjan á Álftamýri eigi „búnautnar hvannskurð“ í Lokinhamrató en kirkjan í Selárdal „tölf hjóna hvannskurð“. Þau orð gefa til kynna að fólki prestsins á Álftamýri hafi verið gert að miða hvannatekjuna við heimilisþarfir en guðsmaðurinn í Selárdal hafi mátt láta tólf vinnuhjú sín starfa hér að hvannskurði frá morgni til kvölds, einn dag á ári. Fólk frá öðrum bæjum mun einnig hafa skorið hvannir í Tónni og fengið til þess leyfi hjá húsráðendum í Lokinhömrum.

Gísli Oddsson í Lokinhömrum var einn auðugasti bóndi á Vestfjörðum um sína daga. Vorið 1896 keypti hann Akureyjar á Breiðafirði og fluttist þangað sextugur að aldri en kom aftur í Arnarfjörð sex árum síðar og settist að á Hrafnabjörgum er þá höfðu lengi verið nytjuð af Lokinhamrafólki. Dalsdalur var á fyrri öldum sérstök bújörð, 12 hundruð að dýrleika, en á árunum 1621 til 1658 var hún lögð undir Lokinhamra. Líklegt er að bærinn hafi fallið í eyði á sextánda öld. Af þessu má sjá að Tóarfjall og fjallendi utanverðs Lokinhamradalar var veigamikill þáttur í landkostum Lokinhamra.²

Um Tóarfjall ritar Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn í örnefnalýsingu í júlí 1953:³

«Fyrir botni Hafnardal eru Dalbotnshillur. Að vestanverðu eru þessi fjöll: Fremst Lambavegur tekur við af Dalbotnshillum; það eru greiðfær klettabelti. Liggur götuslóði um þau upp á brú á Tóarfjalli. Tóarfjal er nokkuð breitt og langt fjall, sem nær alla leið vesturað Dalsdal í Lokinhamralandi. Grösugt er það nokkuð. Viða er þakið gamburmost og gnægð var þar fjallagrasa fyrrum. Gengið var þaðan árlega til grasa fram eftir búskaparárum foreldra minna.» «Foreldrar mínir fluttust að Höfn 1890 og bjuggu þar til 1922.»

Hafnardalur, sem er ofan bæjarhúsanna í Höfn, er smalaður og þaðan getur fé gengið á Tóarfjall úr botni dalsins að vestanverðu. Hafnarhyrna,⁴ norðurendi Tóarfjalls, er vestan Hafnards. Hinum megin við dalinn er Helgafell (um 550 m.y.s.) og skilur að Hafnardal og Keldudal. Seltóftir eru í austanverðum Hafnardal en úr vestanverðum dalnum, framan við Hafnarhyrnu, var farið um Lambaveg til grasa upp á Tóarfjall. Um aldamótin 1900 voru slíkar grasaferðir enn farnar á hverju ári frá Höfn.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadal. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshlíðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrr á tímum. Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt.

² Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

³ Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.

⁴ Væntanlega það fjall sem kallað er Hrafnarhyrna í kröfúlýsingu ríkisins.

Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfussvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfussvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám Sléttaness

Lokinhamrar eru í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes⁵ til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadal;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadal.⁶

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁷ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁸ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadal.⁹

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendissskaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróið og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.¹⁰

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendissskagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttuness til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglendissspildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekkur, Svalvogar og

⁵ Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

⁶ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁷ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁸ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

⁹ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

¹⁰ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglendissspildu yst á Snæfellsnesi. Hálendissskaginn, fjalllend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendissskaginn og fjallendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálendi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendissskaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjallendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alparnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist af Stapadal og Haukadall og af fjallendinu frá utanverðum dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendissskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendissskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.¹¹ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði¹² og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹³ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyrðu Álftamýrarsókn.

Haukadallur er ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfussvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

¹¹ Sjá einnig grein eftir fyrirvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

¹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

Af lýsingum Álfamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingum sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunsóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álfamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur því ekki fært rök fyrir að kröfusvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*; 3. *Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall og Seljafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er því fyrir að úrskurðað sé að kröfusvæðin séu þjóðlenda.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjórsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹⁴ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹⁵

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad ríkisdala tali.“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: „*kom þá matsmönnum, eptir umráð vid sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jarðar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve móg og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvad mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og vard ending sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;*“

Síðar segir: „*Matsmónnum þókti hæfa ad medalhundrad í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virdst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur ad hafa hrörnad frá því, er ad fornu hefur verid, mætti ad sannsýni metast á 12 Specíur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjóll nærfelt gjórsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og þad eru þessar jarðir:*“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „*Enn midur eru þessar metnar;*“ Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „fyrirtekið: *ad meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali.*“

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„*Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmónnum hjer ad óllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er vid hófdu varid hafdar á nærstundanfórnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar ad því er hin lógildta bókin hermir.*“

¹⁴ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹⁵ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfussvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúluhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadalsur í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúluhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹⁶ „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjalyýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjalyýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁷, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.

¹⁶ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁷ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindals árið 1886. Við gerð landamerkjálýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfufusvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistið landamerkjálaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjálög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

*„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu.
Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending
í Örnólfsgil í fjallsbrún.
Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending
í þverlæk í fjallsbrún.“*

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgils og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera *eftir því sem vötnum hallar til hvors lands*.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrár jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjalög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjalaga 1917.

Landamerkjalög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjalaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fölginn, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁸ Meirihluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitrar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“

Á meðal helstu breytinga á lögum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.¹⁹

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“ Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjalýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

¹⁸ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

¹⁹ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfusvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrár hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögnum. Einnig er þar tekið fram í lögnum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sérstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubólss í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalandis/Kirkjubólsslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfusvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalyking í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalysingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá

getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalyking á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjallent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalínur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einngrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- oooo000oooo-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/lokinhamrar/>
- Sögur og sagnir – Hrafnabjörg. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hrafnabjorg/>
- Sögur og sagnir – Stapadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/stapadalur/>
- Sögur og sagnir – Svalvogar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
- Guðrún S. Magnúsdóttir, Reykjavík, 9. desember 1983. Örnefnastofnun, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Auðkúluhreppur, Lokinhamrar. Stimlað 13. desember 1983.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16616>
- Örnefnaskrá Lokinhamra. Ari Gíslason, skrásetjari. Örnefnastofnun.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16615>
- Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16664>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Svalvogar

Kröfuna gerir/gera:

- Þorvaldur Jón Ottósson, kennitala 091140-4469

Fyrirsvar:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- *Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast*
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild.*

Landamerkjum Svalvoga er lýst í landamerkjabréfi No 141 dagsettu 30. maí 1890, þar sem merkjum er lýst eftirfarandi:

Kunnugt gjörist, að landamerki á milli Lokinhamra í Auðkúluhreppi og Svalvoga í Þingeyrarhreppi eru eptir gömlum máldögum úr hliðarstandi strengbergskletti niður úr fjallinu beina sjónhending í klett niður í fjöru, sem kallast „litla barð“,

Landamerkjum Svalvoga er lýst í landamerkjabréfi No 200 dagsettu 1. desember 1891, þar sem merkjum er lýst eftirfarandi:

Kunnugt gjörist: Að landamerki á millum Svalvoga í Þingeyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu eru að innanverðu, milli þeirra og Loðkinnhamra, í Hliðarstand í fjallinu, bein sjónhending í klett í fjöru, sem kallast „Litla barð“, en að norðanverðu, milli Svalvoga og Hafnar, úr Kögurþúfu bein sjónhending í Hafnarskarð í fjallinu.
Loðkinnhömrum 1. dec. 1891

Landamerkjum Hafnar í Hafnardal er lýst í öðru landamerkjabréfi No 203. dagsettu 1. desember 1891, þar sem merkjum er lýst eftirfarandi:

Landmerki téðrar jarðar [Hafnar í Hafnardal] eru að utan (vestan), milli Hafnar og Svalvoga, í Kögurþúfu við sjóinn og þaðan sjónhendingu í Hafnarskarð á fjalli uppi. —

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Svalvoga á Hafnarhyrnu, Bæjarnúp og Tóarfjalli markast *að utan* af Hafnarskarði. Þaðan inn eftir Hafnarhyrnu og Bæjarnúp, inn á Tóarfjall ofan botns Hafnards og síðan inn eftir Tóarfjalli eftir því sem vötnum hallar til Svalvogalands. *Að innan* af landi Lokinhamra, sem er við fjallbrún sjónhending frá Hliðarstandi strengbergskletti niður úr fjallinu.

Land Svalvoga á Hafnarhrynu, Bæjarnúpi og Tóarfjalli er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi Hafnar, Hrauns og Lokinhamra. Landamerki Svalvoga og aðliggjandi jarða eru einkaréttarleg mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði jarðarinnar.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*
 - *Tóarfjall, Hafnarhryna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn.*

- *Tóarfjall, Bæjarnúpur og Hafnarhryna*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Svalvoga á Hafnarhrynu, Bæjarnúpi og Tóarfjalli sem markast að utan af Hafnarskarði. (1) Þaðan inn eftir Hafnarhrynu og Bæjarnúp, inn á Tóarfjall ofan botns Hafnards og síðan inn eftir Tóarfjalli eftir því sem vötnum hallar til Svalvogalands. Að innan af landi Lokinhamra, sem er við fjallbrún sjónhending frá Hlíðarstandi stengbergskletti niður úr fjallinu.

Landið er órjúfanlegur hluti Svalvoga. Kröfulínan á fjallinu markast af landi Hafnar, Hrauns og Lokinhamra. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum. Landamerki Svalvoga og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

1. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dagsett 20. maí 1886.
2. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
3. Landamerkjabréf Skálará, dagsett 5. Desember 1891.
4. Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
5. Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.
6. Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
7. Landamerkjabréf dagsett 1. desember 1891, þar sem landamerkjum Hafnar er lýst.
8. Jarðamat 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Eldra nafn á Svalvogum er Selvogar.

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Svalvoga í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðið „Tóarfjall, Hafnarhryna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn“. Landsvæðið

sem ríkið lýsir þjóðlendukröfu sinni í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðið er því ekki utan eignarlands Svalvoga og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eiganda Svalvoga byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Svalvoga hafa ávallt litið svo á að kröfusvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ sé órjúfanlegur hlutar jarðarinnar. Ekkert í landamerkjalyýsingu landamerkjabréfa Svalvoga og aðliggjandi jarða gefur vísbendingu um að kröfusvæðið tilheyri ekki Svalvogum sem eignarland, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Eignarland Svalvoga á Tóarfjalli, Bæjarnúpi og Hafnarhyrnu takmarkast af landi Lokinhamra og Hafnar.

Árið 1978 fluttust síðustu íbúarnir frá Svalvogum en þá þurfti ekki lengur fólk til að sinna vitanum sem var reistur árið 1920. Árið 1905 settust hjón að í Svalvogum en þau og þeirra niðjar stóðu fyrir búi allt til ársins 1976. Þeim búnaðist vel í Svalvogum en var þar flest með fornu lagi á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Kirkjusókn áttu Svalvogamenn að Hrauni í Keldudal.

Í landamerkjum Lokinhamra og Svalvoga er lýst í landamerkjabréfi dags. 30. maí 1890. Í þeim landamerkjum er ekki minnst á orðið fjallsbrún en þar er talað um Hlíðarstand stenbergsklett niður úr fjallinu beina sjónhendingu í klett niður í fjöru, sem kallast Litla barð. Landamerki á *milli Hafnar og Hrauns, er í berg uppsprettu læk innan til við Ófærunef, og þaðan sjónhendingu í fjall upp*.

Af kröfum ríkisins má álykta að ríkið gæti lýst kröfum í eignarland jarðarinnar utan fjöruborðs á milli nefndra landamerkja enda netlögum ekki lýst í landamerkjabréfi. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eiganda Svalvoga til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er til fjalla en þar markast land af landi aðliggjandi jarða. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (væntanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínunum, s.s. fram brún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendukröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðarlínunum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfusvæðið „Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn“ séu líklega gróðursnautt og lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrannsókna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Eftir að búskap lauk í Lokinhamradal um 2000 hefur sauðfé frá Hólum í Dýrafirði verið í högum og beitolandi Lokinhamra. Sauðfé hefur gengið á Tóarfjall. Dæmi voru um að fé frá Lokinhömrum hafi farið yfir í Keldudal frá Dalsdal og öfugt. Tóarfjall er enn smalað. Fyrr á tímum þurfti að setja girðingar að ofan frá Tóarfjalli svo sauðfé færi ekki í sjálfheldu klettum og þræðingu fjallsins, t.d. á stöðum líkt og Tóin og Hvammurinn. Tóarfjall er enn smalað í haustsmölun að hluta að minnsta kosti skv. upplýsingum frá smölum og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða inn á Dalsdal.

Sauðfé gekk og hefur gengið á Tóarfjall. Í dag gengur fé frá Hólum í Dýrafirði inn í Lokinhamradal á svæðið utan Haukdals inn fyrir Lokinhamradal og inn á Bjargarhlíð. Sauðfé frá Kirkjubóli í Kirkjubólsdal í Dýrafirði gengur frá Fossdal fram á Stapadal og út með Bjargarhlíð og í Lokinhamradal. Hluti Tóarfjalls er smalaður í haustsmölun og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða fremst í dalnum. Veturlandafjall er smalað að hausti frá Stapadal.

Til landkosta Lokinhamra var áður talin hin hið mikla hvannstóð í Lokinhamrató, yst í landareigninni í Tóarfjalli. Í Lokinhamrató áttu a.m.k. þrjár kirkjur rétt til hvannskurðar. Bændur á Lokinhömrum voru oft auðugir vegna landkosta jarðarinnar. Ofar Lokinhamrató í Tóarfjalli og beint upp af henni er önnur tó sem á síðari tímum hefur verið nefnd Hraunstö. Ætla má að hún sé kennd við Hraun í Keldudal í Dýrafirði og er líklegt að sú jörð eða Hraunskirkja hafi átt þarna ítak um lengri eða skemmri tíma.¹

Af þessum má sjá að miklar nytjar voru af Tóarfjalli fyrir Hraunskirkju í Keldudal í Dýrafirði og hefur töluverður samgangur við á milli Keldudals og Lokinhamra yfir fjallið. Sauðfé gekk á Tóarfjall frá Keldudal og Lokinhömrum frá Dalsdal og dæmi um að fé færi yfir fjallið líkt og áður er getið. Ekki er útilokað að fé hafi gengið á Tóarfjall frá Hafnardal, og þá upp af dalnum fyrir botni innanverðum.

Heimildir eru fyrir því að Lokinhamrató hafi verið nýtt „allt fram yfir 1860“ og er sú staðhæfing ekki talin fjarri lagi. Sóttu menn hana frá „nálægum og fjarlægum bæjum“ hvannir í þessa merkilegu Tó og sem var „stærsta og fegursta hvannstóð á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað“. Í Lokinhamrató er fært úr Tóargili og nærri lætur að hæð klettanna neðan við hana sé 30 faðmar. Í efri tóna, sem nú er nefnd Hraunstö, verður að síga en ofan í hana eru aðeins nokkrir metrar frá fjallsbrúninni. Ætla má að hvannir sem skornar voru í neðri tónni hafi verið látnar síga niður fyrir klettana en þær sem sóttar voru í efri tóna hafi verið híðar upp á brún.

Af þessu má sjá að tóin var að nýtt að hluta að minnsta kosti frá fjallsbrún eða ofan af fjallstoppi Tóarfjall enda hann órjúfanlegur hluti Lokinhamrajarðarinnar.

Tvímælalaust er að þrjár af kirkjunum fjórum í Arnarfirði áttu hvannskurðarrétt í Lokinhamrató, Álftamýrarkirkja, Rafnseyrarkirkja og Selárdalskirkja en tó þessi var stundum nefnd Neðri-Tó á fyrri tíð. Í máldögum frá 16. öld er tekið fram að kirkjan á Álftamýri eigi „búnautnar hvannskurð“ í Lokinhamrató en kirkjan í Selárdal „tölf hjóna hvannskurð“. Þau orð gefa til kynna að fólki prestsins á Álftamýri hafi verið gert að miða hvannatekjuna við heimilisþarfir en guðsmaðurinn í Selárdal hafi mátt

¹ Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

láta tólf vinnuhjú sín starfa hér að hvannskurði frá morgni til kvölds, einn dag á ári. Fólk frá öðrum bæjum mun einnig hafa skorið hvannir í Tónni og fengið til þess leyfi hjá húsráðendum í Lokinhömrum.

Gísli Oddsson í Lokinhömrum var einn auðugasti bóndi á Vestfjörðum um sína daga. Vorið 1896 keypti hann Akureyjar á Breiðafirði og fluttist þangað sextugur að aldri en kom aftur í Arnarfjörð sex árum síðar og settist að á Hrafnabjörgum er þá höfðu lengi verið nytjuð af Lokinhamrafólki. Dalsdalur var á fyrri öldum sérstök bújörð, 12 hundruð að dýrleika, en á árunum 1621 til 1658 var hún lögð undir Lokinhamra. Líklegt er að bærinn hafi fallið í eyði á sextánda öld. Af þessu má sjá að Tóarfjall og fjalllendi utanverðs Lokinhamradalar var veigamikill þáttur í landkostum Lokinhamra.²

Um Tóarfjall ritar Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn í örnefnalýsingu í júlí 1953:³

«Fyrir botni Hafnardal eru Dalbotnshillur. Að vestanverðu eru þessi fjöll: Fremst Lambavegur tekur við af Dalbotnshillum; það eru greiðfær klettabelti. Liggur götuslóði um þau upp á brú á Tóarfjalli. Tóarfjal er nokkuð breitt og langt fjall, sem nær alla leið vesturað Dalsdal í Lokinhamralandi. Grösugt er það nokkuð. Viða er þakið gamburmost og gnægð var þar fjallagrasa fyrrum. Gengið var þaðan árlega til grasa fram eftir búskaparárum foreldra minna.» «Foreldrar mínir fluttust að Höfn 1890 og bjuggu þar til 1922.»

Hafnardalur, sem er ofan bæjarhúsanna í Höfn, er smalaður og þaðan getur fé gengið á Tóarfjall úr botni dalsins að vestanverðu. Hafnarhyrna,⁴ norðurendi Tóarfjalls, er vestan Hafnardals. Hinum megin við dalinn er Helgafell (um 550 m.y.s.) og skilur að Hafnardal og Keldudal. Seltóftir eru í austanverðum Hafnardal en úr vestanverðum dalnum, framan við Hafnarhyrnu, var farið um Lambaveg til grasa upp á Tóarfjall. Um aldamótin 1900 voru slíkar grasaferðir enn farnar á hverju ári frá Höfn.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadals. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshlíðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrir á tímum. Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt. Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfusvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfusvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám Sléttaness til Stapa

Svalvogar eru í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes⁵ til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

² Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

³ Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.

⁴ Væntanlega það fjall sem kallað er Hrafnarhyrna í kröfulýsingu ríkisins.

⁵ Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadals;

*Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadals.*⁶

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁷ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁸ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadals.⁹

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendis-skaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróið og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.¹⁰

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendis-skagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttunes til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglendis-pildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekki, Svalvogar og áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglendis-pildu yst á Snæfellsnesi. Hálendis-skaginn, fjalllend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendis-skaginn og fjalllendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálandi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendis-skaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla

⁶ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁷ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁸ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

⁹ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

¹⁰ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjalllendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alþarnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist af Stapadal og Haukadall og af fjallendinu frá utanverðum dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendisskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendisskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.¹¹ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði¹² og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹³ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyrðu Álftamýrarsókn.

Svalvogar er ysta jörðin í Hraunssókn.¹⁴ Haukadallur er ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfussvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingu Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingu sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært rök fyrir því að kröfussvæðin fjögur; 1. Veturlandafjall-Skeggi; 2. Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall; 3. Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og

¹¹ Sjá einnig grein eftir fyrirvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

¹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

¹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 58.

Geldingardalshorn; og 4. Eyrarfjall og Seljafjall séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir því að úrskurðað sé að kröfuvæðin séu þjóðlenda.

Jarðamat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjörsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹⁵ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹⁶

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad ríkisdala tali.“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: *“kom þá matsmönnum, eptir umráð við sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jarðar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve móg og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvad mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og vard ending sú á sem hin bókin lógildta skír frá;“*

Síðar segir: *„Matsmönnum þókti hæfa ad medalhundrad í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virdst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur ad hafa hrörnad frá því, er ad fornu hefur verid, mætti ad sannsýni metast á 12 Speciur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjöll nærfelt gjörsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og þad eru þessar jarðir:“* Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: *„Enn midur eru þessar metnar;“* Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali.“

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer ad öllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er við hófdu varid hafdar á nærstundanfórnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar ad því er hin lógildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jördu hvórri“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi

¹⁵ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹⁶ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfufvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúluhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadals í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúluhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹⁷ „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhrundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjalyýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjalyýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁸, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindals árið 1886. Við gerð landamerkjalyýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í

¹⁷ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁸ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfufsvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistið landamerkjálaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjälög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísaffarðarsýslu. Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending í Örnólfsgil í fjallsbrún. Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending í þverlæk í fjallsbrún.“

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalandis að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfslegs og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalandis“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera *eftir því sem vötnum hallar* til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrá jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjälög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjálaga 1917.

Landamerkjälög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjálaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fölginn, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁹ Meirhluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykka frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögnum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“

Á meðal helstu breytinga á lögnum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjálaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjálaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.²⁰

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“ Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjálýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfusvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

¹⁹ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

²⁰ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrá hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákvæðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögnum. Einnig er þar tekið fram í lögnum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sérstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubólss í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalandis/Kirkjubólsslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfussvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlenda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalýsing í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalýsingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalýsing á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalinur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið engar kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einangrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjárgangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- oooo000oooo-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Svalvogar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>
- Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/lokinhamrar/>
- Sögur og sagnir – Höfn. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hofn/>
- Sögur og sagnir – Sveinseyri. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 -- einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
- Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16664>
- Örnefnaskrá Svalvoga. Ari Gíslason skráði.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16699>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að
fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Höfn á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Kröfuna gerir/gera:

- Matthías Ottósson, kennitala 161149-3739

Fyrirsvar:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild.*

Landamerkjum Hafnar er lýst í landamerkjabréfi No 203 dagsettu 1. desember 1891 eftirfarandi:

Landmerki téðrar jarðar eru að utan (vestan), milli Hafnar og Svalvoga, í Kögurþúfu við sjóinn og þaðan sjónhendingu í Hafnarskarð á fjalli uppi. – Að innan (suðaustan), milli Hafnar og Hrauns, í berg uppsprettu læk innan til við Ófæruneft, og þaðan sjónhendingu í fjall upp Haukadal 1. dec. 1891

Landamerkjum Hafnar er einnig lýst í landamerkjabréfi No 44 dagsettu 20. maí 1886 eftirfarandi:

Öllum þeim mönnum sem þetta bréf sjá eða heyra, kunngjörist hérmeð, að þessi eru landamerki Hrauns í Keldudal: Að utanverðu eru merkin í vatnsbunu á, er fellur fram úr berginu innan til í Ófæruneftinu á ytri Hlið og þaðan beina sjónhending á brún upp,

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Hafnar á Helgafelli, Tóarfjalli, Hafnarhrynu og Bæjarnúp markast að innan (suðaustan) af landi Hrauns, í berguppsprettulæk innan Ófærunefts og þaðan sjónhending í fjall upp. Þaðan inn eftir Helgafelli í kringum botn Hafnards og út eftir Bæjarnúp og Hafnarhrynu í Hafnarskarð að utan (vestar), allt eftir því sem vötnum hallar til Hafnarlands.

Fjallið Karl, norðan Hafnarskarðs, er eign jarðarinnar en fjallið er stundum nefnt Lægri-Hafnarhryna og nær langleiðina til sjávar við mynni dalsins.

Land Hafnar á Helgafelli, Tóarfjalli, Hafnarhrynu og Bæjarnúp er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi aðliggjandi jarða. Landamerki Hafnar og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði jarðarinnar.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*
 - *Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn.*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Hafnar á Helgafelli, Tóarfjalli, Hafnarhyrnu og Bæjarnúp sem markast *að innan* af landi Hrauns, í berguppsprettulæk innan Ófæruneys og þaðan sjónhending í fjall upp. Þaðan inn eftir Helgafelli í kringum botn Hafnardals og út eftir Bæjarnúp og Hafnarhyrnu í Hafnarskarð *að utan*, allt eftir því sem vötnum hallar til Hafnarlands.

Fjallið Karl, norðan Hafnarskarðs, er eign jarðarinnar en fjallið er stundum nefnt Lægri-Hafnarhyrna og nær langleiðina til sjávar við mynni dalsins.

Landið er órjúfanlegur hluti Hafnar. Kröfulínan á fjallinu markast af landi Svalvoga og Hrauns í Keldudal. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum. Landamerki Hafnar og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts með vísan til framlagðrar tímaskráningarskýrslu en um gjafsóknarmál er að ræða.

Heimildir:

1. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dagsett 20. maí 1886.
2. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
3. Landamerkjabréf Skálará, dagsett 5. Desember 1891.
4. Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
5. Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.
6. Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
7. Landamerkjabréf dagsett 1. desember 1891, þar sem landamerkjum Hafnar er lýst.
8. Jarðamat 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Hafnar í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“. Landsvæðið sem ríkið lýsir þjóðlendukröfu sinni í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðið er því ekki utan eignarlands Hafnar og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eiganda Hafnar byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Hafnar hafa ávallt litið svo á að kröfusvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ væru órjúfanlegir hlutar jarðarinnar. Ekkert í landamerkjalyýsingu landamerkjabréfa Hafnar og aðliggjandi jarða gefur vísbendingu um að hluti kröfusvæðisins tilheyrir ekki Höfn sem eignarland, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Eignarland Hafnar á Helgafelli, Tóarfjalli ofan botns Hafnards, Bæjarnúpi og Hafnarhrynu takmarkast af landi Hrauns og Svalvoga.

Allt frá árinu 1943 hefur Höfn verið í eyði. Þar standa nú tvö hús, sumarbústaður og gamla bænum er viðhaldið. Kirkjusókn átti Hafnarfólk að Hrauni í Keldudal.

Landamerkjum Hafnar er lýst í landamerkjabréfi dagsettu 1. desember 1891. Þar er landamerkjum lýst að utan (vestan), milli Hafnar og Svalvoga, í *Kögurpúfu við sjóinn og þaðan sjónhendingu í Hafnarskarð á fjalli uppi*. – Að innan (suðaustan), milli Hafnar og Hrauns, í *berg uppsprettu læk innan til við Ófærunef, og þaðan sjónhendingu í fjall upp*.

Af kröfum ríkisins má álykta að ríkið gæti lýst kröfum í eignarland jarðarinnar utan fjöruborðs á milli nefndra landamerkja enda netlögum ekki lýst í landamerkjabréfi. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eiganda Arnarnúps til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er til fjalla en þar markast land af landi aðliggjandi jarða. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (væntanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínum, s.s. frambrún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendukröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðarlínum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. laga nr. 41/1919.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfusvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ séu líklega gróðursnautt og lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrannsókna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Eftir að búskap lauk í Lokinhamradal um 2000 hefur sauðfé frá Hólum í Dýrafirði verið í högum og beitolandi Lokinhamra. Sauðfé hefur gengið á Tóarfjall. Dæmi voru um að fé frá Lokinhömrum hafi farið yfir í Keldudal frá Dalsdal og öfugt. Tóarfjall er enn smalað. Fyrr á tímum þurfti að setja girðingar að ofan frá Tóarfjalli svo sauðfé færi ekki í sjálfheldu klettum og þræðingu fjallsins, t.d. á stöðum líkt

og Tóin og Hvammurinn. Tóarfjall er enn smalað í haustmölun að hluta að minnsta kosti skv. upplýsingum frá smölum og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða inn á Dalsdal.

Sauðfé gekk og hefur gengið á Tóarfjall. Í dag gengur fé frá Hólum í Dýrafirði inn í Lokinhamradal á svæðið utan Haukdals inn fyrir Lokinhamradal og inn á Bjargarhlíð. Sauðfé frá Kirkjubóli í Kirkjubólsdal í Dýrafirði gengur frá Fossdal fram á Stapadal og út með Bjargarhlíð og í Lokinhamradal. Hluti Tóarfjalls er smalaður í haustmölun og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða fremst í dalnum. Veturlandafjall er smalað að hausti frá Stapadal.

Til landkosta Lokinhamra var áður talin hin hið mikla hvannstöð í Lokinhamrató, yst í landareigninni í Tóarfjalli. Í Lokinhamrató áttu a.m.k. þrjár kirkjur rétt til hvannskurðar. Bændur á Lokinhömrum voru oft auðugir vegna landkosta jarðarinnar. Ofar Lokinhamrató í Tóarfjalli og beint upp af henni er önnur tó sem á síðari tímum hefur verið nefnd Hraunstó. Ætla má að hún sé kennd við Hraun í Keldudal í Dýrafirði og er líklegt að sú jörð eða Hraunskirkja hafi átt þarna ítak um lengri eða skemmri tíma.¹ Af þessum má sjá að miklar nýttar voru af Tóarfjalli fyrir Hraunskirkju í Keldudal í Dýrafirði og hefur töluverður samgangur við á milli Keldudals og Lokinhamra yfir fjallið. Sauðfé gekk á Tóarfjall frá Keldudal og Lokinhömrum frá Dalsdal og dæmi um að fé færi yfir fjallið líkt og áður er getið. Ekki er útilokað að fé hafi gengið á Tóarfjall frá Hafnardal, og þá upp af dalnum fyrir botni innanverðum.

Heimildir eru fyrir því að Lokinhamrató hafi verið nýtt „allt fram yfir 1860“ og er sú staðhæfing ekki talin fjarri lagi. Sóttu menn hana frá „nálægum og fjarlægum bæjum“ hvannir í þessa merkilegu Tó og sem var „stærsta og fegursta hvannstöð á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað“. Í Lokinhamrató er fært úr Tóargili og nærri lætur að hæð klettanna neðan við hana sé 30 faðmar. Í efri tóna, sem nú er nefnd Hraunstó, verður að síga en ofan í hana eru aðeins nokkrir metrar frá fjallsbrúninni. Ætla má að hvannir sem skornar voru í neðri tónni hafi verið látnar síga niður fyrir klettana en þær sem sóttar voru í efri tóna hafi verið híðar upp á brún.

Af þessu má sjá að tóin var að nýtt að hluta að minnsta kosti frá fjallsbrún eða ofan af fjallstoppi Tóarfjall enda hann órjúfanlegur hluti Lokinhamrajarðarinnar.

Tvímælalaust er að þrjár af kirkjunum fjórum í Arnarfirði áttu hvannskurðarrétt í Lokinhamrató, Álftamýrarkirkja, Rafnseyrarkirkja og Selárdalskirkja en tó þessi var stundum nefnd Neðri-Tó á fyrri tíð. Í máldögum frá 16. öld er tekið fram að kirkjan á Álftamýri eigi „búnautnar hvannskurð“ í Lokinhamrató en kirkjan í Selárdal „tölf hjóna hvannskurð“. Þau orð gefa til kynna að fólki prestsins á Álftamýri hafi verið gert að miða hvannatekjuna við heimilisþarfir en guðsmaðurinn í Selárdal hafi mátt láta tölf vinnuhjú sín starfa hér að hvannskurði frá morgni til kvölds, einn dag á ári. Fólk frá öðrum bæjum mun einnig hafa skorið hvannir í Tónni og fengið til þess leyfi hjá húsráðendum í Lokinhömrum.

Gísli Oddsson í Lokinhömrum var einn auðugasti bóndi á Vestfjörðum um sína daga. Vorið 1896 keypti hann Akureyjar á Breiðafirði og fluttist þangað sextugur að aldri en kom aftur í Arnarfjörð sex árum síðar og settist að á Hrafnabjörgum er þá höfðu lengi verið nýttu af Lokinhamrafólki. Dalsdalur var á fyrri öldum sérstök bújörð, 12 hundruð að dýrleika, en á árunum 1621 til 1658 var hún lögð undir Lokinhamra. Líklegt er að bærinn hafi fallið í eyði á sextánda öld. Af þessu má sjá að Tóarfjall og fjalllendi utanverðs Lokinhamradalar var veigamikill þáttur í landkostum Lokinhamra.²

¹ Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

² Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

Um Tóarfjall ritar Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn í örnefnalýsingu í júlí 1953:³

«Fyrir botni Hafnardal eru Dalbotnshillur. Að vestanverðu eru þessi fjöll: Fremst Lambavegur tekur við af Dalbotnshillum; það eru greiðfær klettabelti. Liggur götuslóði um þau upp á brú á Tóarfjalli. Tóarfjal er nokkuð breitt og langt fjall, sem nær alla leið vesturað Dalsdal í Lokinhamralandi. Grösugt er það nokkuð. Víða er þakið gamburmost og gnægð var þar fjallagrasa fyrrum. Gengið var þaðan árlega til grasa fram eftir búskaparárum foreldra minna.» «Foreldrar mínir fluttust að Höfn 1890 og bjuggu þar til 1922.»

Hafnardalur, sem er ofan bæjarhúsanna í Höfn, er smalaður og þaðan getur fé gengið á Tóarfjall úr botni dalsins að vestanverðu. Hafnarhyrna,⁴ norðurendi Tóarfjalls, er vestan Hafnards. Hinum megin við dalinn er Helgafell (um 550 m.y.s.) og skilur að Hafnardal og Keldudal. Seltóftir eru í austanverðum Hafnardal en úr vestanverðum dalnum, framan við Hafnarhrynu, var farið um Lambaveg til grasa upp á Tóarfjall. Um aldamótin 1900 voru slíkar grasaferðir enn farnar á hverju ári frá Höfn.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadals. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshlíðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrr á tímum. Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt. Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfussvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfussvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám Sléttaness til Stapa

Höfn í Hafnardal er í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes⁵ til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadals;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadals.⁶

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁷ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma

³ Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.

⁴ Væntanlega það fjall sem kallað er Hrafnarhyrna í kröfulýsingu ríkisins.

⁵ Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

⁶ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁷ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

talur um.⁸ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadal.⁹

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendissskaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróið og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.¹⁰

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendissskagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttunes til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglendissspildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekkur, Svalvogar og áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglendissspildu yst á Snæfellsnesi. Hálendissskaginn, fjalllend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendissskaginn og fjallendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálandi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendissskaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjallendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alparnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist af Stapadal og Haukadal og af fjallendinu frá utanverðum dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendissskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendissskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

⁸ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

⁹ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

¹⁰ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi**- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði**

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.¹¹ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfufsvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði¹² og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹³ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „*svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.*“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „*Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.*“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyrðu Álftamýrarsókn.

Höfn er næst ysti bærinn í Hraunssókn, utar eru Svalvogar sem er aðliggjandi jörð er sá ysti.¹⁴ Haukadalur, ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfufsvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingu Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingu sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfufsvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*; 3. *Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall og Seljafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfufsvæðin séu þjóðlenda.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjórsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹⁵ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹⁶

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „*fyrirtekið: ad meta jardir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad rikisdala tali.*“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: „*kom þá matsmönnunum, eptir umráð vid sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jardar hvórrar og síðan ætla*

¹¹ Sjá einnig grein eftir fyrirsvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

¹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

¹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 58.

¹⁵ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a-d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a-e.

¹⁶ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a-d.

á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve mór og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvað mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og varð ending sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;“

Síðar segir: „Matsmönnum þókti hæfa að medalhundrað í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virðst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur að hafa hrörnad frá því, er að fornu hefur verið, mætti að sannsýni metast á 12 Speciur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjöll nærfelt gjörsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika að dalatali eru þó nokkrar metnar og það eru þessar jarðir:“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „Enn midur eru þessar metnar;“ Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „fyrirtekið: að meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp að dalatali.“

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer að öllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er við hófdu varid hafdar á nærstundanfórnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar að því er hin lógildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi að kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúlurhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfuvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúlurhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadalur í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhliðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúlurhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹⁷ „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjalyýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjalyýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁸, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindals árið 1886. Við gerð landamerkjalyýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfussvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistíð landamerkjalaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjalög

¹⁷ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁸ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu. Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending í Örnólfsgil í fjallsbrún. Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending í þverlæk í fjallsbrún.“

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsdals og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera eftir því sem vötnum hallar til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrá jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjälög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjalaga 1917.

Landamerkjälög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjalaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fólgin, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁹ Meirihluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

¹⁹ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „*Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögnum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“*

Á meðal helstu breytinga á lögnum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „*I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“*

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.²⁰

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „*Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“* Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjalýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfusvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrá hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögnum. Einnig er þar tekið fram í lögnum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

²⁰ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sjerstaklega eftirleidis, að lögunum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubólss í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalandis/Kirkjubólss* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfussvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalýsing í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalýsingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalýsing á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir

eru mjög fjallent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalínur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einangrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- oooo000oooo-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Höfn. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hofn/>
- Sögur og sagnir – Svalvogar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>
- Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/lokinhamrar/>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
- Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16664>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að
fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Hraun í Keldudal við Dýrafjörð.

Kröfuna gerir/gera:

- Kristjana Sigríður Vagnsdóttir, kennitala 080331-2829
- Kristín Gunnarsdóttir, kennitala 170731-4259
- Ólafur Bjarnason, kennitala 270829-4659
- Eva Þórðardóttir, kennitala 170633-7769

Fyrirsva:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild.*

Landamerkjabréf Hrauns og Saura NO 44 er dagsett 20. maí 1886, þar sem merkjum jarðanna er lýst:

Að utanverðu eru merkin í vatnsbunu á, er fellur fram úr berginu innan til í ófærunefinu á ytri Hlíð og þaðan beina sjónhending á brún upp, en *hið innra* milli Hrauns og Skálarár eru merkin Sporstein, þaðan í Oddnýjartópt, en úr henni sjónhending í Hundshornsgjótu. Milli Árnarnúps og Hrauns skiptir áin landi jarðanna með þeirri athugasemd að hól sá, sem húsin standa á, innan til við árkjaptinn niðri við sjóinn hefir fyrir nokkrum tíma verið fyrir utan ána og þannig legið í Hrauns landi, og tilheyrir því Hrauns landi enn Hóll þessi er enn í dag kallaður Hólmi. Kirkjan í Hrauni á skóg á Kleifum í Dýrafirði og reka hálfum í Keflavík.

Þessi eru landamerki á Saurum. *Að utanverðu Saura og Skálarár* skilur

Svarðarholt og þaðan sjónhending í merkisstein í Hvyllfarbrekkum, en þaðan beina sjónhending á fjallsbrún upp. Þaðan liggur land jarðarinnar fram eptir dalnum svo sem áin ræður, og beina sjónhending í Hálfánargjá. Hinar svonefndu *Staðareyrar*, sem eru nú *Arnarnúpsmegin* við ána, hafa verið í *Saura landi*, eins og *glöggur og gamall árfarvegur sýnir*. Þær eyrar hafa á seinni tímum legið undir Hraun, og eiga að fylgja þeirri jörð hér eptir. „Allt neðan frá sjó ræður áin fram eptir dalnum og beina sjónhending í Hálfánargjá, að fráteknun hinum svonefndu *Staðareyrum*, sem nú eru *Arnarnúpsmegin* við ána, og hólmunum niðri við ár ósinn, sem getið er um í Hraunsmerkjaskrá. En á milli *Arnarmýrar* [sic]¹ og *Sveinseyrar* eru merkin í sker það, sem er fyrir innan svonefnda ófæru, og nefnist Ófærusker, þaðan beina sjónhending á fjall upp.“

¹ Landeigendur Arnarnúps þekkja ekki til nafnsins Arnarmýri og telja hér sé um villu í nafni að ræða.

Landamerkjabréf Saura er ódagsett þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

„Milli Saura og Skálarár í stein í hinn svonefnda Svarðarholti og beint í á, og aptur úr þeim sama steini beint í annan merkistein í Skálaráar Hvylftatbrekkum, og þaðan beina beina sjónhendingu í fjallsbrún upp. En merkin að framan í þverá, er rennur úr Álftarskál. En dalurinn þar fyrir framan er eign Hrauns eptir því sem áin ræður beint í Hálfánargjá.“

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Hrauns á Helgafelli, Strengsbergshorni, Skálarfjalli og Hundshorni markast *að utan* af landi Hafnar, í berguppsprettulæk innan Ófærunefts og þaðan bein sjónhending á brún upp. Þaðan inn eftir Helgafelli og ofan Strengbergshvilftar, inn á Tóarfjall og í kringum botn Gjálpardals og út eftir Skálarfjalli í fjallsbrún Hundshornsgjótu, allt eftir því sem vötnum hallar til Hraunslands.

Land Hrauns á fjallinu ofan Álftaskálar og á Geldingadalshorni markast *að utan* ofan fjallsbrúnar, þar sem þveráin rennur í Álftarskál. Þaðan í Geldingadalshorn, allt eftir því sem vötnum hallar til Hraunslands.

Land Hrauns ofan Geldingadalshotns markast *að utan* af mótum Dalsdals og Geldingadals á fjallsbrún. Þaðan í kringum botn Geldingadals eftir því sem vötnum hallar til Hraunslands að brún Hálfánargjár á Þverfjalli.

Land Hrauns til fjalla er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi Hafnar, Svalvoga, Lokinhamra, Saura og Skálarár. Landamerki Hrauns og aðliggjandi jarða er einkaréttarlegt mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*

- *Tóarfjall, Hrafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn.*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Hrauns á Helgafelli, Strengsbergshorni, Skálarfjalli og Hundshorni sem markast *að utan* af landi Hafnar, í berguppsprettulæk innan Ófærunefts og þaðan bein sjónhending á brún upp. Þaðan inn eftir Helgafelli og ofan Strengbergshvilftar, inn á Tóarfjall og í kringum botn Gjálpardals og út eftir Skálarfjalli í fjallsbrún Hundshornsgjótu, allt eftir því sem vötnum hallar til Hraunslands.

Einnig er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Hrauns á fjallinu ofan Álftaskálar og á Geldingadalshorni, sem markast *að utan* ofan fjallsbrúnar þar sem þveráin rennur í Álftarskál. Þaðan í Geldingadalshorn, allt eftir því sem vötnum hallar til Hraunslands.

Landið sem báðar kröfurnar miðast á kröfusvæði ríkisins er órjúfanlegur hluti Hrauns. Fyrri kröfulínan markast af landi Hafnar, Svalvoga, Lokinhamra, Saura og Skálarár. Seinni kröfulínan markast af landi

Lokinhamra og Saura. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum. Landamerki Hrauns og aðliggjandi jarða er einkaréttarlegt mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggjanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

▪ *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Hrauns ofan Geldingadalsbotns, sem markast *að utan* af mótum Dalsdals og Geldingadals á fjallsbrún. Þaðan í kringum botn Geldingadals eftir því sem vötnum hallar til Hraunslands að brún Hálfánargjár á Þverfjalli.

Landið er órjúfanlegur hluti Hrauns. Kröfulínan á fjallinu markast af landi Lokinhamra. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum. Landamerki Hrauns og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í báðum aðalkröfum sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

1. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dagsett 20. maí 1886.
2. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
3. Landamerkjabréf Skálará, dagsett 5. Desember 1891.
4. Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
5. Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.
6. Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
7. Landamerkjabréf dagsett 1. desember 1891, þar sem landamerkjum Hafnar er lýst.
8. Jarðabók 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Hrauns í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðin „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ og „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“. Landsvæðin sem ríkið lýsir þjóðlenduokröfum sínum í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðin eru því ekki utan eignarlands Hrauns og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum lítið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eigenda Hrauns byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Hrauns hafa ávallt litið svo á að kröfusvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ og „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“ væru órjúfanlegir hlutar jarðarinnar. Ekkert í landamerkjalýsingu landamerkjabréfa Hrauns og aðliggjandi jarða gefur vísbendingu um að hluti kröfusvæðisins tilheyri ekki Hrauni sem eignarland, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Eignarland Hrauns á Helgafelli, Tóarfjalli takmarkast af landi Hafnar, Skálarár, Saura, Lokinhamra og Svalvoga.

Eigendur Hrauns hafa ávallt litið svo á að kröfusvæðin „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“ og „*Tóarfjall*“ væru órjúfanlegir hlutar jarðarinnar. Ekkert í landamerkjalýsingu landamerkjabréfa Hrauns og aðliggjandi jarða gefa vísbendingu um að „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“ og „*Tóarfjall*“ tilheyri ekki Hrauni sem eignarland. Eignarland Hrauns á fyrrnefndu fjöllum takmarkast af landi Lokinhamra og af fjallsbrúnum sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukdals. Eignarland Hrauns á Tóarfjalli takmarkast af landi Hafnar, Svalvoga, Skálarár, Saura og Lokinhamra.

Hraun í Keldudal var frá fornu fari kirkjustaður og ein fjögurra stærstu jarða við vestanverðan Dýrafjörð. Árið 1703 var íbúafjöldi Keldudals 80 manneskjur, árið 1801 var íbúatalan 90, árið 1870 50 og árið 1901 98 en úr því tók íbúum dalsins að fækka. Um 1920 fékk bóndinn á Skálará fyrstu hestakerruna sem kom í Keldudal. Kerruvegur var þá lagður frá Skálará að Saurum og sést enn móta fyrir þeirri braut á stöku stað. Árið 1966 fór dalurinn í eyði er síðasta fjölskyldan fluttist frá Arnarnúpi inn að Sveinseyri. Hvergi er hestfært upp úr Keldudal. Sýnir það mikilvægi Tóarfjalls fyrir byggð í dalnum í gegnum árin. Hraunstö í Tóarfjalli í Arnarfirði var ítak Hraunkirkju. Sýnir það að samgöngur voru yfir Tóarfjall til Arnarfjarðar og eflaust yfir í Hafnardal til Hafnar og Svalvoga. Í Gíslasögu Súrssonar er talað um að fara að húsabaki er hann fór úr Lambadal upp á fjallið vestan Haukdals yfir í Keldudal.

Landamerkjum Hrauns er lýst í landamerkjabréfi dagsettu 1. desember 1891. Þar er landamerkjum ekki lýst út til sjávar, það er að segja til netlaga. Því svæði er ólýst í landamerkjabréfinu. Af kröfum ríkisins má álykta að ríkið gæti lýst kröfum í eignarland jarðarinnar utan fjöruborðs á milli landamerkja aðliggjandi jarða Hrauns til sjávar enda netlögum ekki lýst í landamerkjabréfi. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eiganda Hrauns til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er til fjalla en þar markast land af landi aðliggjandi jarða. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (væntanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínunum, s.s. frambrún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendu-kröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðarlínunum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfusvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ séu líklega gróðursnautt og lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurannsókna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Eftir að búskap lauk í Lokinhamradal um 2000 hefur sauðfé frá Hólum í Dýrafirði verið í högum og beitolandi Lokinhamra. Sauðfé hefur gengið á Tóarfjall. Dæmi voru um að fé frá Lokinhömrum hafi farið yfir í Keldudal frá Dalsdal og öfugt. Tóarfjall er enn smalað. Fyrr á tímum þurfti að setja girðingar að ofan frá Tóarfjalli svo sauðfé færi ekki í sjálfheldu klettum og þræðingu fjallsins, t.d. á stöðum líkt og Tóin og Hvammurinn. Tóarfjall er enn smalað í haustsmölun að hluta að minnsta kosti skv. upplýsingum frá smölum og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða inn á Dalsdal.

Sauðfé gekk og hefur gengið á Tóarfjall. Í dag gengur fé frá Hólum í Dýrafirði inn í Lokinhamradal á svæðið utan Haukdals inn fyrir Lokinhamradal og inn á Bjargarhlíð. Sauðfé frá Kirkjubóli í Kirkjubólsdal í Dýrafirði gengur frá Fossdal fram á Stapadal og út með Bjargarhlíð og í Lokinhamradal. Hluti Tóarfjalls er smalaður í haustsmölun og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða fremst í dalnum. Veturlandafjall er smalað að hausti frá Stapadal.

Til landkosta Lokinhamra var áður talin hin hið mikla hvannstóð í Lokinhamrató, yst í landareigninni í Tóarfjalli. Í Lokinhamrató áttu a.m.k. þrjár kirkjur rétt til hvannskurðar. Bændur á Lokinhömrum voru oft auðugir vegna landkosta jarðarinnar. Ofar Lokinhamrató í Tóarfjalli og beint upp af henni er önnur tó sem á síðari tímum hefur verið nefnd Hraunstó. Ætla má að hún sé kennd við Hraun í Keldudal í Dýrafirði og er líklegt að sú jörð eða Hraunskirkja hafi átt þarna ítak um lengri eða skemmri tíma.² Af þessum má sjá að miklar nytjar voru af Tóarfjalli fyrir Hraunskirkju í Keldudal í Dýrafirði og hefur töluverður samgangur við á milli Keldudals og Lokinhamra yfir fjallið. Sauðfé gekk á Tóarfjall frá Keldudal og Lokinhömrum frá Dalsdal og dæmi um að fé færi yfir fjallið líkt og áður er getið. Ekki er útilokað að fé hafi gengið á Tóarfjall frá Hafnardal, og þá upp af dalnum fyrir botni innanverðum.

Heimildir eru fyrir því að Lokinhamrató hafi verið nýtt „allt fram yfir 1860“ og er sú staðhæfing ekki talin fjarri lagi. Sóttu menn hana frá „nálægum og fjarlægum bæjum“ hvannir í þessa merkilegu Tó og sem var „stærsta og fegursta hvannstóð á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað“. Í Lokinhamrató er fært úr Tóargili og nærri lætur að hæð klettanna neðan við hana sé 30 faðmar. Í efri tóna, sem nú er nefnd Hraunstó, verður að síga en ofan í hana eru aðeins nokkrir metrar frá fjallsbrúninni. Ætla má að hvannir sem skornar voru í neðri tónni hafi verið látnar síga niður fyrir klettana en þær sem sóttar voru í efri tóna hafi verið híðar upp á brún.

Af þessu má sjá að tóin var að nýtt að hluta að minnsta kosti frá fjallsbrún eða ofan af fjallstoppi Tóarfjall enda hann órjúfanlegur hluti Lokinhamrajarðarinnar.

Tvímælalaust er að þrjár af kirkjunum fjórum í Arnarfirði áttu hvannskurðarrétt í Lokinhamrató, Álftamýrarkirkja, Rafnseyrarkirkja og Selárdalskirkja en tó þessi var stundum nefnd Neðri-Tó á fyrri tíð. Í máldögum frá 16. öld er tekið fram að kirkjan á Álftamýri eigi „búnautnar hvannskurð“ í Lokinhamrató en kirkjan í Selárdal „tölf hjóna hvannskurð“. Þau orð gefa til kynna að fólki prestsins á Álftamýri hafi verið gert að miða hvannatekjuna við heimilisþarfir en guðsmaðurinn í Selárdal hafi mátt

² Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

láta tólf vinnuhjú sín starfa hér að hvannskurði frá morgni til kvölds, einn dag á ári. Fólk frá öðrum bæjum mun einnig hafa skorið hvannir í Tónni og fengið til þess leyfi hjá húsráðendum í Lokinhömrum.

Gísli Oddsson í Lokinhömrum var einn auðugasti bóndi á Vestfjörðum um sína daga. Vorið 1896 keypti hann Akureyjar á Breiðafirði og fluttist þangað sextugur að aldri en kom aftur í Arnarfjörð sex árum síðar og settist að á Hrafnabjörgum er þá höfðu lengi verið nytjuð af Lokinhamrafólki. Dalsdalur var á fyrri öldum sérstök bújörð, 12 hundruð að dýrleika, en á árunum 1621 til 1658 var hún lögð undir Lokinhamra. Líklegt er að bærinn hafi fallið í eyði á sextánda öld. Af þessu má sjá að Tóarfjall og fjalllendi utanverðs Lokinhamradalar var veigamikill þáttur í landkostum Lokinhamra.³

Um Tóarfjall ritar Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn í örnefnalýsingu í júlí 1953:⁴

«Fyrir botni Hafnardal eru Dalbotnshillur. Að vestanverðu eru þessi fjöll: Fremst Lambavegur tekur við af Dalbotnshillum; það eru greiðfær klettabelti. Liggur götuslóði um þau upp á brú á Tóarfjalli. Tóarfjal er nokkuð breitt og langt fjall, sem nær alla leið vesturað Dalsdal í Lokinhamralandi. Grösugt er það nokkuð. Viða er þakið gamburmost og gnægð var þar fjallagrasa fyrrum. Gengið var þaðan árlega til grasa fram eftir búskaparárum foreldra minna.» «Foreldrar mínir fluttust að Höfn 1890 og bjuggu þar til 1922.»

Hafnardalur, sem er ofan bæjarhúsanna í Höfn, er smalaður og þaðan getur fé gengið á Tóarfjall úr botni dalsins að vestanverðu. Hafnarhyrna,⁵ norðurendi Tóarfjalls, er vestan Hafnardals. Hinum megin við dalinn er Helgafell (um 550 m.y.s.) og skilur að Hafnardal og Keldudal. Seltóftir eru í austanverðum Hafnardal en úr vestanverðum dalnum, framan við Hafnarhyrnu, var farið um Lambaveg til grasa upp á Tóarfjall. Um aldamótin 1900 voru slíkar grasaferðir enn farnar á hverju ári frá Höfn.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadals. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshlíðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrir á tímum. Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt. Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfusvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfusvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám Sléttaness

Hraun er í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes⁶ til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

³ Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

⁴ Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.

⁵ Væntanlega það fjall sem kallað er Hrafnarhyrna í kröfulýsingu ríkisins.

⁶ Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadal;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadal.⁷

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁸ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁹ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadal.¹⁰

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendis-skaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróið og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.¹¹

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendis-skagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttuness til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglendis-spildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekki, Svalvogar og áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglendis-spildu yst á Snæfellsnesi. Hálendis-skaginn, fjalllend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendis-skaginn og fjalllendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálandi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendis-skaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla

⁷ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁸ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁹ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

¹⁰ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

¹¹ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjalllendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alparnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist af Stapadal og Haukadall og af fjallendinu frá utanverðum dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendisskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendisskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.¹² Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði¹³ og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹⁴ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyru Álftamýrarsókn.

Haukadalur er ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfussvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingu Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingu sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjallendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfussvæðin fjögur; 1. Veturlandafjall-Skeggi; 2. Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall; 3. Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn; og 4. Eyrarfjall og Seljafjall séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfussvæðin séu þjóðlenda.

¹² Sjá einnig grein eftir fyrirvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjörsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹⁵ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹⁶

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad ríkisdala tali.“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: „*kom þá matsmönnum, eptir umráð við sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jarðar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve móg og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvad mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og vard ending sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;*“

Síðar segir: „*Matsmönnum þókti hæfa ad meðalhundrad í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virdst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur ad hafa hrörnad frá því, er ad fornu hefur verid, mætti ad sannsýni metast á 12 Speciur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjóll nærfelt gjörsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og það eru þessar jarðir:*“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „*Enn midur eru þessar metnar;*“ Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „fyrirtekið: *ad meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali.*“

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„*Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer ad óllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er við hófdu varid hafdar á nærstundanförnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar ad því er hin lóggildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri*“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfusvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í

¹⁵ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹⁶ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

fyrir Auðkúluhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadals í fyrir Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrir Auðkúluhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹⁷ „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhrundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjalyýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjalyýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjatala nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁸, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfalli Skóga árið 1891 og Hokindals árið 1886. Við gerð landamerkjalyýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfufsvæðum.

¹⁷ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁸ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku nógildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistið landamerkjálaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjälög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð nógildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

*„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu.
Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending
í Örnólfsgil í fjallsbrún.
Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending
í þverlæk í fjallsbrún.“*

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgil og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð nógildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera eftir því sem vötnum hallar til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrá jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjälög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjálaga 1917.

Landamerkjälög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjálaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fölginn, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og

að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁹ Meirhluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „*Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitrar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“*

Á meðal helstu breytinga á lögum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „*I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“*

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.²⁰

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „*Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“* Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjalýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfufusvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrár hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið

¹⁹ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

²⁰ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákvæðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögnum. Einnig er þar tekið fram í lögnum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sjerstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubólss í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalands/Kirkjubólsslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfussvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlenda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalyking í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalykingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalyking á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í

landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalinur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einangrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- 000000000000-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Hraun. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hraun-i-keldudal/>
- Sögur og sagnir – Skálará. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/skalara/>
- Sögur og sagnir – Saurar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/saurar/>
- Sögur og sagnir – Arnarnúpur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/arnarnupur/>
- Sögur og sagnir – Haukadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/haukadalur/>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sögur og sagnir – Sveinseyri. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
- Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16664>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að
fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Skálará í Keldudal við Dýrafjörð.

Kröfuna gerir/gera:

- Ragnar Ólafur Guðmundsson, kennitala 040359-2659
- Sigurður B. Guðmundsson, kennitala 040165-2909

Fyrirsva:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild.*

Landamerkjabréf Skálarár er dags. 5. desember 1891, þar sem merkjum er lýst eftirfarandi:

Að utan (norðan), milli Skálarár og Hrauns, í Sporstein og Oddnýjar tóft, og þaðan sjónhending í Hundshornsgjótu. Að framan (sunnan), milli Skálarár og Saura, í stein á Svarðarholti og annan í Skálará í Hvylftarbrekkum, og eptir þessum steinum í beina línu frá á og á fjallsbrún.

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Skálarár á Hundshorni markast *að utan* af fjallsbrún Hundshornsgjótu, sem er sjónhending frá Sporsteini og Oddnýjartóft. Þaðan inn eftir Hundshorni eftir því sem vötnum hallar til Skálarárlands, að landi Saura ofan fjallsbrúnar í Skálarárhvilft.

Land Skálarár á Hundshorni er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi Hrauns inn að landi Saura. Landamerki Skálarár og aðliggjandi jarða er einkaréttarlegt mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*
 - *Tóarfjall, Hrafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn.*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Skálarár á Hundshorni sem markast *að utan* af fjallsbrún Hundshornsgjótu, sem er sjónhending frá Sporsteini og Oddnýjartóft. Þaðan inn eftir Hundshorni að landi Saura ofan fjallsbrúnar í Skálarárhvilft, allt eftir því sem vötnum hallar til Skálarárlands.

Landið er órjúfanlegur hluti Skálaráar og markast af landi Hrauns inn að landi Saura. Landamerki Skálarár og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál eigenda og ekki á verkswiði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

1. Landamerkjabréf Skálará, dagsett 5. desember 1891.
2. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
3. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dagsett 20. maí 1886.
4. Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
5. Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.
6. Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
7. Landamerkjabréf dagsett 1. desember 1891, þar sem landamerkjum Hafnar er lýst.
8. Jarðabók 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Skálará í Keldudal í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“. Í tilviki Skálará er um að ræða Hundshorn, sem er lítill hluti fyrrnefnds kröfusvæðis. Landsvæðið sem ríkið lýsir þjóðlendu kröfu sinni í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðið er því ekki utan eignarlands Skálará og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eigenda Skálará byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Skálará hafa ávallt litið svo á að Hundshorn væri órjúfanlegur hlutar jarðarinnar. Ekkert í landamerkjalyýsingu landamerkjabréfa Skálaráar og aðliggjandi jarða gefur vísbendingu um að hluti kröfusvæðisins tilheyri ekki Skálará sem eignarland, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Eignarland Skálaráar á Hundshorni takmarkast af landi Hrauns og Saura.

Skálará fór í eyði árið 1946. Bærinn er fallinn í tóft en sjá að gaflinn á honum hefur verið steypdur. Utan við bæjartóftina eru rústir af hlöðu og fjárhúsum. Um 1920 fékk bóndinn á Skálará fyrstu hestakerruna sem kom í Keldudal. Kerruvegur var þá lagður frá Skálará að Saurum og sést enn móta fyrir þeirri braut á stöku stað. Skálará er í Hraunssókn líkt og aðrar Keldudalsjarðir. Árið 1703 var íbúafjöldi Keldudals 80 manneskjur, árið 1801 var íbúatalan 90, árið 1870 50 og árið 1901 98 en úr því tók íbúum dalsins að fækka. Um 1920 fékk bóndinn á Skálará fyrstu hestakerruna sem kom í Keldudal. Árið 1966 fór dalurinn í eyði er síðasta fjölskyldan fluttist frá Arnarnúpi inn að Sveinseyri. Hvergi er hestfært upp úr Keldudal. Sýnir það mikilvægi Tóarfjalls fyrir byggð í dalnum í gegnum árin. Hraunstö í Tóarfjalli í Arnarfirði var ítak Hraunskirkju. Sýnir það að samgöngur voru yfir Tóarfjall til Arnarfjarðar og eflaust yfir í Hafnardal til Hafnar og Svalvoga. Í Gíslasögu Súrssonar er talað um að fara að húsabaki er hann fór úr Lambadal upp á fjallið vestan Haukdals yfir í Keldudal.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (væntanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínunum, s.s. frambrún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendukröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðarlínunum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfussvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ séu líklega gróðursnautt og lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrannsóknna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Eftir að búskap lauk í Lokinhamradal um 2000 hefur sauðfé frá Hólum í Dýrafirði verið í högum og beitolandi Lokinhamra. Sauðfé hefur gengið á Tóarfjall. Dæmi voru um að fé frá Lokinhömrum hafi farið yfir í Keldudal frá Dalsdal og öfugt. Tóarfjall er enn smalað. Fyrr á tímum þurfti að setja girðingar að ofan frá Tóarfjalli svo sauðfé færi ekki í sjálfheldu klettum og þræðingu fjallsins, t.d. á stöðum líkt og Tóin og Hvammurinn. Tóarfjall er enn smalað í haustmölun að hluta að minnsta kosti skv. upplýsingum frá smölum og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða inn á Dalsdal.

Sauðfé gekk og hefur gengið á Tóarfjall. Í dag gengur fé frá Hólum í Dýrafirði inn í Lokinhamradal á svæðið utan Haukdals inn fyrir Lokinhamradal og inn á Bjargarhlíð. Sauðfé frá Kirkjubóli í Kirkjubólsdal í Dýrafirði gengur frá Fossdal fram á Stapadal og út með Bjargarhlíð og í Lokinhamradal. Hluti Tóarfjalls er smalaður í haustmölun og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða fremst í dalnum. Veturlandafjall er smalað að hausti frá Stapadal.

Til landkosta Lokinhamra var áður talin hin hið mikla hvanntóð í Lokinhamrató, yst í landareigninni í Tóarfjalli. Í Lokinhamrató áttu a.m.k. þrjár kirkjur rétt til hvannskúrðar. Bændur á Lokinhömrum voru oft auðugir vegna landkosta jarðarinnar. Ofar Lokinhamrató í Tóarfjalli og beint upp af henni er önnur tó sem á síðari tímum hefur verið nefnd Hraunstö. Ætla má að hún sé kennd við Hraun í Keldudal í Dýrafirði og er líklegt að sú jörð eða Hraunskirkja hafi átt þarna ítak um lengri eða skemmri tíma.¹

¹ Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

Af þessum má sjá að miklar nýttar voru af Tóarfjalli fyrir Hraunskirkju í Keldudal í Dýrafirði og hefur töluverður samgangur við á milli Keldudals og Lokinhamra yfir fjallið. Sauðfé gekk á Tóarfjall frá Keldudal og Lokinhömrum frá Dalsdal og dæmi um að fé færi yfir fjallið líkt og áður er getið. Ekki er útilokað að fé hafi gengið á Tóarfjall frá Hafnardal, og þá upp af dalnum fyrir botni innanverðum.

Heimildir eru fyrir því að Lokinhamrató hafi verið nýtt „allt fram yfir 1860“ og er sú staðhæfing ekki talin fjarri lagi. Sóttu menn hana frá „nálægum og fjarlægum bæjum“ hvannir í þessa merkilegu Tó og sem var „stærsta og fegursta hvannstóð á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað“. Í Lokinhamrató er fært úr Tóargili og nærri lætur að hæð klettanna neðan við hana sé 30 faðmar. Í efri tóna, sem nú er nefnd Hraunstó, verður að síga en ofan í hana eru aðeins nokkrir metrar frá fjallsbrúninni. Ætla má að hvannir sem skornar voru í neðri tónni hafi verið látnar síga niður fyrir klettana en þær sem sóttar voru í efri tóna hafi verið híðar upp á brún.

Af þessu má sjá að tóin var að nýtt að hluta að minnsta kosti frá fjallsbrún eða ofan af fjallstoppi Tóarfjall enda hann órjúfanlegur hluti Lokinhamrajarðarinnar.

Tvímælalaust er að þrjár af kirkjunum fjórum í Arnarfirði áttu hvannskurðarrétt í Lokinhamrató, Álftamýrarkirkja, Rafnseyrarkirkja og Selárdalskirkja en tó þessi var stundum nefnd Neðri-Tó á fyrri tíð. Í máldögum frá 16. öld er tekið fram að kirkjan á Álftamýri eigi „búnautnar hvannskurð“ í Lokinhamrató en kirkjan í Selárdal „tölf hjóna hvannskurð“. Þau orð gefa til kynna að fólki prestsins á Álftamýri hafi verið gert að miða hvannatekjuna við heimilisþarfir en guðsmaðurinn í Selárdal hafi mátt láta tölf vinnuhjú sín starfa hér að hvannskurði frá morgni til kvölds, einn dag á ári. Fólk frá öðrum bæjum mun einnig hafa skorið hvannir í Tónni og fengið til þess leyfi hjá húsráðendum í Lokinhömrum.

Gísli Oddsson í Lokinhömrum var einn auðugasti bóndi á Vestfjörðum um sína daga. Vorið 1896 keypti hann Akureyjar á Breiðafirði og fluttist þangað sextugur að aldri en kom aftur í Arnarfjörð sex árum síðar og settist að á Hrafnabjörgum er þá höfðu lengi verið nýttu af Lokinhamrafólki. Dalsdalur var á fyrri öldum sérstök bújörð, 12 hundruð að dýrleika, en á árunum 1621 til 1658 var hún lögð undir Lokinhamra. Líklegt er að bærinn hafi fallið í eyði á sextánda öld. Af þessu má sjá að Tóarfjall og fjalllendi utanverðs Lokinhamradalar var veigamikill þáttur í landkostum Lokinhamra.²

Um Tóarfjall ritar Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn í örnefnalýsingu í júlí 1953:³

«Fyrir botni Hafnardal eru Dalbotnshillur. Að vestanverðu eru þessi fjöll: Fremst Lambavegur tekur við af Dalbotnshillum; það eru greiðfær klettabelti. Liggur götuslóði um þau upp á brú á Tóarfjalli. Tóarfjal er nokkuð breitt og langt fjall, sem nær alla leið vesturað Dalsdal í Lokinhamralandi. Grösugt er það nokkuð. Viða er þakið gamburmost og gnægð var þar fjallagrasa fyrrum. Gengið var þaðan árlega til grasa fram eftir búskaparárum foreldra minna.» «Foreldrar mínir fluttust að Höfn 1890 og bjuggu þar til 1922.»

Hafnardalur, sem er ofan bæjarhúsanna í Höfn, er smalaður og þaðan getur fé gengið á Tóarfjall úr botni dalsins að vestanverðu. Hafnarhryna,⁴ norðurendi Tóarfjalls, er vestan Hafnards. Hinum megin við dalinn er Helgafell (um 550 m.y.s.) og skilur að Hafnardal og Keldudal. Seltóftir eru í austanverðum

² Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

³ Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.

⁴ Væntanlega það fjall sem kallað er Hrafnarhryna í kröfufýlsingu ríkisins.

Hafnardal en úr vestanverðum dalnum, framan við Hafnarhyrnu, var farið um Lambaveg til grasa upp á Tóarfjall. Um aldamótin 1900 voru slíkar grasaferðir enn farnar á hverju ári frá Höfn.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadal. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshlíðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrir á tímum. Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt. Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfussvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfussvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám Sléttanes til Stapa

Skálará er í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes⁵ til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadal;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadal.⁶

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁷ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁸ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadal.⁹

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendissskaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróið og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um

⁵ Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

⁶ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁷ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁸ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

⁹ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.¹⁰

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendis-skagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttunes til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglandsspildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekki, Svalvogar og áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglandsspildu yst á Snæfellsnesi. Hálendis-skaginn, fjallend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendis-skaginn og fjallendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálandi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendis-skaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjallendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alparnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist af Stapadal og Haukadall og af fjallendinu frá utanverðum dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendis-skaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendis-skagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.¹¹ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði¹² og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹³ lýst:

¹⁰ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

¹¹ Sjá einnig grein eftir fyrirsvartsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

¹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyrðu Álftamýrarsókn.

Höfn er næst ysti bærinn í Hraunssókn, utar eru Svalvogar sem er aðliggjandi jörð er sá ysti.¹⁴ Haukadalur, ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfusvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingum Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingum sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfusvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*; 3. *Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall og Seljafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfusvæðin séu þjóðlenda.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjórsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹⁵ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹⁶

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad ríkisdala tali.“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: „kom þá matsmönnunum, eptir umráð vid sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jarðar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve mór og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvad mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og vard ending sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;“

Síðar segir: „Matsmönnum þókti hæfa ad medalhundrad í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virdst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur ad hafa hrörnad frá því, er ad fornu hefur verid, mætti ad sannsýni metast á 12 Specíur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjóll nærfelt gjórsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og þad eru þessar jarðir:“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

¹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 58.

¹⁵ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹⁶ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „*Enn midur eru þessar metnar*“; Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „*fyrirtekið: að meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali*“.

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„*Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer ad öllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er vid hófdu varid hafdar á nærstundanförnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar ad því er hin löggildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri*“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúlurhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfuvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúlurhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadalur í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúlurhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹⁷ „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki*“.

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhrunduð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

¹⁷ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

Við gerð landamerkjálýsingar Hokindsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjálýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁸, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindsdals árið 1886. Við gerð landamerkjálýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfussvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistíð landamerkjálaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjälög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

*„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísaffarðarsýslu.
Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending
í Örnólfsgil í fjallsbrún.
Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending
í þverlæk í fjallsbrún.“*

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til

¹⁸ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

skógalandis að þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgeils og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalandis“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgeil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera eftir því sem vötnum hallar til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrár jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjälög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjalaga 1917.

Landamerkjälög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjalaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fólgin, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁹ Meirihluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögunum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitrar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“

Á meðal helstu breytinga á lögunum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki

¹⁹ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.²⁰

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „*Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.*“ Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyldu að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjalýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfufusvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrár hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögunum. Einnig er þar tekið fram í lögunum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sérstaklega eftirleiðis, að lögunum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubóls í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalandis/Kirkjubólslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfufusvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og

²⁰ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalyking í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalykingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalyking á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalínur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einangrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjárgangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlenda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlenda, sbr. 7. gr.

----- 000000000000-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Skálará. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/skalara/>
- Örnefnaskrá Skálarár. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16696>
- Sögur og sagnir – Hraun. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hraun-i-keldudal/>
- Sögur og sagnir – Saurar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/saurar/>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16615>
- Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/lokinhamrar/>
- Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16664>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að
fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Saurar í Keldudal við Dýrafjörð.

Kröfuna gerir/gera:

- Kristjana Sigríður Vagnsdóttir, kennitala 080331-2829
- Kristín Gunnarsdóttir, kennitala 170731-4259

Fyrirsva:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild.*

Landamerkjabréf Saura No 198 er ódagsett frá 1891,¹ þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Milli Saura og Skálarár í stein í hinn svonefnda Svarðarholti og beint í á, og aptur úr þeim sama steini beint í annan merkistein í Skálarár í Hvylftarbrekkum, og þaðan beina sjónhendingu í fjallsbrún upp. En merkin að framan í þverá, er rennur úr Álftarskál. En dalurinn þar fyrir framan er eign Hrauns eptir því sem áin ræður beint í Hálfðánargjá.

Landamerkjabréf Hrauns og Saura er dags. 20. maí 1886, þar sem merkjum jarðanna er lýst:

Þessi eru landamerki á Saurum. Að utanverðu Saura og Skálarár skilur Svarðarholt og þaðan sjónhending í merkisstein í Hvylftarbrekkum, en þaðan beina sjónhending á fjallsbrún upp. Þaðan liggur land jarðarinnar fram eptir dalnum svo sem áin ræður, og beina sjónhending í Hálfðánargjá. Hinar svonefndu Staðareyrar, sem eru nú Arnarnúpsmegin við ána, hafa verið í Saura landi, eins og glöggur og gamall árfarvegur sýnir. Þær eyrar hafa á seinni tímum legið undir Hraun, og eiga að fylgja þeirri jörð hér eptir.

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Saura á Hundshorni, Saurahorni og Skálarfjalli markast að utan af landi Skálarár ofan fjallsbrúnar, sem er í beinni sjónhendingu frá merkisteini í Skálarárhvilftarbrekkum. Þaðan inn eftir Hundshorni og Saurahorni innanverðu og Skálarfjalli að landi Hrauns ofan fjallsbrúnar þar sem þveráin rennur í Álftarskál, allt eftir því sem vötnum hallar til Sauralands.

¹ Spássiðu segir eftirfarandi: *Innk. 16/12 1891*

Land Saura til fjalla er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi Hrauns og Skálarár. Landamerki Saura og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*
 - *Tóarfjall, Hrafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn.*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Saura á Hundshorni, Saurahorni og Skálarfjalli sem markast að utan af landi Skálarár ofan fjallsbrúnar, sem er í beinni sjónhendingu frá merkisteini í Skálarárhviltarbrekkum. Þaðan inn eftir Hundshorni og Saurahorni innanverðu og Skálarfjalli að landi Hrauns ofan fjallsbrúnar þar sem þveráin rennur í Álftarskál, allt eftir því sem vötnum hallar til Sauralands.

Landið er órjúfanlegur hluti Saura og markast af landi Hrauns og Skálarár. Landamerki Saura og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

1. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
2. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dagsett 20. maí 1886.
3. Landamerkjabréf Skálará, dagsett 5. Desember 1891.
4. Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
5. Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.
6. Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
7. Landamerkjabréf dagsett 1. desember 1891, þar sem landamerkjum Hafnar er lýst.
8. Jarðabók 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Saurar í Keldudal í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða Saurahorn og Skálarfjall á kröfusvæðinu „Tóarfjall, Hrafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn“. Landsvæðið sem ríkið lýsir þjóðlendukröfu sinni í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðið er því ekki utan eignarlands Skálará og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eigenda Saura byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Saura hafa ávallt litið svo á að Saurahorn og Skálarfjall á kröfusvæðinu „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ væri órjúfanlegur hluti jarðarinnar. Ekkert í landamerkjalyýsingu landamerkjabréfa Saura og aðliggjandi jarða gefur vísbendingu um að hluti kröfusvæðisins tilheyri ekki Saurum sem eignarland, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Eignarland Saura á Saurahorn og Skálarfjalli takmarkast af landi Hrauns og Skálarár.

Saurar fóru í eyði árið 1933. Steyptur skorsteinn liggur nú í bæjartóftinni. Á Saurum bjó Þorkell, sonur Eiríks landnámsmanns í Keldudal, samkvæmt frásögn Gísla sögu Súrssonar, en hvergi er sagt hvar í dalnum Eiríkur faðir hans bjó. Er Gísli fór í útleð seldi hann Þorkatli land sitt og á útleðarárunum dvaldist hann um tíma hjá þessum vini sínum á Saurum. Á Saurum var útigangur talinn í skárri lagi árið 1710. Það hefur verið vegna beitar á Saurahorni og Skálarfjalli. Saurar eiga land fram að Þverá sem kemur úr Álftaskál, sem er 2 kílómetra frá bæjarrústunum. Heiman til við Þverá og dálítið upp með henni eru rústir af beitarhúsum en þar var fé haldið til beitar að vetrarlagi.

Árið 1703 var íbúafjöldi Keldudals 80 manneskjur, árið 1801 var íbúatalan 90, árið 1870 50 og árið 1901 98 en úr því tók íbúum dalsins að fækka. Um 1920 fékk bóndinn á Skálará fyrstu hestakerruna sem kom í Keldudal. Kerruvegur var þá lagður frá Skálará að Saurum og sést enn móta fyrir þeirri braut á stöku stað. Árið 1966 fór dalurinn í eyði er síðasta fjölskyldan fluttist frá Arnarnúpi inn að Sveinseyri. Hvergi er hestfært upp úr Keldudal. Sýnir það mikilvægi Tóarfjalls fyrir byggð í dalnum í gegnum árin. Hraunstö í Tóarfjalli í Arnarfirði var ítak Hraunskirkju. Sýnir það að samgöngur voru yfir Tóarfjall til Arnarfjarðar og eflaust yfir í Hafnardal til Hafnar og Svalvoga. Í Gíslasögu Súrssonar er talað um að fara að húsabaki er hann fór úr Lambadal upp á fjallið vestan Haukdals yfir í Keldudal.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (væntanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínunum, s.s. frambrún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendu-kröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðarlínunum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfusvæðið „*Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingadalshorn*“ séu líklega gróðursnautt og lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrannsókna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Eftir að búskap lauk í Lokinhamradal um 2000 hefur sauðfé frá Hólum í Dýrafirði verið í högum og beitolandi Lokinhamra. Sauðfé hefur gengið á Tóarfjall. Dæmi voru um að fé frá Lokinhömrum hafi farið yfir í Keldudal frá Dalsdal og öfugt. Tóarfjall er enn smalað. Fyrr á tímum þurfti að setja girðingar að ofan frá Tóarfjalli svo sauðfé færi ekki í sjálfheldu klettum og þræðingu fjallsins, t.d. á stöðum líkt og Tóin og Hvammurinn. Tóarfjall er enn smalað í haustsmölun að hluta að minnsta kosti skv. upplýsingum frá smölum og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða inn á Dalsdal.

Sauðfé gekk og hefur gengið á Tóarfjall. Í dag gengur fé frá Hólum í Dýrafirði inn í Lokinhamradal á svæðið utan Haukdals inn fyrir Lokinhamradal og inn á Bjargarhlíð. Sauðfé frá Kirkjubóli í Kirkjubólsdal í Dýrafirði gengur frá Fossdal fram á Stapadal og út með Bjargarhlíð og í Lokinhamradal. Hluti Tóarfjalls er smalaður í haustsmölun og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða fremst í dalnum. Veturlandafjall er smalað að hausti frá Stapadal.

Til landkosta Lokinhamra var áður talin hin hið mikla hvannstöð í Lokinhamrató, yst í landareigninni í Tóarfjalli. Í Lokinhamrató áttu a.m.k. þrjár kirkjur rétt til hvannskurðar. Bændur á Lokinhömrum voru oft auðugir vegna landkosta jarðarinnar. Ofar Lokinhamrató í Tóarfjalli og beint upp af henni er önnur tó sem á síðari tímum hefur verið nefnd Hraunstó. Ætla má að hún sé kennd við Hraun í Keldudal í Dýrafirði og er líklegt að sú jörð eða Hraunskirkja hafi átt þarna ítak um lengri eða skemmri tíma.² Af þessum má sjá að miklar nýttar voru af Tóarfjalli fyrir Hraunskirkju í Keldudal í Dýrafirði og hefur töluverður samgangur við á milli Keldudals og Lokinhamra yfir fjallið. Sauðfé gekk á Tóarfjall frá Keldudal og Lokinhömrum frá Dalsdal og dæmi um að fé færi yfir fjallið líkt og áður er getið. Ekki er útilokað að fé hafi gengið á Tóarfjall frá Hafnardal, og þá upp af dalnum fyrir botni innanverðum.

Heimildir eru fyrir því að Lokinhamrató hafi verið nýtt „allt fram yfir 1860“ og er sú staðhæfing ekki talin fjarri lagi. Sóttu menn hana frá „nálægum og fjarlægum bæjum“ hvannir í þessa merkilegu Tó og sem var „stærsta og fegursta hvannstöð á Vestfjörðum og þótt víðar væri leitað“. Í Lokinhamrató er fært úr Tóargili og nærri lætur að hæð klettanna neðan við hana sé 30 faðmar. Í efri tóna, sem nú er nefnd Hraunstó, verður að síga en ofan í hana eru aðeins nokkrir metrar frá fjallsbrúninni. Ætla má að hvannir sem skornar voru í neðri tónni hafi verið látnar síga niður fyrir klettana en þær sem sóttar voru í efri tóna hafi verið híðar upp á brún.

Af þessu má sjá að tóin var að nýtt að hluta að minnsta kosti frá fjallsbrún eða ofan af fjallstoppi Tóarfjall enda hann órjúfanlegur hluti Lokinhamrajarðarinnar.

Tvímælalaust er að þrjár af kirkjunum fjórum í Arnarfirði áttu hvannskurðarrétt í Lokinhamrató, Álftamýrarkirkja, Rafnseyrarkirkja og Selárdalskirkja en tó þessi var stundum nefnd Neðri-Tó á fyrri tíð. Í máldögum frá 16. öld er tekið fram að kirkjan á Álftamýri eigi „búnautnar hvannskurð“ í Lokinhamrató en kirkjan í Selárdal „tölf hjóna hvannskurð“. Þau orð gefa til kynna að fólki prestsins á Álftamýri hafi verið gert að miða hvannatekjuna við heimilisþarfir en guðsmaðurinn í Selárdal hafi mátt láta tólf vinnuhjú sín starfa hér að hvannskurði frá morgni til kvölds, einn dag á ári. Fólk frá öðrum bæjum mun einnig hafa skorið hvannir í Tónni og fengið til þess leyfi hjá húsráðendum í Lokinhömrum.

Gísli Oddsson í Lokinhömrum var einn auðugasti bóndi á Vestfjörðum um sína daga. Vorið 1896 keypti hann Akureyjar á Breiðafirði og fluttist þangað sextugur að aldri en kom aftur í Arnarfjörð sex árum síðar og settist að á Hrafnabjörgum er þá höfðu lengi verið nýttuð af Lokinhamrafólki. Dalsdalur var á

² Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

fyrri öldum sérstök bújörð, 12 hundruð að dýrleika, en á árunum 1621 til 1658 var hún lögð undir Lokinhamra. Líklegt er að bærinn hafi fallið í eyði á sextánda öld. Af þessu má sjá að Tóarfjall og fjallendi utanverðs Lokinhamradalar var veigamikill þáttur í landkostum Lokinhamra.³

Um Tóarfjall ritar Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn í örnefnalýsingu í júlí 1953:⁴

«Fyrir botni Hafnardal eru Dalbotnshillur. Að vestanverðu eru þessi fjöll: Fremst Lambavegur tekur við af Dalbotnshillum; það eru greiðfær klettabelti. Liggur götuslóði um þau upp á brú á Tóarfjalli. Tóarfjal er nokkuð breitt og langt fjall, sem nær alla leið vesturað Dalsdal í Lokinhamralandi. Grösugt er það nokkuð. Viða er þakið gamburmost og gnægð var þar fjallagrasa fyrrum. Gengið var þaðan árlega til grasa fram eftir búskaparárum foreldra minna.» «Foreldrar mínir fluttust að Höfn 1890 og bjuggu þar til 1922.»

Hafnardalur, sem er ofan bæjarhúsanna í Höfn, er smalaður og þaðan getur fé gengið á Tóarfjall úr botni dalsins að vestanverðu. Hafnarhyrna,⁵ norðurendi Tóarfjalls, er vestan Hafnards. Hinum megin við dalinn er Helgafell (um 550 m.y.s.) og skilur að Hafnardal og Keldudal. Seltóftir eru í austanverðum Hafnardal en úr vestanverðum dalnum, framan við Hafnarhyrnu, var farið um Lambaveg til grasa upp á Tóarfjall. Um aldamótin 1900 voru slíkar grasaferðir enn farnar á hverju ári frá Höfn.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadale. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshlíðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrir á tímum. Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt. Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfussvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfussvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám Sléttaness til Stapa

Saurar eru í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes⁶ til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadale;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadale.⁷

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals

³ Sögur og sagnir. Sjá nánar fylgiskjöl.

⁴ Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.

⁵ Væntanlega það fjall sem kallað er Hrafnarhyrna í kröfufylsingu ríkisins.

⁶ Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

⁷ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

í Dýrafirði.⁸ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁹ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadali.¹⁰

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendissskaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróið og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.¹¹

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendissskagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttunes til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglandisspildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekkrur, Svalvogar og áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglandisspildu yst á Snæfellsnesi. Hálendissskaginn, fjalllend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendissskaginn og fjalllendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálendi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendissskaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjalllendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alparnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist af Stapadal og Haukadali og af fjallendinu frá utanverðum dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það

⁸ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁹ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

¹⁰ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

¹¹ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendissskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendissskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.¹² Ekki eru neindir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði¹³ og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹⁴ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „*svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.*“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „*Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.*“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyru Álftamýrarsókn.

Höfn er næst ysti bærinn í Hraunssókn, utar eru Svalvogar sem er aðliggjandi jörð er sá ysti.¹⁵ Haukadalur, ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfussvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingu Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingu sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjallendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfussvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*; 3. *Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall og Seljafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfussvæðin séu þjóðlenda.

¹² Sjá einnig grein eftir fyrirvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

¹⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 58.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjörsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹⁶ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹⁷

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad ríkisdala tali.“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: „*kom þá matsmönnum, eptir umráð við sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jarðar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve móg og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvad mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og vard ending sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;*“

Síðar segir: „*Matsmönnum þókti hæfa ad meðalhundrad í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur ad hafa hrörnad frá því, er ad fornu hefur verid, mætti ad sannsýni metast á 12 Speciur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjóll nærfelt gjörsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og það eru þessar jarðir:*“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „*Enn midur eru þessar metnar;*“ Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „fyrirtekið: *ad meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali.*“

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„*Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer ad óllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er við hófdu varid hafdar á nærstundanförnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar ad því er hin lóggildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri*“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfufvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í

¹⁶ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹⁷ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

fyrirum Auðkúluhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadalur í fyrirum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrirum Auðkúluhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹⁸ „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhrundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjalyýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjalyýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjatala nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁹, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindals árið 1886. Við gerð landamerkjalyýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfufsvæðum.

¹⁸ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁹ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistið landamerkjálaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjälög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísaffarðarsýslu.

Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending í Örnólfsgil í fjallsbrún.

Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending í þverlæk í fjallsbrún.“

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgils og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera eftir því sem vötnum hallar til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrá jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjälög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjálaga 1917.

Landamerkjälög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjálaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fölginn, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og

að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.²⁰ Meirhluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitrar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“

Á meðal helstu breytinga á lögum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.²¹

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“ Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjalýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfufusvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrár hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið

²⁰ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

²¹ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákvæðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögnum. Einnig er þar tekið fram í lögnum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sjerstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubólss í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalands/Kirkjubólsslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfussvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlenda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalyking í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalykingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalyking á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í

landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalinur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppa eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppa er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einangrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- oooo000oooo-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Saurar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/saurar/>
- Sögur og sagnir – Hraun. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hraun-i-keldudal/>
- Sögur og sagnir – Skálará. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/skalara/>
- Sögur og sagnir – Arnarnúpur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/arnarnupur/>
- Sögur og sagnir – Haukadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/haukadalur/>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sögur og sagnir – Sveinseyri. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenszka fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16615>
- Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/lokinhamrar/>
- Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn, 1953. Örnefnalýsing: Höfn í V-Ísafjarðarsýslu.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16664>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að
fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Arnarnúpur í Keldudal við Dýrafjörð.

Kröfuna gerir/gera:

- Kristjana Sigríður Vagnsdóttir, kennitala 080331-2829

Fyrirvar:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast
 - Afmörkun jarðarinnar í heild.

Landamerkjabréf Arnarnúps No 98 er dagsett 1. desember 1889, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Landamerkjaskrá fyrir Arnarnúp í Dýrafirði

Eptir því sem gamlir og réttorðir menn hafa frá sagt, því eru þessi landamerki fyrir jörðinni á Arnarnúpi: Allt neðan frá sjó ræður áin fram eptir dalnum og beina sjónhending í „Hálfðánargjá“, að fráteknum hinum svo nefndu „Staðareyrum“, sem nú eru Arnarnúps megin við ána, og „hólmunum“ niðri við ár ósinn, sem getið er um í Hraunsmerkja skrá. En á milli Arnarnúps og Sveinseyrar eru merkin í sker það, sem er fyrir innan svo nefnda „ófæru“, og nefnist „Ófærusker“, þaðan beina sjónhending á fjall upp.

Þessu til staðfestu eru okkar undirrituð nöfn.

Núpi 1. dec. 1889

Landamerkjum Arnarnúps og Hrauns er lýst í landamerkjabréf Hrauns og Saura No 44, dags. 20. maí 1886, eftirfarandi:

Milli Arnarnúps og Hrauns skiptir áin landi jarðanna með þeirri athugasemd að hóll sá, sem húsin standa á, innan til við árkjaptinn niðri við sjóinn hefir fyrir nokkrum tíma verið fyrir utan ána og þannig legið í Hrauns landi, og tilheyrir því Hrauns landi enn Hóll þessi er enn í dag kallaður Hólmi. Kirkjan í Hrauni á skóg á Kleifum í Dýrafirði og reka hálfum í Keflavík.

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Arnarnúps á Eyrarfjalli og Seljafjalli markast að utanverðu af landi Sveinseyrar uppá fjallinu, sem er sjónhending á fjall upp frá Ófæruskeri á Eyrarhlíð. Þaðan inn eftir Eyrarfjalli í Nóntind og áfram inn eftir fjallinu í Nóntind á Seljafjalli og að Lambaskál, allt eftir því sem vötnum hallar til Arnarnúpslands. Land Arnarnúps á Þverfjalli inn af fjallsbrún Hálfðánargjár, sem er í beinni sjónhendingu frá Langá. Þaðan inn á fjallið eftir því sem vötnum hallar til Arnarnúpslands.

Land Arnarnúps til fjalla er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi Sveinseyrar, Hrauns, Lokinhamra og Haukdals. Landamerki Arnarnúps og aðliggjandi jarða eru einkaréttarleg mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*

- *Eyrarfjall og Seljafjall*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Arnarnúps á Eyrarfjalli og Seljafjalli sem markast að utanverðu af landi Sveinseyrar uppá fjallinu, sem er sjónhending á fjall upp frá Ófæruskeri á Eyrarhlíð. Þaðan inn eftir Eyrarfjalli í Nóntind og áfram inn eftir fjallinu í Nóntind á Seljafjalli og að Lambaskál, allt eftir því sem vötnum hallar til Arnarnúpslands.

Landið er órjúfanlegur hluti Arnarnúps. Kröfulínan markast af landi Sveinseyrar og Haukadals. Landamerki Arnarnúps og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er þess krafist að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé viðurkennd sem afréttareign.

- *Skjöldur, Bæjarfjall og Þverfjall*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Arnarnúps á Þverfjalli inn af fjallsbrún Hálfðánargjár, sem er í beinni sjónhendingu frá Langá. Þaðan inn á fjallið eftir því sem vötnum hallar til Arnarnúpslands.

Landið er órjúfanlegur hluti Arnarnúps og markast af landi Hrauns, Lokinhamra og Haukdals. Landamerki Arnarnúps og aðliggjandi jarða á svæðinu eru einkaréttarleg mál eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er krafist viðurkenningar á að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

1. Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
2. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
3. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dagsett 20. maí 1886.
4. Landamerkjabréf Skálará, dagsett 5. desember 1891.
5. Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.

6. Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
7. Jarðabók 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeiganda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Arnarnúpur í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðið „*Eyrarfjall og Seljafjall*“ og *Þverfjall* á kröfusvæðinu „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“. Landsvæðin sem ríkið lýsir þjóðlendukröfum sínum í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðin eru því ekki utan eignarlands Arnarnúps og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfur eiganda Arnarnúps byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigandi Arnarnúps hefur ávallt litið svo á að *Eyrarfjall og Seljafjall og Þverfjall* á kröfusvæðinu „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“ væru órjúfanlegir hluti jarðarinnar. Ekkert í landamerkjalyýsingu landamerkjabréfa Arnarnúps og aðliggjandi jarða gefur vísbendingu um að hluti kröfusvæðisins tilheyri ekki Arnarnúpi sem eignarland, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Eignarland Arnarnúps á Eyrarfjalli og Seljafjalli og á Þverfjalli takmarkast af landi Lokinhamra, Sveinseyrar og af fjallsbrúnum sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukdals.

Arnarnúpur fór í eyði árið 1966 er síðasta fjölskyldan fluttist finn að Sveinseyri. Keldudalur fór með því í eyði. Árið 1703 var íbúafjöldi Keldudals 80 manneskjur, árið 1801 var íbúatalan 90, árið 1870 50 og árið 1901 98 en úr því tók íbúum dalsins að fækka. Um 1920 fékk bóndinn á Skálará fyrstu hestakerruna sem kom í Keldudal. Kerruvegur var þá lagður frá Skálará að Saurum og sést enn móta fyrir þeirri braut á stöku stað. Hvergi er hestfært upp úr Keldudal. Sýnir það mikilvægi Tóarfjalls fyrir byggð í dalnum í gegnum árin. Sýnir það að samgöngur voru yfir Tóarfjall til Arnarfjarðar og eflaust yfir í Hafnardal til Hafnar og Svalvoga. Hraunstö í Tóarfjalli í Arnarfirði var ítak Hraunskirkju. Í Gíslasögu Súrssonar er talað um að fara að húsabaki er hann fór úr Lambadal upp á fjallið vestan Haukdals yfir í Keldudal. Sjá um gróður og nytja á Tóarfjalli, og Eyrarfjalli og Seljafjalli hér að neðan.

Landamerkjum Arnarnúps er lýst í landamerkjabréfi dagsettu 1. desember 1889. Þar er landamerkjum ekki lýst út til sjávar, það er að segja til netlaga. Í landabréfinu segir: „*Allt neðan frá sjó ræður áin fram eptir dalnum. En á milli Arnarnúps og Sveinseyrar eru merkin í sker það, sem er fyrir innan svo nefnda „ófæru“, og nefnist „Ófærusker“, þaðan beina sjónhending á fjall upp.*“ Af kröfum ríkisins má álykta að ríkið gæti lýst kröfum í eignarland jarðarinnar utan fjöruborðs á milli nefndra landamerkja enda netlögum ekki lýst í landamerkjabréfi. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eiganda Arnarnúps til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er til fjalla en þar markast land af landi aðliggjandi jarða. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (væntanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínum, s.s. frambrún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendu-kröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðalínum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Um kröfulínu ríkisins – fjallsbrún og hæðarlínur

Einnig er fjallað um kröfulínur og hæðarlínur í umfjöllun um Lokinhamra og Hrafnabjörg en með nokkuð öðrum hætti.

Í kafla 5.1 „Almennt“ í kafla 5 „Kröfulínur og röksemdir“ í kröfulýsingu ríkisins kemur fram „að þegar vísað er í fjallsbrún eða fjallsbrúnir í eftirfarandi kröfulýsingunum er átt við frambrún fjalls þar sem skörp skil eru oft í hæðarlínum s.s. frambrún kletta eða önnur skýr skil, nema annað sé tekið fram.“ Síðar segir eftirfarandi: „Þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerðinni að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja. Sé merkjum ekki lýst lengra, séu landamerkjalyðingar óskýrar, séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin, í töluverðri hæð er víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði lýst þjóðlenda.“ Einnig segir að í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Segir að hæðarlína sé jafnan valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag.

Í tilfalli Eyrarfjalls og Seljafjalls er hæðin um 500m í allt að 810m hæð. Þessar hæðir koma hvorki fram í lýsingu þjóðlendu-kröfulínu né kröfugerða og því ekki hluti af henni. Þar sem ríkið dregur kröfulínu eftir fjallsbrún en engin fjallsbrún samkvæmt skilgreiningu ríkisins er ekki til staðar jafngildir það skorti á kröfulínu og því vanreifun. Ekki er hægt að byggja úrskurð á kröfulínu, hér fjallsbrún, sem ekki er til staðar. Engan vegin er hægt að líta til hæðarlína við afmörkun þjóðlendu-kröfulínu og þar með þjóðlendu.

Ef fjallsbrún hefur ekki skörp skil í hæðarlínu, s.s. frambrúnkletta eða önnur skýr skil getur ekki verið um glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Hæðarlína er ekki glögg merki af völdum náttúrunnar og stenst engan vegin kröfur laga um landamerki, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Orðið *fjallsbrún* kemur einungis fram í kröfugerð ríkisins og byggir það alla kröfulínu sína í Eyrarfjall á því hugtaki. Ekki er því hægt að byggja kröfu ríkisins um þjóðlendu ofan fjallsbrúnar á svæðinu á orði sem ekki er í landamerkjalyðingu.

Í landamerkjabréfi Sveinseyrar, sem dagsett er 10. desember 1891, er ekki minnst einu orði á orðið „fjallsbrún“ og að land jarðarinnar nái að fjallsbrún líkt og ríkið byggir kröfur sínar á. Í bréfinu er talað um „*beina sjónhendingu upp til fjalls.*“ Í landamerkjabréfi Arnarnúps, sem er dagsett 1. desember 1889, er merkjum Sveinseyrar og Arnarnúps lýst og talað um „*beina sjónhending á fjall upp.*“ Orðin „á fjall

upp“ ber að skýra að sjónhending sé upp fjallið og takmarki landamerki jarðanna ekki við fjallsbrún, sbr. orðin „á fjall“. Það voru einfaldlega enginn ástæða til að lýsa landamerkjum á milli Arnarnúps og Sveinseyrar uppi á Eyrarfjalli. Það þýðir ekki að landamerki jarðanna séu þar ekki.

Ríkið byggir hér kröfulýsingu sína og afmörkun þjóðlendukröfulínu fyrst og fremst á afmörkun aðliggjandi jarða að Eyrarfjalli og Seljafjalli samkvæmt landamerkjabréfum Arnarnúps, Sveinseyrar og Haukadals þar sem landamerkjum er lýst á Eyrarhlíð og innar. Engin landamerki eru Keldudals megin. Hvað ef Eyrarfjall og Seljafjall væru innan marka einnar jarðar og enginn landamerki í fjallinu? Augljóst er að krafa ríkisins byggir á hugtakinu fjallsbrún sem ekki kemur fram í landamerkjabréfum og fela ekki í sér eignarmörk á svæðinu. Enginn landamerki og enginn landamerkjalyásing á Eyrarfjalli og Seljafjalli frá Keldudal. Samt dregur ríkið kröfulínu þar ofan fjallsbrúnar út allan Keldudal. Ekki er hægt að takmarka eignarhald Arnarnúps á Eyrarfjalli frá Keldudal með vísan til landamerkja á Eyrarhlíð og það með hugtaki „fjallsbrún“ sem ekki kemur fyrir í því landamerkjabréfi.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfusvæðið „*Eyrarfjall og Seljafjall*“ sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrrannsókna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Sauðfé gengur á Eyrarfjall og Seljafjall og farið þangað til fjallagrasa og rjúpna, sem voru álitinn mikil hlunnindi áður fyrr. Féð fer upp Sveinseyrarhvilft þaðan inn á Eyrarfjall og Seljafjall enda gróður upp á fjöllum og ekki bert malarholt. Sá er þetta ritar ræddi við og er frá Arnarnúpi og Sveinseyri fór síðast þarna upp til smölunar síðasta haust. Var þá farið upp framan við Arnarnúpskvíft. Eyrarfjall og Seljafjall er nytjað enda fjöllin órjúfanlegur hluti þeirra.

Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Seljafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadals yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfulýsinga aðliggjandi jarða.

Nafnið Seljafjall dregur nafn sitt af orðinu sel, sem er dvalarstaður með húsakosti í sumarhögum langt frá bæ þar sem búsmali er mjólkaður. Beitarhús er annað nafn á seli. Af nafninu má sjá að umrætt fjall dregur nafn sitt af nytjum enda er það ástæða nafngiftarinnar, annað væri undarlegt.

Á Eyrardal vestanverðum er gamalt sel og framan við það lækur sem Sellækur heitir. Undir hliðum Kolturshornsins, niður við Haukadalsá, heita Seljaeyrar en selin frá Haukadalsá voru utan við Haukadalsána. Þar eru seltóttirnar enn þó öllum seljabúskap hafi verið hætt í Haukadalsá árið 1828. Neðantil í dalnum eru fjöllin beggja vegna hans mun lægri en í kringum dalbotninn. Undir hliðum Kolturshornsins, niður við Haukadalsá, heita Seljaeyrar en selin frá Haukadalsá voru utan við Haukadalsána.

Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Seljafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadals yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfulýsinga aðliggjandi jarða.

Ekki er getið um sel Arnarnúpsbænda í prentuðum heimildum en fram í Keldudal beint niður af Arnarnúpskvíft eru Fornusel. Þar eru miklar tóttarústir á sléttlendi heimantil við læk sem kemur ofan úr hvíltinni og heitir Seljalækur. Mörg fleiri sel eru í Keldudal. Fjallið framan við Arnarnúpskvíft er Seljafjall.

Áður fyrr var skógur í Haukadal og Lambadal, þar sem nú eru smá hjallar og víða upp blásið. Haukadalur er líka enn svo frjósamur, þó hann sé orðinn mjög eyðilagður af skriðum hið efra, að líklegt er, að þar hafi sumstaðar verið þykkr skógur í fornöld, einkannlega upp í dalnum. Hér var sem Gísla saga Súrssonar segir að Gísli hafi tekið fjárhlut sinn til skógar. Úr Lambadal mun Gísli hafa farið upp á fjallið vestan Haukdals eða það sem kallað var að húsbaki. Land með skóg upp í hlíðar og er með gróið land á sléttunum ofan fjallsbrúnar. Sigurður Vigfússon segir svo frá í ritgerð sinni Rannsókn um Vestfirði 1882.¹

Eftir að búskap lauk í Lokinhamradal um 2000 hefur sauðfé frá Hólum í Dýrafirði verið í högum og beitolandi Lokinhamra. Sauðfé hefur gengið á Tóarfjall. Dæmi voru um að fé frá Lokinhömrum hafi farið yfir í Keldudal frá Dalsdal og öfugt. Tóarfjall er enn smalað. Fyrr á tímum þurfti að setja girðingar að ofan frá Tóarfjalli svo sauðfé færi ekki í sjálfheldu klettum og þræðingu fjallsins, t.d. á stöðum líkt og Tóin og Hvammurinn. Tóarfjall er enn smalað í haustmölun að hluta að minnsta kosti skv. upplýsingum frá smölum og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða inn á Dalsdal.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadal. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshlíðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrr á tímum. Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt. Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfussvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfussvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám Sléttaness

Arnarnúpur er í landnámi Eiríks er nam Dýrfjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes² til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadal;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadal.³

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁴ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur

¹ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíða 29.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

² Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

³ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁴ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁵ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadali.⁶

Frá fornu fari hefur ysti hluti hins mikla hálendisskaga sem skilur að Arnarfjörð og Dýrafjörð borið nafnið Sléttanes. Til marks um þetta má nefna að í Þórðar sögu kakala, sem talin er hafa verið rituð fyrir lok 13. aldar, er talað um Selvoga á Sléttanesi en Selvogar eru gamalt nafn á hinu forna býli sem nú hefur lengi verið nefnt Svalvogar. Í vitnisburðarbréfi frá því um 1510 er nafnið Sléttanes líka greinilega notað í þessari sömu merkingu. Einnig heitir Sléttanes gróíð og sléttlent nes, þar sem fyrrum stóð um skeið samnefndur bær, einum til tveimur kílómetrum fyrir utan hreppamörk Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps.⁷

Sléttanes eða Sléttunes nær því yfir ysta hluta hálendisskagans á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það í samræmi við lýsingu Landnámu um landnám Dýrafjarðar og Sléttuness til Stapa í Arnarfirði og Háls hins ytri í Dýrafirði. Fráleitt er að ætla að Landnáma sé í lýsingu sinni á landnámi Íslands að fjalla um grasbalann sem kallast Sléttanes, þar sem samnefnt kotbýli var.

Allt land beggja vegna láglendisspildunnar Sléttanes er andhverfa þess sem gæti borið það nafn. Fyrir innan nesið eru Hlaðsnes og Urðarnes og Geitatóftir. Fyrir utan eru Svalvogabrekkkur, Svalvogar og áfram mjög stórgrýtt svæði og Svaðshóll að bænum Höfn. Svalvogar eru lítil vogur en ekki nes, sbr. nefnt vitnisburðarbréf 1510. Má líkja þessu við að tala um Snæfellsnes sem láglendisspildu yst á Snæfellsnesi. Hálendisskaginn, fjalllend allt og fjallstoppar, var numið samkvæmt Landnámu. Frá þeim tíma hefur hálendisskaginn og fjalllendið verið órjúfanlegur hluti jarða á svæðinu enda órjúfanlegur hluti lífsviðurværis og lífs á Vestfjörðum frá landnámi. Ekkert bendir til að í eignakveðju lands á svæðinu hafi jarðir á skaganum takmarkast við fjallsbrún. Aldrei minnst á það hugtak í landamerkjabréfum. Í kröfugerð ríkisins á svæðinu og á Vestfjörðum er beitt aðferðarfræði sem er ekki í tengslum við héraðið en gæti kannski átt við á miðhálendi Íslands.

Mögulegt er að nafnið Sléttanes eða Sléttunes á hálendisskaganum eigi uppruna sinn í sléttum þeim sem eru ofan á fjöllum skagans. Einnig hvernig skaginn ber við himinn séð frá hafi, en algengt er um nafngiftir lands við ströndina taki nafn sitt frá því sjónarhorni. Séð frá Selárdal og Ketildölum og alla leið frá Suðurfjörðum Arnarfjarðar, t.d. Reykjarfirði, ber Veturlandafjall utan Stapadals við himinn sem slétt útlína sem hallar að sjávarrönd. Svipað er hvernig fjalllendið utan Haukadals sést frá Dýrafirði. Er það í mótsetningu við fjöllin innar á skaganum, sem hafa verið kölluð vestfirsku Alparnir. Arnarfjörður er stærsti fjörður Vestfjarða með innfjörðum og víkkar frá Stapadal en þó ekki flói.

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist því af Stapadal og Haukadali og fjallendi utanvert í dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendisskaganum, eða

⁵ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

⁶ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁷ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendis-skagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.⁸ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði⁹ og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹⁰ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „*svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.*“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „*Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.*“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyru Álftamýrarsókn.

Haukadalur er ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfussvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingum Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingu sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfussvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*; 3. *Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall og Seljafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfussvæðin séu þjóðlenda.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjórsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹¹ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹²

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „*fyrirtekið: ad meta jardir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad ríkisdala tali.*“

⁸ Sjá einnig grein eftir fyrirvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

¹¹ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹² Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: *“kom þá matsmönnum, eptir umráð við sýslumann, saman um, að sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jardar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve mörög og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvað mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jardir og vard ending sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;”*

Síðar segir: *„Matsmönnum þókti hæfa að medalhundrað í hrepp þessum, eptir því sem jardir koma nú fyrir og geta virðst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur að hafa hrörnad frá því, er að fornu hefur verið, mætti að sannsýni metast á 12 Specíur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjóll nærfelt gjörsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og þad eru þessar jardir.”* Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: *„Enn midur eru þessar metnar;”* Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið *„fyrirtekið: ad meta jardir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali.”*

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer ad öllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er við hófðu varid hafdar á nærstundanförnu jarðamatsþingi og móttu síðan jardirnar ad því er hin lógildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jördu hvórri”

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúlurhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfufsvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúlurhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadalur í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhliðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúlurhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹³ „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjálýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjálýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁴, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindals árið 1886. Við gerð landamerkjálýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfufsvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku nógildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

¹³ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁴ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistíð landamerkjálaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjälög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu. Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending í Örnólfsgil í fjallsbrún. Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending í þverlæk í fjallsbrún.“

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalandis að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgils og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalandis“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera *eftir því sem vötnum hallar* til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrá jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjálaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjälög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjálaga 1917.

Landamerkjälög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjálaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fólgin, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁵ Meirhluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

¹⁵ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: *„Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögunum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“*

Á meðal helstu breytinga á lögunum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: *„I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“*

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.¹⁶

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; *„Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“* Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjálýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfufusvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrár hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögunum. Einnig er þar tekið fram í lögunum að sýslumenn og hreppstjórnar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og

¹⁶ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sjerstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku nágildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubóls í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalands/Kirkjubólslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfufusvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalýsing í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalýsingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalýsing á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbygðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalínur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einangrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- oooo000oooo-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Arnarnúpur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/arnarnupur/>
- Örnefnaskrá Arnarnúps. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16644>
- Örnefnaskrá Arnarnúps. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16643>
- Sögur og sagnir – Sveinseyri. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>
- Sögur og sagnir – Haukadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/haukadalur/>
- Sögur og sagnir – Hraun. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hraun-i-keldudal/>
- Sögur og sagnir – Skálará. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/skalara/>
- Sögur og sagnir – Saurar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/saurar/>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
- Sögur og sagnir – Svalvogar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að
fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Sveinseyri við Dýrafjörð.

Kröfuna gerir/gera:

- Eignarhaldsfélagið Skjöldur, kennitala 650102-2310

Fyrirsvarsmáður félagsins sem undirritar umboð f.h. félagsins: Andrés Jóhann Snorrason, kennitala 250467-5679

Fyrirsva:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast
 - Afmörkun jarðarinnar í heild.

Landamerkjabréf Sveinseyrar, sem er dagsett 10. desember 1891, er merkjum er lýst eftirfarandi:

Milli Haukadals og Sveinseyrar eru mekin [sic]¹ eftir svokölluðum Merkishrygg, upp í fjallsrönd og ofan í sjó úr tóuhúsi svokölluðu, en á milli Sveinseyrar og Arnarnúps í svokallað Ófærusker fyrir innan Ófæru og beina sjónhendingu upp til fjalls, sem um er getið í Arnarnúps landamerkjaskrá.

Landamerkjabréf Arnarnúps², sem er dagsett 1. desember 1889, er merkjum Sveinseyrar og Arnarnúps lýst eftirfarandi:

En á milli Arnarmýrar [sic] og Sveinseyrar eru merkin í sker það, sem er fyrir innan svonefnda Ófæru, og nefnist Ófærusker, þaðan beina sjónhending á fjall upp.

Landamerkjabréf Haukadals³, sem er dagsett 3. júlí 1886, er merkjum Sveinseyrar og Haukadals lýst eftirfarandi:

Að utanverðu frá Fellsrönd niður eftir Ytri-Merkishrygg um svokallað Tóutún í Sveinseyrarármynni.

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Sveinseyrar á Eyrarfjalli og Seljafjalli markast að utan af landi Arnarnúps uppá fjallinu, sem er í sjónhending á fjall upp frá Ófæruskeri á Eyrarhlíð. Þaðan inn eftir Eyrarfjalli í Nóntind og í kringum botn Eyrardals í Nóntind á Seljafjalli og að fjallsrönd ofan Merkihryggjar ofan Tóutúns í Sveineyrararmynni, allt eftir því sem vötnum hallar til Sveinseyrarlands.

¹ Byggt á umfjöllun í kröfulýsingu ríkisins, blaðsíðu 32.

² Landamerkjabréfum Arnarnúps og Haukadals er hér lýst vegna mismunandi orðalags í samanburði við landamerkjabréf Arnarnúps.

³ Ibid.

Land Sveinseyrar til fjalla er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi Arnarnúps og Haukdals. Landamerki Sveinseyrar og aðliggjandi jarða eru einkaréttarleg mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði jarðarinnar.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*

- *Eyrarfjall og Seljafjall*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt á landi Sveinseyrar á Eyrarfjalli og Seljafjalli, sem markast að utan af landi Arnarnúps uppá fjallinu, sem er í sjónhending á fjall upp frá Ófæruskeri á Eyrarhlíð. Þaðan inn eftir Eyrarfjalli í Nóntind og í kringum botn Eyrardals í Nóntind á Seljafjalli og að fjallsrönd ofan Merkihryggjar ofan Tóutúns í Sveineyrarármynni, allt eftir því sem vötnum hallar til Sveinseyrarlands.

Landið er órjúfanlegur hluti Sveinseyrar. Kröfulínan á fjallinu markast af landi Arnarnúps og að innanverðu af landi Haukadals. Landamerki Sveinseyrar og aðliggjandi jarða eru einkaréttarlegt mál á milli eigenda jarðanna og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er þess krafist að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé viðurkennd sem afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

1. Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
2. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
3. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dagsett 20. maí 1886.
4. Landamerkjabréf Skálará, dagsett 5. desember 1891.
5. Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.
6. Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
7. Jarðabók 1849-1850.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeiganda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Sveinseyri í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðið „*Eyrarfjall og Seljafjall*“. Landsvæðið sem ríkið lýsir þjóðlendukröfu sinni í er hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðið er því ekki utan eignarlands Sveinseyrar og fellur því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur eiganda Sveinseyrar byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigandi Sveinseyrar hefur ávallt litið svo á að *Eyrarfjall og Seljafjall* væri órjúfanlegur hluti jarðarinnar. Ekkert í landamerkjalyðingu landamerkjabréfa Sveinseyrar og aðliggjandi jarða gefur vísbendingu um að hluti kröfusvæðisins tilheyri ekki Sveinseyri sem eignarland, sbr. kröfugerð og kröfulínur á korti. Eignarland Sveinseyrar á Eyrarfjalli og Seljafjalli takmarkast af landi Arnarnúps og af fjallsbrúnum sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukdals.

Landamerkjum Sveinseyrar er lýst í landamerkjabréfi dagsettu 10. desember 1891. Þar er landamerkjum lýst til sjávar milli Sveinseyrar og Haukdals; frá Merkishrygg og ofan í sjó, og á milli Sveinseyrar og Arnarnúps; í Ófærusker innan Ófæru. Af kröfum ríkisins má álykta að ríkið gæti lýst kröfum í eignarland jarðarinnar utan fjöruborðs á milli nefndra landamerkja enda netlögum ekki lýst í landamerkjabréfi. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eiganda Sveinseyrar til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er til fjalla en þar markast land af landi aðliggjandi jarða. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálft að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (væntanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlenduþröfn afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínunum, s.s. frambrún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlenduþröfnulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðarlínunum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Um kröfulínu ríkisins – fjallsbrún og hæðarlínur

Einnig er fjallað um kröfulínur og hæðarlínur í umfjöllun um Lokinhamra og Hrafnabjörg en með nokkuð öðrum hætti.

Í kafla 5.1 „Almennt“ í kafla 5 „Kröfulínur og röksemdir“ í kröfulýsingu ríkisins kemur fram „að þegar vísað er í fjallsbrún eða fjallsbrúnir í eftirfarandi kröfulýsingunum er átt við frambrún fjalls þar sem skörp skil eru oft í hæðarlínunum s.s. frambrún kletta eða önnur skýr skil, nema annað sé tekið fram.“ Síðar segir eftirfarandi: „Þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerðinni að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja. Sé merkjum ekki lýst lengra, séu landamerkjalyðingar óskýrar, séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin, í töluverðri hæð er víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði lýst þjóðlenda.“ Einnig segir að í nokkrum kröfulýsingum sé

Þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Segir að hæðarlína sé jafnan valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag.

Í tilfelli *Eyrarfjalls og Seljafjalls* er hæðin um 500m í allt að 810m hæð. Þessar hæðir koma hvorki fram í lýsingu þjóðlendukröfulínu né kröfugerða og því ekki hluti af henni. Þar sem ríkið dregur kröfulínu eftir fjallsbrún en engin fjallsbrún samkvæmt skilgreiningu ríkisins er ekki til staðar jafngildir það skorti á kröfulínu og því vanreifun. Ekki er hægt byggja úrskurð á kröfulínu, hér fjallsbrún, sem ekki er til staðar. Engan vegin er hægt að líta til hæðarlína við afmörkun þjóðlendukröfulínu og þar með þjóðlendu.

Ef fjallsbrún hefur ekki skörp skil í hæðarlínu, s.s. fram brúnkletta eða önnur skýr skil getur ekki verið um glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Hæðarlína er ekki glöggt merki af völdum náttúrunnar og stenst engan vegin kröfur laga um landamerki, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Orðið *fjallsbrún* kemur einungis fram í kröfugerð ríkisins og byggir það alla kröfulínu sína í Eyrarfjall á því hugtaki. Ekki er því hægt að byggja kröfu ríkisins um þjóðlendu ofan fjallsbrúnar á svæðinu á orði sem ekki er í landamerkjalyýsingu.

Í landamerkjabréfi Sveinseyrar, sem dagsett er 10. desember 1891, er ekki minnst einu orði á orðið „fjallsbrún“ og að land jarðarinnar nái að fjallsbrún líkt og ríkið byggir kröfur sínar á. Í bréfinu er talað um „*beina sjónhendingu upp til fjalls*.“ Í landamerkjabréfi Arnarnúps, sem er dagsett 1. desember 1889, er merkjum Sveinseyrar og Arnarnúps lýst og talað um „*beina sjónhending á fjall upp*.“ Orðin „á fjall upp“ ber að skýra að sjónhending sé upp fjallið og takmarki landamerki jarðanna ekki við fjallsbrún, sbr. orðin „á fjall“. Það voru einfaldlega enginn ástæða til að lýsa landamerkjum á milli Arnarnúps og Sveinseyrar uppi á Eyrarfjalli. Það þýðir ekki að landamerki jarðanna séu þar ekki.

Ríkið byggir hér kröfulýsingu sína og afmörkun þjóðlendukröfulínu fyrst og fremst á afmörkun aðliggjandi jarða að Eyrarfjalli og Seljafjalli samkvæmt landamerkjabréfum Arnarnúps, Sveinseyrar og Haukadals þar sem landamerkjum er lýst á Eyrarhlíð og innar. Engin landamerki eru Keldudals megin. Hvað ef Eyrarfjall og Seljafjall væru innan marka einnar jarðar og enginn landamerki í fjallinu? Augljóst er að krafa ríkisins byggir á hugtakinu fjallsbrún sem ekki kemur fram í landamerkjabréfum og fela ekki í sér eignarmörk á svæðinu. Enginn landamerki og enginn landamerkjalyýsing á Eyrarfjalli og Seljafjalli frá Keldudal. Samt dregur ríkið kröfulínu þar ofan fjallsbrúnar út allan Keldudal. Ekki er hægt að takmarka eignarhald Arnarnúps á Eyrarfjalli frá Keldudal með vísan til landamerkja á Eyrarhlíð og það með hugtaki „fjallsbrún“ sem ekki kemur fyrir í því landamerkjabréfi.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfusvæðið „*Eyrarfjall og Seljafjall*“ sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrannsóknna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Sauðfé gengur á Eyrarfjall og Seljafjall og farið þangað til fjallagrasa og rjúpna, sem voru álitinn mikil hlunnindi áður fyrr. Féð fer upp Sveinseyrarhvilft þaðan inn á Eyrarfjall og Seljafjall enda gróður upp á fjöllunum og ekki bert malarholt. Sá er þetta ritar ræddi við og er frá Arnarnúpi og Sveinseyri fór síðast

þarna upp til smölunar síðasta haust. Var þá farið upp framan við Arnarnúpskvíft. Eyrarfjall og Seljafjall er nytjað enda fjöllin órjúfanlegur hluti þeirra.

Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Seljafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadal yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfulýsinga aðliggjandi jarða.

Nafnið Seljafjall dregur nafn sitt af orðinu sel, sem er dvalarstaður með húsakosti í sumarhögum langt frá bæ þar sem búsmali er mjólkaður. Beitarhús er annað nafn á seli. Af nafninu má sjá að umrætt fjall dregur nafn sitt af nytjum enda er það ástæða nafngiftarinnar, annað væri undarlegt.

Á Eyrardal vestanverðum er gamalt sel og framan við það lækur sem Sellækur heitir. Undir hliðum Kolturshornsins, niður við Haukadalsá, heita Seljaeyrar en selin frá Haukadal voru utan við Haukadalsána. Þar eru seltóttirnar enn þó öllum seljabúskap hafi verið hætt í Haukadal árið 1828. Neðantil í dalnum eru fjöllin beggja vegna hans mun lægri en í kringum dalbotninn. Undir hliðum Kolturshornsins, niður við Haukadalsá, heita Seljaeyrar en selin frá Haukadal voru utan við Haukadalsána.

Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Seljafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadal yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfulýsinga aðliggjandi jarða.

Ekki er getið um sel Arnarnúpsbænda í prentuðum heimildum en fram í Keldudal beint niður af Arnarnúpskvíft eru Fornusel. Þar eru miklar tóttarústir á sléttlendi heimantil við læk sem kemur ofan úr hvíltinni og heitir Seljalækur. Mörg fleiri sel eru í Keldudal. Fjallið framan við Arnarnúpskvíft er Seljafjall.

Áður fyrr var skógur í Haukadal og Lambadal, þar sem nú eru smá hjallar og víða upp blásið. Haukadalur er líka enn svo frjósamur, þó hann sé orðinn mjög eyðilagður af skriðum hið efra, að líklegt er, að þar hafi sumstaðar verið þykkr skógur í fornöld, einkannlega upp í dalnum. Hér var sem Gísli saga Súrssonar segir að Gísli hafi tekið fjárhlut sinn til skógar. Úr Lambadal mun Gísli hafa farið upp á fjallið vestan Haukdals eða það sem kallað var að húsabaki. Land með skóg upp í hliðar og er með gróið land á sléttunum ofan fjallsbrúnar. Sigurður Vigfússon segir svo frá í ritgerð sinni Rannsókn um Vestfirði 1882.⁴

Eftir að búskap lauk í Lokinhamradal um 2000 hefur sauðfé frá Hólum í Dýrafirði verið í högum og beitolandi Lokinhamra. Sauðfé hefur gengið á Tóarfjall. Dæmi voru um að fé frá Lokinhömrum hafi farið yfir í Keldudal frá Dalsdal og öfugt. Tóarfjall er enn smalað. Fyrr á tímum þurfti að setja girðingar að ofan frá Tóarfjalli svo sauðfé færi ekki í sjálfheldu klettum og þræðingu fjallsins, t.d. á stöðum líkt og Tóin og Hvammurinn. Tóarfjall er enn smalað í haustsmölun að hluta að minnsta kosti skv. upplýsingum frá smölum og er þá farið upp Krossgili yst í Dalsdal eða inn á Dalsdal.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadal. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshliðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrr á tímum.

⁴ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísli Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíða 29.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt. Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfussvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfussvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám milli Hálsa í Dýrafirði

Sveinseyri er í landnámi Vésteins Végeirssonar er nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadals.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes⁵ til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadals;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadals.⁶

Í Landnámu segir í 47. Kafla um landnám hluta Arnarfjörðar, þar á meðal Langaness, eftirfarandi:⁷

Örn hét maður ágætur; hann var frændi Geirmundar heljarskinns; hann fór af Rogalandi fyrir ofríki Haralds konungs. Hann nam land í Arnarfirði svo vítt sem hann vildi; hann sat um veturinn á Tjaldanesi, því að þar gekk eigi sól af um skammdegi.

Örn spurði til Hámundar heljarskinns frænda síns norður í Eyjafirði, og fjóstist hann þangað; því seldi hann Áni rauðfeld lönd öll milli Langaness og Stapa. Ánn gerði bú á Eyri; þar þótti Grélöðu hunangsilmur úr grasi.

Geirþjófur Valþjófsson nam land í Arnarfirði, Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð, og bjó í Geirþjófsfirði; hann átti Valgerði, dóttur Úlfs hins skjálga.

Landnám Vésteins, sem bjó í Haukadals, markast að utan af landnámi Eiríks er nam Dýrafjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði. Landnám Vésteins ofan botns Haukadals markast af Stapadal sem er í landnámi Arnar er nam Arnarfjörð svo vítt hann vildi, líkt og segir í Landnámu.

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð á landnámi Eiríks. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsunum í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁸ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁹ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar.

⁵ Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

⁶ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁷ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁸ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁹ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadal.¹⁰

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist því af Stapadal og Haukadal og fjallendi utanvert í dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendissskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendissskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Landnám Arnars er nam Arnarfjörð markast að utan af landnámi Eiríks er nam Dýrafjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði. Landnám Arnars að innan markast af landnámi Geirþjófs Valþjófsssonar er nam Suðurfirði Arnarfjarðar, Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð og Geirþjófsfjörð, þar sem hann bjó.

Tjaldanes, þar sem Örn landsnámsmaður sat um fyrsta veturinn, skagar út í fjörðinn á norðanverðri Arnarfjarðarströnd til móts við Langaness, sem skiptir firðinum í Suðurfirði til suðurs og að norðan innar í Borgarfjörð og Dynjandisvog. Mjög góð fjarðarsýn er frá Tjaldanesi, inn fjörðinn til Dynjanda og út fjörðinn. Örn seldi Áni rauðfeld lönd öll milli Langaness og Stapa. Suðurströnd Langaness, Suðurfjarðamegin í Arnarfirði, nær að Geirþjófsfirði og markast af Krosseyri. Geirþjófur Valþjófsson nam Suðurfirði Arnarfjarðar og bjó í Geirþjófsfirði.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.¹¹ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfufsvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði¹² og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹³ lýst:

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „*svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.*“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „*Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.*“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyrðu Álftamýrarsókn.

Haukadalur er ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfufsvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

¹⁰ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

¹¹ Sjá einnig grein eftir fyrirsvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

¹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

Af lýsingum Álfamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingum sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álfamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfuvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*; 3. *Tóarfjall, Hafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall og Seljafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfuvæðin séu þjóðlenda.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjórsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹⁴ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹⁵

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar á Auðkúluhrepp til verdlags ad ríkisdala tali.“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: „*kom þá matsmönnum, eptir umráð vid sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jarðar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörd hvórri, kúgildi hve móg og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvad mikid jörd hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og vard endíng sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;*“

Síðar segir: „*Matsmónnum þókti hæfa ad medalhundrad í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virdst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur ad hafa hrörnad frá því, er ad fornu hefur verid, mætti ad sannsýni metast á 12 Specíur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjóll nærfelt gjórsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og það eru þessar jarðir:*“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „*Enn midur eru þessar metnar;*“ Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „fyrirtekið: *ad meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali.*“

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„*Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmónnum hjer ad óllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er vid hófdu varid hafdar á nærstundanfórnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar ad því er hin lógildta bókin hermir.*“

¹⁴ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹⁵ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfussvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúluhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadalsur í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúluhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹⁶ „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævaforn ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

Við gerð landamerkjalyýsingar Hokinsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjalyýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁷, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.

¹⁶ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

¹⁷ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindals árið 1886. Við gerð landamerkjalýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfufsvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistið landamerkjalaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjalög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

*„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu.
Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending
í Örnólfsgil í fjallsbrún.
Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending
í þverlæk í fjallsbrún.“*

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgils og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjalýsingar eru gerðar í tíð nágildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera *eftir því sem vötnum hallar til hvors lands*.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrár jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjalög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjalaga 1917.

Landamerkjalög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjalaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fölginn, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁸ Meirihluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „*Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitrar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“*

Á meðal helstu breytinga á lögum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „*I. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“*

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.¹⁹

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „*Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“* Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjálýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

¹⁸ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

¹⁹ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfufsvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrár hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögnum. Einnig er þar tekið fram í lögnum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sérstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubólss í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalandis/Kirkjubólsslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfufsvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalyking í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalysingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá

getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalyking á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjallent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalínur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einngrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- 000000000000-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Sveinseyri. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>
- Örnefnaskrá Sveinseyrar. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16706>
- Sögur og sagnir – Hraun. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/hraun-i-keldudal/>
- Sögur og sagnir – Skálará. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/skalara/>
- Sögur og sagnir – Saurar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/saurar/>
- Sögur og sagnir – Arnarnúpur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/arnarnupur/>
- Sögur og sagnir – Haukadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/haukadalur/>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að
fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>
- Sögur og sagnir – Svalvogar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar

Jörð/landsvæði:

Haukadalur við Dýrafjörð.

Kröfuna gerir/gera:

- Miðbær í Haukadal: Eignarhaldsfélagið Ystibær ehf., kennitala 630508-0530
 - Fyrirsvarsmaður félagsins sem undirritar umboð f.h. félagsins: Margrét Guðjónsdóttir, kennitala 190450-2449
- Höllin í Haukadal: Jón Guðmundsson, kennitala 160955-5979
- Höllin í Haukadal: Grétar Guðmundsson, kennitala 210653-3419

Fyrirsvar:

Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.

Kröfugerð:

- Afmörkun jarðarinnar í heild, kröfugerð og kröfulína sem skarast
 - *Afmörkun jarðarinnar í heild.*

Jörðin Haukadalur við Dýrafjörð afmarkast í heild líkt og kemur fram í landamerkjabréfi jarðarinnar dagsett 3. júlí 1886, þar sem landamerkjum hennar er lýst með eftirfarandi hætti:

„Að utanverðu frá Fellsrönd niður eptir Ytri-Merkishrygg um svokallað Tóutún í Sveinseyrarármynni. Að innan ræður Merkishryggur beint í sjó niður í nes það, er liggur utanvert við Helluvík. Innan þessara takmarka á Haukadalur land allt milli fjalls og fjöru fram í fremstu daladrög.“

Til fjalla ræður vatnahalli merkjum, líkt og verið hefur um árhundruð.

Land Haukadals inn af fjallsbrúnum Haukadalsfells og Seljafjalls, sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals, markast að utan frá fjallsrönd ofan Ytri-Merkihryggjar ofan Tóutúns í Sveinseyrarármynni. Þaðan inn eftir Haukadalsfelli í Nóntind á Seljafjalli og að fjallsbrún við Lambaskál, allt eftir því sem vötnum hallar til Haukadalslands.

Land Haukadals inn af fjallsbrún Þverfjalls sem liggur að fremstu daladrögum Haukadals sem ráð merkjum Haukadal, allt eftir því sem vötnum hallar til Haukadalslands.

Land Haukadals inn af fjallsbrún Veturlandafjalls sem liggur að fremstu daladrögum Haukadals sem ráð merkjum Haukadal, allt eftir því sem vötnum hallar til Haukadals.

Land Haukadals til fjalla er órjúfanlegur hluti jarðarinnar og markast af landi Sveinseyrar, Arnarnúps, Hrauns, Lokinhamra, Hrafnabjarg og Stapadals. Landamerki Haukadals og aðliggjandi jarða eru einkaréttarleg mál á milli eigenda og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til sjávar nær jörðin til netlaga, sem ná 115 metra frá stórstraumsfjöruborði.

- *Kröfugerð og afmörkun þess svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins.*

- *Haukadalsfell og Seljafjall*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt Haukadals inn af fjallsbrúnum Haukadalsfells og Seljafjalls, sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals, og markast að utan frá fjallsrönd ofan Ytri-Merkihyggjar ofan Tóutúns í Sveinseyrarármynni. Þaðan inn eftir Haukadalsfelli í Nóntind á Seljafjalli og að fjallsbrún við Lambaskál, allt eftir því sem vötnum hallar til Haukadalslands.

Landið er órjúfanlegur hluti Haukadals. Kröfulínan markast af landi Sveinseyrar. Landamerki Haukadals og aðliggjandi jarðar er hér einkaréttarlegt mál eigenda líkt og verið hefur um árhundruð og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er þess krafist að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé viðurkennd sem afréttareign.

- *Þverfjall*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt Haukadals inn af fjallsbrún Þverfjalls sem liggur að fremstu daladrögum Haukadals sem ráð merkjum Haukadals, allt eftir því sem vötnum hallar til Haukadalslands.

Landið er órjúfanlegur hluti Haukadals. Kröfulínan markast af landi Arnarnúps, Hrauns og Lokinhamra. Landamerki Haukadals og aðliggjandi jarða eru hér einkaréttarlegt mál eigenda líkt og verið hefur um árhundruð og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er þess krafist að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé viðurkennd sem afréttareign.

- *Veturlandafjall*

Aðallega:

Er þess krafist að kröfum ríkisins verði hafnað.

Er gerð krafa um beinan eignarrétt Haukadals inn af fjallsbrún Veturlandafjalls sem liggur að fremstu daladrögum Haukadals sem ráð merkjum Haukadals, allt eftir því sem vötnum hallar til Haukadals.

Landið er órjúfanlegur hluti Haukadals. Kröfulínan markast af landi Hrafnabjarga og Stapadals. Landamerki Haukadals og aðliggjandi jarða eru hér einkaréttarlegt mál eigenda líkt og verið hefur um árhundruð og ekki á verksviði Óbyggðanefndar að kveða þar á um eignarmörk.

Til vara:

Er þess krafist að ofangreint land sem lýst er í aðalkröfu sé viðurkennd sem afréttareign.

Krafist er málskostnaðar með vísan til kostnaðar og framlagðrar tímaskráningarskýrslu, þar sem tekið er tillit virðisaukaskatts.

Heimildir:

1. Landamerkjabréf Haukadals, dagsett 3. júlí 1886.
2. Landamerkjabréf Meðaldals, dagsett dd. mmm áááá. (ATH. Vantar)
3. Landamerkjabréf Stapdals, dagsett 20. júní 1884.
4. Landamerkjabréf sem þinglýst var 30. maí 1890 og lýsir landamerkjum Lokinhamra, Svalvoga og Hrafnabjarga.
5. Landamerkjabréf Arnarnúps, dagsett 1. desember 1889.
6. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dagsett 10. desember 1891.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum jarðeigenda:

Ríkið lýsir kröfu í hluta jarðarinnar Haukadallur í kröfulýsingu sinni frá 15. september 2020. Um er að ræða kröfusvæðin „Eyrarfjall og Seljafjall“, „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ og „Skeggi – Veturlandafjall“. Landsvæðin sem ríkið lýsir þjóðlendukröfu sinni í eru hluti eignarlands jarðarinnar, sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kröfusvæðin eru því ekki utan eignarlands Haukadals og falla því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur eigenda Haukadals byggja á því að eignarhald á landi á svæðinu sem ríkið gerir kröfur í verði óbreytt og með þeim hætti sem verið hefur um aldir.

Eigendur Haukadals líta svo á að *Haukadalsfell, Seljafjall, Þverfjall og Veturlandafjall* séu hluti jarðarinnar. Eignarland Haukadals á þessum fjöllum takmarkast af landi Sveinseyrar, Arnarnúps, Lokinhamra, Hrafnabjarga og Stapdals, sbr. landamerkjabréf, kröfugerð og kröfulínur á korti.

Landamerkjum Haukadals er lýst í landamerkjabréfi dagsettu 3. júlí 1886. Þar er landamerkjum lýst til sjávar milli Sveinseyrar og Haukadals: Að utan frá Ytri-Merkishrygg og ofan í sjó, og á milli Sveinseyrar og Arnarnúps; í Ófærusker innan Ófæru. Að innan ræður Merkishryggur beint í sjó niður í nes það, er liggur utanvert við Helluvík. Af kröfum ríkisins má álykta að ríkið gæti lýst kröfum í eignarland jarðarinnar utan fjöruborðs á milli nefndra landamerkja enda netlögum ekki lýst í landamerkjabréfi. Af augljósum ástæðum er ekki þörf á því enda nær beint eignarhald eigenda Haukadals til netlaga, sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöruborði. Svipað er til fjalla en þar markast land af landi aðliggjandi jarða. Engar deilur er á milli eigenda aðliggjandi jarða um landamerki ofan fjallsbrúna og hafa ekki verið í árhundruð.

Ríkið segir í kröfulýsingu sinni að við skilgreiningu á þjóðlendumörkum sé einkum litið til heimilda um landnám, jarðir og jarðarmörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi og segir það sig sjálf að landmerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki eru dregin frá fjöru til fjalls.

Kröfulýsing ríkisins byggist á fjórum atriðum; hugtakinu fjallsbrún sem hvergi kemur fram í landamerkjabréfum, hæð (vætanlega yfir sjávarmáli), og því að land sé gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Enginn rök eru færð fyrir því að landið sé gróðursnautt eða lítt nytjað, eða að fjallsbrún eins og ríkið skilgreinir hana í kröfulýsingu eigi við á kröfulínunni. Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Oft er fjallsbrún, frambrún fjall ekki með skörp skil í hæðarlínum, s.s. fram

brún kletta eða önnur skýrs skil. Ríkið getur ekki byggt þjóðlendukröfulínur sínar á landslagi, fjallsbrúnum, sem oft eru óljósar, og hæðalínunum og því að land ofan á fjalli sé flatt. Þetta eru því allt atriði sem ekki er hægt að byggja landamerki á, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

Um landamerki til fjalla upp af Haukadal

Ríkið rökstyður kröfur sínar í nefnd kröfusvæði með því að við afmörkun þjóðlendukröfulínu sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjum þeirra, þ.e. Arnarnúps, Sveinseyrar og Haukadals. Engin afmörkun er á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjum þeirra á Seljafjalli og Haukdalsfelli.

Kröfugerð ríkisins á kröfusvæðunum byggir á því að landamerkjum aðliggjandi jarða sé lýst í landamerkjabréfi. Sé það ekki gert er ekki gerð krafa í land. Með kröfugerð ríkisins bera landeigendur aðliggjandi jarða halla af því að landamerki sé lýst í landamerkjabréfi. Sé því ekki lýst í landamerkjabréfi er gerir ríkið ekki kröfu í land jarðareiganda, sbr. margendurtekinn rökstuðningur ríkisins fyrir kröfum sínum.

Á Eyrarfjalli og Seljafjalli eru tvenn landamerki, annars vegar á milli Arnarnúps og Sveinseyrar og hins vegar á milli Sveinseyrar og Haukadals. Þessum landamerkjum er lýst í landamerkjabréfum jarðanna. Haukdalsfell er ekki frammi í fremstu daladrögum Haukadals, sbr. landamerkjabréf Haukadals. Eigendur Haukadals líta svo á að Haukadalsfjall (talað um Haukadalsfell á korti) á milli Haukadals og Eyrardals tilheyri Haukdal sem eignarlanda og markist af landi Sveinseyrar og Arnarnúps á fjallinu.

Landamerkjum Haukadals er ekki lýst í Þverfjalli í landamerkjabréfi jarðarinnar. Það þýðir ekki að jörðin Haukdalur eigi ekki land að jörðunum Lokinhamrar og Hrafnabjörg til fjalla upp af Lambadal, inn af Kolturshorni og upp af Botnhjalla.

Ríkið gerir kröfur í Veturlandafjall sem Haukadalur á land að upp af Botnhjalla. Landamerkjum í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, sem eru Stapadalur og Hrafnabjörg, er hér ekki lýst að Haukadal.

Á milli Þverfjalls og Veturlandafjalls er Lokinhamraheiðin. Þegar Lokinhamraheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals, er farin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Heiðin, sem er þjóðleið á milli dalanna er hestfær og farið var með sláturfé yfir heiðina áður en vegur kom fyrir annesið árið 1974. Þessum landamerkjum á Lokinhamraheiði er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Ríkið gerir ekki kröfu í fjallið á milli Lambadals og Geldingadals í Keldudal, í Lokinhamraheiði og Sæólfsfell og fjallið á milli Haukadals og Stapadals í Arnarfirði enda fjallstoppar þar ekki flatir. Ríkið getur ekki byggt kröfur sínar í land á legu lands og landslagi með þessu hætti. Það að land ofan á fjalli sé flatt er ekki grundvöllur landakröfu.

Í landamerkjabréfi Haukadals, sem er dagsett 3. júlí 1886, er ekki minnst á orðið „fjallsbrún“ og að land jarðarinnar nái að fjallsbrún líkt og ríkið byggir kröfur sínar á. Það orð kemur einungis fram í kröfugerð ríkisins og byggir það alla kröfulínur sínar á því hugtaki. Ekki er því hægt að byggja kröfu ríkisins um þjóðlendu ofan fjallsbrúnar á svæðinu á hugtaki sem ekki er í landamerkjalýsingu.

Um gróður og nytjar

Ríkið segir kröfusvæðin „*Eyrarfjall og Seljafjall*“, „*Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*“ og „*Skeggi – Veturlandafjall*“ séu gróðursnauð og líklega lítt nytjað. Hér er um ágiskun að ræða án raka. Hvorki er vísað til gróðurrannsóknna né heimilda um gróður og nytjar í kröfulýsingu ríkisins.

Sauðfé gengur á Eyrarfjall og Seljafjall og farið þangað til fjallagrasa og rjúpna, sem voru álitinn mikil hlunnindi áður fyrr. Féð fer upp Sveinseyrarhvilft þaðan inn á Eyrarfjall og Seljafjall enda gróður upp á fjöllum og ekki bert malarholt. Sá er þetta ritar ræddi við og er frá Arnarnúpi og Sveinseyri fór síðast þarna upp til smölunar síðasta haust. Var þá farið upp framan við Arnarnúpsrhvilft. Eyrarfjall og Seljafjall er nytjað enda fjöllin órjúfanlegur hluti þeirra.

Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Seljafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadal yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfulýsinga aðliggjandi jarða.

Nafnið Seljafjall dregur nafn sitt af orðinu sel, sem er dvalarstaður með húsakosti í sumarhögum langt frá bæ þar sem búsmali er mjólkaður. Beitarhús er annað nafn á seli. Af nafninu má sjá að umrætt fjall dregur nafn sitt af nytjum enda er það ástæða nafngiftarinnar, annað væri undarlegt.

Á Eyrardal vestanverðum er gamalt sel og framan við það lækur sem Sellækur heitir. Undir hliðum Kolturshornsins, niður við Haukadalsá, heita Seljaeyrar en selin frá Haukadal voru utan við Haukadalsána. Þar eru seltóttirnar enn þó öllum seljabúskap hafi verið hætt í Haukadal árið 1828. Neðantil í dalnum eru fjöllin beggja vegna hans mun lægri en í kringum dalbotninn. Undir hliðum Kolturshornsins, niður við Haukadalsá, heita Seljaeyrar en selin frá Haukadal voru utan við Haukadalsána.

Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Seljafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadal yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfulýsinga aðliggjandi jarða.

Ekki er getið um sel Arnarnúpsbænda í prentuðum heimildum en fram í Keldudal beint niður af Arnarnúpsrhvilft eru Fornusel. Þar eru miklar tóttarústir á sléttlendi heimantil við læk sem kemur ofan úr hvíltinni og heitir Seljalækur. Mörg fleiri sel eru í Keldudal. Fjallið framan við Arnarnúpsrhvilft er Seljafjall.

Áður fyrr var skógur í Haukadal og Lambadal, þar sem nú eru smá hjallar og víða upp blásið. Haukadalur er líka enn svo frjósamur, þó hann sé orðinn mjög eyðilagður af skriðum hið efra, að líklegt er, að þar hafi sumstaðar verið þykkr skógur í fornöld, einkannlega upp í dalnum. Hér var sem Gísla saga Súrssonar segir að Gísli hafi tekið fjárhlut sinn til skógar. Úr Lambadal mun Gísli hafa farið upp á fjallið vestan Haukdals eða það sem kallað var að húsabaki. Land með skóg upp í hliðar og er með gróíð land á sléttunum ofan fjallsbrúnar. Sigurður Vigfússon segir svo frá í ritgerð sinni Rannsókn um Vestfirði 1882.¹

Veturlandafjall er yfirleitt smalað með því að fara á fjallið frá Stapadal en fyrr var einnig farið var upp Ytra-gilið á Bjargarhliðinni og þaðan inn á Skeggja og Veturlandafjall. Fé gat komist í sjálfheldu í Skeggja sem það komist í ofan af Veturlandafjalli og í giljum Veturlandafjalls sem snúa að Arnarfirði. Dæmi voru um að sauðfé sem gekk á Veturlandafjall færi yfir í Haukadal og öfugt. Veturlandafjall var

¹ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíða 29.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

Því og er enn í dag nytjað enda er fjallið órjúfanlegur hluti Stapadalsjarðarinnar og Hrafnabjarga frá Bjargarhlíð og Lokinhamradal. Sauðfé gat farið upp af Lambadal inn á Veturlandafjall. Dæmi eru um að fé hafi farið frá Haukadal yfir í Lokinhamradal og Stapadal og öfugt. Sjá nánar umfjöllun kröfúlýsinga aðliggjandi jarða.

Þegar Keldudalsjarðirnar Hraun, Skálará, Saurar og Arnarnúpur voru í byggð og búskapur stundaður þar gekk sauðfé gekk á Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall enda gróður á fjöllum og ekki bert malarholt. Gekk þar einnig fé af Keldudal frá Sveinseyri og Haukadal. Enn í dag gengur fé á svæðið og eru Helgafellshlíðar smalaðar og farið þaðan upp á fjallið og finnast kindur við leitir á svæðinu. Einnig var og er enn í dag farið til fjallagrasa og rjúpnaveiða á fjöllum og voru það mikil auðlind fyrir á tímum. Dæmi er um að fé frá Keldudal færi yfir í Dalsdal, sem er hluti Lokinhamra í Arnarfirði, og öfugt. Tóarfjall, Helgafell og Skálarfjall og kröfussvæðið í heild var því nytjað enda órjúfanlegur hluti þeirra. Svipaða sögu er að segja um kröfussvæðið „Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall“ hvað varðar Haukadal og Keldudalsjarðir, en Hraun og Arnarnúpur eiga land að því.

Landnáma – Um landnám milli Hálsa í Dýrafirði

Haukadalur er í landnámi Vésteins Végeirssonar er nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó hann í Haukadal.

Í Landnámu segir í 48. kafla um svæðið á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals eftirfarandi:

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes² til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði og bjó í Haukadal;

Þorbjörn súr kom út að albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadal.³

Í Landnámu segir í 47. Kafla um landnám hluta Arnarfjörðar, þar á meðal Langaness, eftirfarandi:⁴

Örn hét maður ágætur; hann var frændi Geirmundar heljarskinns; hann fór af Rogalandi fyrir ofríki Haralds konungs. Hann nam land í Arnarfirði svo vítt sem hann vildi; hann sat um veturinn á Tjaldanesi, því að þar gekk eigi sól af um skammdegi.

Örn spurði til Hámundar heljarskinns frænda síns norður í Eyjafirði, og fýstist hann þangað; því seldi hann Áni rauðfeld lönd öll milli Langaness og Stapa. Ánn gerði bú á Eyri; þar þótti Grélöðu hunangsilmur úr grasi.

Geirþjófur Valþjófsson nam land í Arnarfirði, Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð, og bjó í Geirþjófsfirði; hann átti Valgerði, dóttur Úlfs hins skjálga.

Landnám Vésteins, sem bjó í Haukdal, markast að utan af landnámi Eiríks er nam Dýrafjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði. Landnám Vésteins ofan botns Haukadals markast af Stapadal sem er í landnámi Arnar er nam Arnarfjörð svo vítt hann vildi, líkt og segir í Landnámu.

² Sigurður Vigfússon vitnar í grein sinni, Rannsókn um Vestfirði 1882, í sömu tilvitnun í Landnámu og talar þar um *Sléttunes*. Er það ekki ólíklegt og vísar það betur til sléttanna á fjöllum skagans.

³ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

⁴ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

Ekki er ólíklegt að orðið Sléttunes sé hér hið rétta orð á landnámi Eiríks. Hér er átt við landnám sem markast af Stapa fyrir utan Stapadal í Arnarfirði og Hálsu í Dýrafirði, sem eru innan við miðja Eyrarhlíð fyrir utan Haukadals í Dýrafirði.⁵ Fyrir utan Sveinseyri eru Eyrarhálsar og þar er einn háls með klettum að framan sem gengur fram úr fjallinu og til sjávar svo ekki verður komist fyrir hann. Þetta er Háls hinn ytri sem Landnáma talar um.⁶ Í daglegu tali kunnugra eru Eyrarhálsar aðeins nefndir Hálsar. Ótvírætt er að Eyrarhálsar utan Haukadals hafi skilið að landnám Eiríks Dýrafjarðar megin og landnám Vésteins Végeirssonar er fyrstur byggði í Haukadal.⁷

Landnám Eiríks, sem bjó í Keldudal, markaðist því af Stapadal og Haukadal og fjallendi utanvert í dölunum, sem ganga inn til móts hvor öðrum á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Er það rökrétt enda fyrir utan báða dalina miklar ófærur, Bjargarhlíð í Arnarfirði og Eyrarhlíð í Dýrafirði. Ekki er hægt að skilja landnám Sléttaness að það hafi eingöngu náð til lands neðan fjallsbrúnar á hálendissskaganum, eða að jarðir á svæðinu (landnámsins) hafi á hverjum tímapunkti í sögunni hætt að ná til fjalla og hálendissskagans Sléttanes. Það hefði verið undarlegt landnám.

Landnám Arnars er nam Arnarfjörð markast að utan af landnámi Eiríks er nam Dýrafjörð og Sléttanes til Stapa og Háls en ytra í Dýrafirði. Landnám Arnars að innan markast af landnámi Geirþjófs Valþjófsssonar er nam Suðurfirði Arnarfjarðar, Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð og Geirþjófsfjörð, þar sem hann bjó.

Tjaldanes, þar sem Örn landsnámsmaður sat um fyrsta veturinn, skagar út í fjörðinn á norðanverðri Arnarfjarðarströnd til móts við Langanes, sem skiptir firðinum í Suðurfirði til suðurs og að norðan innar í Borgarfjörð og Dynjandisvog. Mjög góð fjarðarsýn er frá Tjaldanesi, inn fjörðinn til Dynjanda og út fjörðinn. Örn seldi Áni rauðfeld lönd öll milli Langaness og Stapa. Suðurströnd Langaness, Suðurfjarðamegin í Arnarfirði, nær að Geirþjófsfirði og markast af Krosseyri. Geirþjófur Valþjófsson nam Suðurfirði Arnarfjarðar og bjó í Geirþjófsfirði.

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi

- Sóknarlýsingar Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði og Álftamýrarsóknar í Arnarfirði

Í Landlegubálki Jónsbókar frá 1282, kap. 52, segir að svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verið.⁸ Ekki eru neinir almenningar á umræddu kröfussvæði.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Álftamýrarsókn í Arnarfirði⁹ og Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði¹⁰ lýst:

⁵ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁶ Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883. Blaðsíður 32-33.

Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>

⁷ Sögur og sagnir – Lokinhamrar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson

Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>

⁸ Sjá einnig grein eftir fyrirvarsmann Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almenningar skulu vera sem að fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.

Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 44-45.

¹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áttahagafélaga (1952), bls. 59.

- Í lýsingu Álftamýrarsóknar kemur fram að ekkert markvert sé til í þessu plássi, „svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.“
- Í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar í Dýrafirði segir: „Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi.“ Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar tilheyrðu Álftamýrarsókn.

Haukadalur er ysta jörð Sandasóknar. Jarðir Hraunssóknar eru Sveinseyri, Keldudalsjarðirnar Arnarnúpur, Hraun, Saurar og Skálará, einnig Höfn í Hafnardal og Svalvogar. Ystu jarðir Álftamýrarsóknar eru Lokinhamrar, Hrafnabjörg og Stapadalur. Þessar 11 jarðir eru aðliggjandi jarðir fjögurra kröfusvæða ríkisins á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals.

Af lýsingum Álftamýrarsóknar og Sanda- og Hraunssóknar er ljóst að fjöll í landi sóknanna eru hvorki afréttarlönd eða almenningar og hafa aldrei verið, hvorki að fornu né nýju. Hafi svo verið hefði það komið fram í sóknarlýsingum sóknanna enda um mikilvægar upplýsingar um land í bændasamfélagi. Það er ekki gert, heldur er þvert á móti er tekið fram í lýsingu Sanda- og Hraunssóknar að afréttarlönd eða almenningar séu þar hvergi. Þeirra er heldur ekki getið í lýsingu Álftamýrarsóknar né í öðrum heimildum. Af þessu má sjá að fjalllendið á annesinu utan Stapadals og Haukadals getur hvorki talist afréttarlönd né almenningar. Það er því eignarland með beinum eignarrétti landeigenda hverju sinni.

Ríkið hefur ekki fært nein rök fyrir því að kröfusvæðin fjögur; 1. *Veturlandafjall-Skeggi*; 2. *Skjöldur/Bæjarfjall* og *Þverfjall*; 3. *Tóarfjall*, *Hafnarhyrna*, *Helgafell*, *Skálarfjall* og *Geldingardalshorn*; og 4. *Eyrarfjall* og *Seljafjall* séu almenningar. Engin rök eða grundvöllur er fyrir að úrskurðað sé að kröfusvæðin séu þjóðlenda.

Jarðmat 1849-1850 um fjöll sem hluta jarðar - fjöll nærfelt gjórsamlega graslaus

Samkvæmt jarðamati 1849-1850 var haldið jarðamatsþing á Auðkúlu í Arnarfirði 23. júlí 1849¹¹ og daginn eftir á Söndum í Dýrafirði eða þann 24. júlí 1849.¹²

Í gerðarbók jarðamatsþingsins á Auðkúlu segir að þar hafði verið „fyrirtekið: ad meta jarðir allar á Auðkúluhrepp til verðlags ad ríkisdala tali.“

Í gerðarbókinni segir m.a. eftirfarandi: „kom þá matsmönnunum, eptir umráð vid sýslumann, saman um, ad sú grundvallarregla mundi einna farsælust, ad meta fyrst kosti og lesti jarðar hvórrar og síðan ætla á hvórr sanngjarn leigumáli Sje á jörð hvórri, kúgildi hve mór og hve mikil landskuld, og meta eptir því hvad mikid jörð hvór geti metist; eptir reglum þessum máttu menn hreppsins jarðir og vard endíng sú á sem hin bókin lógildta skírir frá;“

Síðar segir: „Matsmönnunum þókti hæfa ad medalhundrad í hrepp þessum, eptir því sem jarðir koma nú fyrir og geta virdst eptir landmeigin og sjóabla, er feikilega hlýtur ad hafa hrörnad frá því, er ad fornu hefur verid, mætti ad sannsýni metast á 12 Specíur, því hvervetna er hjer sæbratt og undirlendi nær því ekki, en fjóll nærfelt gjórsamlega graslaus. Yfir þennan hundrada dýrleika ad dalatali eru þó nokkrar metnar og þad eru þessar jarðir:“ Hokinsdalur, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar eru á meðal þeirra jarða sem taldar eru upp.

¹¹ Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.3a–d. Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.4a–e.

¹² Tilvísun Þjóðskjalasafns: A.5.b.5a–d.

Í sömu bókun (Tilvísun: A.5.b.4a–e.) gerðarbókar jarðamatsþingsins á Auðkúlu kemur fram að miður hafi verið metin: „*Enn midur eru þessar metnar*“; Horn í Mosdal, Ós í Arnarfirði, Karlsstaðir, Hrafnseyri og Auðkúla.

Hinn 24. júlí 1849 var jarðamatsþing haldið að Söndum í Dýrafirði. (Sjá tilvísun A.5.b.5a–d.)

Í gerðarbók þessa jarðamatsþingsins segir að þar hafði verið „*fyrirtekið: að meta jarðir allar í Þingeyrarhrepp ad dalatali*“.

Í gerðabókinni segir eftirfarandi:

„*Var því nærst til starfa tekið: kom þá matsmönnum hjer ad öllu leiti saman um þær grundvallar ástæður er vid hófdu varid hafdar á nærstundanförnu jarðamatsþingi og móttu síðan jarðirnar ad því er hin löggildta bókin hermir. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerd hjer sem í Arnarfirdi ad kúgilda tala skýldi tiltekin á jórdu hvórri*“

Á jarðamatsþinginu á Söndum voru matsmenn sammála um að nota sömu grundvallarástæður við jarðamatið og viðhaft var á Auðkúlu deginum áður. Sama athugasemd var og af matsmönnum gerð á Sandaþinginu um jarðir Þingeyrarhrepps (*gerd hjer*) sem í Arnarfirði.

Jarðamat árið 1849 mat lesti jarða líkt og þar kemur fram, þar á meðal grasleysi. Fjöll voru metin gjörsamlega graslaus. Matsmenn hefðu ekki farið að meta fjöllin væru þau ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Jarðamatið 1849-1850 mat því fjöll sem hluta af jarðamati jarða í Auðkúlurhreppi og Þingeyrarhreppi. Fjöllin töldust árið 1849 því til eignarlanda jarðanna og er svo enn í dag.

Fjöllin á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals sem eru á fjórum kröfuvæðum ríkisins eru því hluti af eignarlöndum jarðanna Stapadals, Hrafnabjarga og Lokinhamra í fyrrum Auðkúlurhreppi, og jarðanna Svalvogar, Höfn, Hraun, Skálará, Saurar, Arnarnúpur og Haukadalur í fyrrum Þingeyrarhreppi. Allar jarðirnar eru nú Ísafjarðarbæ.

Fjöllin Skarðanúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall eru einnig hluti af eignarlöndum jarðanna Laugaból og Kirkjuból í Mosdal og Hokinsdalur sem allar eru í fyrrum Auðkúlurhreppi, nú Ísafjarðarbæ.

Jónsbók 1281, Landbrigðabálkur, kap. 6: Eigi skylt að ganga á merki á fjöllum er vatnsföll deilast

Í landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup segir:¹³ „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búffjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki*“.

Samhljóða texti er í báðum handritum þjóðveldislaganna, Grágásar. Grágás I. Konungsbók. 1852. Text. II. 80-81 og Grágás. II. Staðarhólsbók. 1879. s. 421. Ákvæðið er því fornt, frá fyrstu dögum byggðar á Íslandi eða frá þjóðveldisöld 930-1262. *Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar* í Gíslasögu Súrssonar er ein frægasta setning Íslendingasagna. Það að landamerki séu þar sem vötn deilast eða vötnum hallar er ævafornt ákvæði og lifandi í réttarvitund almennings enn í dag og hefur verið um árhrundruð. Svo var einnig á tíma ritunar landamerkjabréfa á annesinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, utan Stapadals og Haukadals 1884-1891 og í Mosdal og Hokinsdal á Langanesi.

¹³ Sjá útgáfu Jónsbókar frá árinu 1904, blaðsíðu 125.

Við gerð landamerkjalyýsingar Hokindsdals 18. mars 1886 og Skóga í Mosdal í 18. febrúar 1892 hafa bændur nánast örugglega haft í huga nefnda reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnföll deilast. Sama á við um landamerkjalyýsingar allra jarðanna á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals en öll landamerkjabréf á svæðinu eru gerði í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882, og eru eftirfarandi:

1. Landamerkjabréf Stapadals, dags. 20. júní 1884.
2. Landamerkjabréf Lokinhamra, Svalvoga, Hrafnabjarga og Stapadals¹⁴, dags. 30. maí 1890.
3. Landamerkjabréf Hafnar, dags. 1. desember 1891.
4. Landamerkjabréf Hrauns og Saura, dags. 20. maí 1886.
5. Landamerkjabréf Saura, ódagsett.
6. Landamerkjabréf Skálarár, dags. 5. desember 1891.
7. Landamerkjabréf Arnarnúps, dags. 1. desember 1889.
8. Landamerkjabréf Sveinseyrar, dags. 20. desember 1891.
9. Landamerkjabréf Haukadals, dags. 3. júlí 1886.

Þessi landamerkjabréf eru skrifuð með sama hætti og landamerkjabréf Skóga frá 17. febrúar 1892. Í engu þeirra er þó minnst á orðið *fjallsbrún* líkt og í Skógabréfinu. Landi á fjöllum og merkjum þar er ekki lýst. Bændur á svæðinu hafa talið það óþarft líkt og bændur í Mosdal í tilfelli Skóga árið 1891 og Hokindsdals árið 1886. Við gerð landamerkjalyýsingar hafa þeir haft í huga þá meira en 600 ára reglu Jónsbókar um að eigi væri skylt að ganga á merki *þar er fjöll eru, er vatnföll deilast millum heraða*. Í elsta landamerkjabréfinu um Stapadals frá 1884 er þessi regla nefnd, en þar segir: *Til fjalla ræður vatnahalli merkjum*. Er það reglan sem gildir til fjalla á umræddum kröfufsvæðum.

Landamerkjabréf skv. landmerkjalögum nr. 5/1882 og skv. lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum gerðum fyrir og eftir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Öll landamerkjabréf jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Dýrafjarðar eru gerð á 19. öld eða vel fyrir árið 1919. Það elsta er frá árinu 1884 (Stapadalur) og það yngsta frá 20. desember 1891 (Sveinseyri).

Til eru tvo landamerkjabréf Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi í Arnarfirði frá árunum 1892 og 1922. Fyrri landamerkjabréfið er gert í gildistíð landamerkjalaga nr. 5/1882 en voru það fyrstu landamerkjalög á Íslandi. Seinna bréfið er gert í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Á þessum tveim landamerkjabréfum er grundvallarmunur er lítur að lýsingu á mörkum Skóga til fjalla.

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 17. febrúar 1892, er merkjum lýst eftirfarandi:

*„Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skóga í Mosdal í Auðkúluhreppi innan Ísafjarðarsýslu.
Að innanverðu frá sjó úr Ósárósi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending
í Örnólfsgil í fjallsbrún.
Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri Krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending
í þverlæk í fjallsbrún.“*

Landamerkjabréf Skóga, dagsett 18. febrúar 1922, er merkjum lýst eftirfarandi:

¹⁴ Landamerkjum Hrafnabjarga og Stapadals er ekki lýst rétt í þessu bréfi. Þau eru ekki Stapi heldur Bjargáin.

„Að austanverðu úr Ósárósi uppeftir ánni til óss Merkjalækjar. Þaðan eftir beinni sjónhendingu í Örnólfsgilsgljúfur á fjallsbrún. Þaðan á fjall upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands að Þverlæk á brún, þaðan eftir beinni sjónhendingu í dý, sem er á milli bæjanna Horns og Skóga rétt fyrir neðan veginn. Þaðan í svo nefnda Geil við Hornsá í flóanum. Því næst ræður Hornsá merkjum til óss. Eftir sjónhendingunni eru hlaðnar vörður.“

Hér má sjá að í landamerkjabréfi Skóga frá árinu 1922 er mun ítarlegra en bréfið frá 1891 og er þar fjallað land ofan fjallsbrúnar, á Skálarfjalli ofan Örnólfsgils og að mörk jarðarinnar sé „út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til skógalands“.

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 31. mars 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum að sunnanverðu í Mosdal, segir að merki jarðarinnar á sama fjalli sé „út eftir fjallinu sunnanverðu dalsins, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“ Sömu eigendur beggja jarða, Skóga og Kirkjubóls, undirrita bæði bréfin. Báðar landamerkjálýsingar eru gerðar í tíð núgildandi laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Báðar marka þær jarðirnar ofan fjallsbrúnar á Skálahlíðarfjalli og kveða á um að landamerkin skuli vera *eftir því sem vötnum hallar* til hvors lands.

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breyttra landamerkjaskrár jarðarinnar. Breyting varð á lögum um landamerki. Grundvallarmunur er hér hvort merkjum sé lýst í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882 eða laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919.

Landamerkjälög nr. 5/1882 og frumvarp til nýrra landamerkjalaga 1917.

Landamerkjälög nr. 5/1882 voru fyrstu lög um efnið á Íslandi, eins og áður sagði. Kveða þau á um skyldu landeiganda til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni og skyldu til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkum jarðar sinnar, eins og hann veit þau réttust.

Á Alþingi árið 1917 var borið fram frumvarp til landamerkjalaga. Aðalstefna þessa frumvarps var í því fólgin, að öll landamerki skyld af nýju rannsökuð, að landamerkjaskrár skyldu allar af nýju gerðar og að sýslumenn skyld, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.¹⁵ Meirihluti landbúnaðarnefndar vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt.

Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar kemur fram eftirfarandi:

„Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.“

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Síðar segir í nefndarálitinu: „Aðhald og eftirlit framkvæmda er í lögunum falið sýslumönnum; þetta hefir að litlu eða engu haldi komið, vegna fráleitar aðstöðu og ókunnugleika þeirra.“

Á meðal helstu breytinga á lögunum frá 17. mars 1882, sem frumvarpið ásamt breytingartillögum við það vill gera, voru meðal annars: „1. Að allar merkjalýsingar skuli skráðar eða endurskráðar innan ákveðins tíma.“

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár. Varð niðurstaðan að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði það fram til næsta reglulega þings hvort

¹⁵ Sjá frumvarp sem varð að lögum nr. 41/1919. Þingskjal 7. Lagt fyrir Alþingi 1919. Bls. 172-173. Einar Arnórsson. Fylgiskjal, dags. 3. janúar 1919.

nauðsyn væri á endursamningu landamerkjálaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjálaga. Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihlutinn landbúnaðarnefndar hneigðist að.¹⁶

Af þessu má sjá að árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um merkjalýsingar samkvæmt lögum nr. 5/1882. Svo miklar að talið var að; „*Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöld, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.*“ Lagt var því til í lagafrumvarpi 1917 að öll landamerki skyld að nýju rannsökuð og landamerkjaskrár skyldu allar gerðar af nýju.

Dæmi um merkjalýsingu fyrir árið 1919 eru landamerkjabréf allra fyrrnefndra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Haukdals og Stapadals. Einnig landamerkjabréf Hokinsdals, Skóga í Mosdal og Kirkjubóls sem er frá 1922. Tvö landamerkjabréf Skóga frá 1892 og 1922 sýna mikinn mun á landamerkjálýsingum fyrir og eftir gildistöku laga 41/1919.

Um lög nr. 41/1919 um landamerki o.fl.

Stjórnvöld hafa aldrei með vísan til laga nr. 41/1919 um landamerki ofl. farið fram á það við eigendur jarða á annesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar utan Stapadals og Haukadals að sett verði landamerki á milli jarðanna, sbr. 1. gr. laganna. Sama á við um eigendur Hokinsdals og Skóga og Laugabóls í Mosdal. Landeigendur hafa heldur aldrei verið krafðir af stjórnvöldum um að lýsa landamerkjum til fjalla í löggilta landamerkjabók er stjórnvöld halda og hafa í vörslum sínum. Ástæður fyrir því eru augljósar, engin þörf hefur verið á því og engar deilur hafa verið þar um landamerki. Kröfufsvæði ríkisins á Sléttanesi (annesinu) og á Langanesi eru ekki það sem eldri lög kalla þrætuland.

Sérstaklega er tekið fram í 6. gr. laganna, að jafnskjótt og þau koma til framkvæmda skuli sýslumenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka hvort merkjaskrár hafi verið þinglýst. Komi í ljós að svo hafi ekki verið eða samþykki aðila vanti, er tekið fram að sýslumaður skuli bjóða landeiganda að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og láta þinglýsa henni samkvæmt lögnum. Einnig er þar tekið fram í lögnum að sýslumenn og hreppstjórar skuli gefa því gætur að ákvæðum laganna um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.

Í athugasemdum frumvarps við 6. gr. laganna segir eftirfarandi: *Ef nokkurn reka á að gera að því, að halda glöggum landamerkjum, sýnist ekki hjá því komist að rannsaka, hvaða merkjaskrár hafi þinglýstar verið, og að skylda manna til að bæta úr misfellum, sem í því efni finnast. Síðari málsg. Skyldar bæði sýslumenn og hreppstjóra til að gæta þess sérstaklega eftirleiðis, að lögnum verði fylgt.*

Hvorki sýslumenn né hreppstjórar hafa sinnt þessari lagaskyldu sinni. Engin merkjagerð, merkjaskrár eða viðhald merkja hefur verið hvorki til fjalla né annars staðar. Það hefur hvorki verið gert vegna landamerkjabréf sem voru gerð fyrir gildistöku núgildandi laga nr. 41/1919 né eftir. Íslenska ríkið hefur því ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt þessum lögum frá Alþingi frá setningu þeirra. Ríkið hefur t.d. ekki gert athugasemdir við að í landamerkjabréfum Skóga og Kirkjubóls í Mosdal frá 1922 sé talað um að *eftir því sem vötnum hallar til Skógalandis/Kirkjubólslands* sem merki. Það teljast ekki glögg merki af völdum náttúrunnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1919.

¹⁶ Þess má geta að höfundur laganna Einar Arnórsson, þingmaður og lagaprófessor, var einnig höfundur fosslaganna, þar sem einnig var farin meðalvegur á milli andstæðra sjónarmiða.

Sama má segja um framkvæmd laga nr. 6/1986 um afréttarmáefni, fjallskil ofl, a.m.k. hvað varðar svokallaða afréttarskrá. Land kröfussvæðisins sem hér um ræðir er ekki á afréttarskrá og hefur aldrei verið enda er það hvorki afréttarland né almenningur. Ljóst er að lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta er ætlað að ná til afrétta og almenninga, líkt og kemur fram í fyrstu setningu athugasemda í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998, sem er eftirfarandi:

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar.

Ríkið getur því ekki byggt kröfugerð sína í land á svæðinu á því að landamerkjalyking í landamerkjabréfum sé óljós þegar ríkið sjálft ber ábyrgð á framfylgd laga um þau. Landeigendur bera ekki halla af þessari vanrækslu ríkisins á framfylgd laganna og eru landamerki á milli jarða einkaréttarlegt mál á milli aðila og framkvæmd laga um opinbera skráningu þeirra í höndum ríkisins líkt lög nr. 41/1919 um landamerki ofl. kveða á um.

Í 2. gr. segir að landeigandi skuli við gerð landamerkjalykingar í landamerkjaskrá „sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi.“ Sýnir þetta að landamerkjalyking á milli landeigenda er einkaréttarlegt mál á milli landeigenda og er ekki á verksviði Óbyggðanefndar úrskurða um þau.

Þegar Lokinhamarheiðin á milli Lokinhamradals og Haukadals er gengin er farið yfir mörk aðliggjandi jarða, Lokinhamra og Haukadals. Þessum landamerkjum er ekki lýst í landamerkjabréfi. Það þýðir ekki að jarðirnar séu ekki aðliggjandi. Annað dæmi eru landamerki á milli Stapadals og Haukadals, Lokinhamra og Hrauns o.s.frv. Sama á við um mörk annarra jarða á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Í kröfulýsingu ríkisins (k. 5.1, bls. 157) segir að, „þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerð að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja.“ Í engu landamerkjabréfi nema einu er minnst á fjallsbrún. Það er í landamerkjabréfi Skóga frá 18. febrúar 1892. Nýtt bréf var gert árið 1922 sem markar land ofan fjallsbrúnar eftir því sem vötnum hallar að Skógalandi. Annað bréf frá Kirkjubóli 1922 gerir það sama, líkt og að ofan greinir.

Hugtakið fjallsbrún sem ríkið notar í kröfugerð sinni og á sér enga stoð í landamerkjabréfum sem ekki nota það orð. Gerir það ekki einu sinni í landamerkjabréfi Skóga 1891, þar sem það er notað. Vestfirðir eru mjög fjalllent svæði með mjög lítið undirlendi, og segir það sig sjálft að landamerkjabréf tala oft um fjallshlíðar, þar sem landamerki er dregið frá fjöru til fjalls. Lok tilvitnaðar setningar sýnir að ríkið byggir kröfugerð sína á því að geta dregið punkta á milli landamerkja, punkta sem ríkið setur á landamerkjalínur jarðanna og eru frá fjöru til fjalls.

Kröfugerð ríkisins á þessu annesi Vestfjarða virðist eingöngu byggja á því að fjallstoppar eru tiltölulega flatir á svæðinu. Kröfugerðin byggir því á halla fjallstoppa en ekki hæð. Séu fjöll annessins sundurskorin, þverhnipt eða án sjáanlegrar fjallsbrúnar gerir ríkið engar kröfu í land, enda gerir ríkið enga kröfu í land á svæðinu á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar frá Veturlandafjalli að Hrafnseyrarheið og Hrafnseyri. Er hér um meira en 20 kílómetra inn með Arnarfirði að ræða. Augljóst er af þessu að krafa ríkisins byggir í raun eingöngu á því hvernig lega fjallstoppanna er á svæðinu. Hér virðist ríkið vera að beita aðferðarfræði á annes á Vestfjörðum sem hefur engin tengsl við svæðið og á kannski meira

heima inni á miðhálandi Íslands. Með engu móti er hægt að yfirfæra þessa aðferðarfræði á umrætt svæði, einangrað annes á milli tveggja fjarða. Á það í raun við um stóra hluta Vestfjarða.

Áskilnaður og fyrirvari

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum til stuðnings kröfulýsingu þessari á síðari stigum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð gerist þess þörf.


Fyrirvari er gerður við markalínur jarða sem settar eru á kröfulínukort. Þær eru teiknaðar með vísan til reglunnar um að til fjalla ráði vatnahalli merkjum. Byggir hún á Landbrigðabálki Jónsbókar, kap. 6, Um landamerki og lagakaup, þar sem segir: „*Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast millum heraða, ok eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki.*“ Markalínurnar eru ekki settar með vísan til laga nr. 41/1919, sbr. 2. gr. Landamerki á milli aðliggjandi jarða á svæðinu er einkaréttarlegt mál eigenda jarðanna og ekki á sviði Óbyggðanefndar að úrskurða um þau enda hefur nefndin ekki heimild í lögum nr. 58/1998 að kveða á um landamerki á milli eignarlanda jarða í úrskurðum sínum. Einungis mörk þjóðlendna og eignarlanda, sbr. 7. gr.

----- oooo000oooo-----

Fylgiskjöl:

- Sögur og sagnir – Haukadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/haukadalur/>
- Örnefnaskrá Haukadals. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16657>
- Örnefnaskrá Haukadals. Páll Bjarnason og Ari Gíslason skráðu. Örnefnastofnun.
Sjá link: <https://nafnid.is/ornefnaskra/16660>
- Sögur og sagnir – Stapadalur. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/stapadalur/>
- Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I,
Sjá einnig: <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>
- Sögur og sagnir – Sveinseyri. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/sveinseyri/>
- Sigurður Vigfússon. Rannsókn um Vestfirði 1882 – einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 3. árgangur 1883.
Sjá einnig: <https://timarit.is/page/2046136?iabr=on#page/n31/mode/2up>
- Sögur og sagnir – Svalvogar. Sett inn 20. febrúar 2019. Höfundur: Kjartan Ólafsson
Sjá link: <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/svalvogar/>
- Eyjólfur Ármannsson. Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum - Almennningar skulu vera sem að
fornu hafa verið og þjóðlendur nútímans. Bændablaðið, 5. tölublað 11. mars 2021, bls. 32.
Sjá link: <https://www.bbl.is/media/1/bbl5.tbl.2021web.pdf>

22. mars 2021



Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur LL.M.